


birta

**ÞORGRÍMUR HARALDSSON**

*Hver er hann þessi Toggi?*

Tíðarandi tíska matur

**BIRTA FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

**SIGURÐUR RÚNAR ÁSGEIRSSON**

*Dögurður endurvakinn*

Matur Tilboð

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**




**SIRKUS**

*Nýtt Rokk í Reykjavík*

Ekki missa af þessu á Airwaves

**SIRKUS Í MIÐJU FRÉTTABLAÐSINS**






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. október 2006 — 281. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR

### Dómur um Mýrina



„Ingvari tekst að gæða Erlend lífi og er einfaldlega svo sterkur leikari að hann gerir Erlend að sínum,“ segir Þórarinn Þórarinsson.

MENNING 40

### Fékk sér indverskan mat



Harrison Ford borðaði á Austur-Indíafélaginu og sá tónleika á Airwaves.

FÓLK 54

### Hleranir

„Það er líka með ólíkindum, að þeir Jón Baldvin og Árni Páll skuli ekki hafa skýrt frá grun sínum fyrr en að liðnum röskum áratug,“ segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Í DAG 26

### Atli til KR



KR hefur keypt Eyjapeyjann Atla Jóhannsson frá ÍBV og hann verður kynntur sem leikmaður KR í dag sem og Grindvíkingurinn Óskar Örn Hauksson.

ÍÞRÓTTIR 48

## VEÐRIÐ Í DAG




**HVASST SUÐAUSTAN TIL** - Í dag verða norðaustan 5-20 m/s hvassast sunnan Vatnajökuls. Stöku skúrir eða slydduél norðaustan og austan til annars yfirleitt bjart veður. Hiti 3-8 stig að deginum, mildast syðra.

# Paul Watson ætlar að koma með tvö skip til landsins

**Paul Watson, forseti umhverfissamtakanna Sea Shepherd, líkir hvalveiðum Íslendinga við kjarnorkutilraunir Norður-Kóreu. Árið 1986 sökkti Watson tveimur hvalveiðiskipum í Reykjavíkurhöfn.**

**HVALVEIÐAR** Paul Watson, stofnandi og forseti umhverfissamtakanna Sea Shepherd, kallar Íslendinga „Norður-Kóreu hvalveiðiþjóða sem sýna almenningsáliti alls heimsins fyrirlitningu og hafa að engu regluverk alþjóðalaga“, í viðtali við Fréttablaðið. Hann líkir þannig atvinnuhvalveiðum Íslands við kjarnorkutilraunir Norður-Kóreu.

„Það sem Ísland er að gera er glæpur og við ætlum okkur að senda tvö skip til Íslands næsta sumar til að hindra atvinnuhvalveiðarnar,“ heldur Watson áfram. „Langreyður er í útrýmingarhættu og ef Íslendingar drepa eina langreyði er þjóðin sek um að brjóta reglur Alþjóðahvalveiðiráðsins og CITES-samninginn um alþjóðaverslun með tegundir sem eru í útrýmingarhættu.“



> Það sem Ísland er að gera er glæpur og við ætlum okkur að senda tvö skip til Íslands næsta sumar ...
>
> **PAUL WATSON**
> FORSETI SEA SHEPHERD

Það er mörgum Íslendingum í fersku minni þegar útsendarar Sea Shepherd samtakanna sökktu hvalveiðiskipunum Hval 6 og Hval 7 í Reykjavíkurhöfn fyrir tuttugu árum, auk þess að stórskemma tækjabúnað í Hvalstöðinni í Hvalfirði. Þessar aðgerðir samtakanna vöktu hörð viðbrögð stjórnvalda og annarra umhverfissamtaka og Grænfriðungar sáu til dæmis ástæðu til að senda Steingrími Hermannssyni, þáverandi forsætisráðherra, bréf, þar sem verknaðurinn var fordæmdur.

„Við munum gera ráðstafanir vegna þessara ólöglegu veiða,“ fullyrðir Watson. „Við sökktum tveimur íslenskum hvalveiðiskipum á sínum tíma og réðumst á hvalvinnslustöðina. Alþjóðasamþykktir neyða okkur til að grípa inn í og sjá til þess að lög um umhverfisvernd séu virt.“

Watson segir að tvö af þremur skipum samtakanna séu í dag nýtt til að mótmæla hvalveiðum Japana í Suðurhöfum en eitt sé staðsett við Galapagos-eyjar, meðal annars til að koma í veg fyrir hákarlaveiðar. Watson staðfesti það sem kom fram í kanadískum fjölmiðlum fyrir nokkru að hann hyggist kaupa nýtt skip til að bregðast við „umhverfisglæpum eins og þeim sem Íslendingar drýgja“.

- shá



**MÁLIN RÆDD** Auðkýfingurinn og ríkisstjórinn Roman Abramovich heimsótti Orkuveitu Reykjavíkur í gær ásamt Kamil Iskhakov, sérlegum fulltrúa Pútíns Rússlandsforseta, og Ólafi Ragnari Grímssyni forseta Íslands. Abramovich, sem þekktastur er fyrir að eiga knattspyrnuliðið Chelsea, er staddur hér á landi sem ríkisstjóri Chukotka-héraðs í Síberíu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Handteknir fyrir fíkniefnasmygl:

## Með hálft kíló af kókaíni

**LÖGREGLUMÁL Þrír karlmenn eru í haldi lögreglunnar í Reykjavík, sem rannsakar tilraun þeirra til að smygla nálægt fimm hundruð grömmum af kókaíni til landsins.**

**Mennirnir komu til landsins fyrir síðustu helgi með flugi frá Kaupmannahöfn. Þangað höfðu þeir komið frá Hollandi, þar sem þeir fengu efnin. Þeir voru handteknir við komuna til landsins og fundust þá fíkniefnin í fórum þeirra. Þeir voru færðir til yfirheyrslu og í framhaldi af því úrskurðaðir í gæsluvarðhald til næsta þriðjudags.**

**Mennirnir eru milli þrítugs og fimmtugs. Þeir hafa áður komið við sögu lögreglunnar vegna fíkniefnabrota, en þau hafa ekki verið stórvægileg, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.**

**Yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík segir málið vera til rannsóknar.**

- jss

Utanríkisráðherra kynnir breyttar áherslur í friðargæslu Íslands:

# Ljósmæður í friðargæsluna

**STJÓRNMÁL** Íslenskar ljósmæður munu halda námskeið í móttöku barna í Afganistan á vegum íslensku friðargæslunnar. Um leið verður dregið úr þeirri starfsemi sem friðargæslan hefur haft með höndum í landinu. Þó eru líkur á að Íslendingar annist yfirtöku heimamanna á stjórn Kabúl-flugvallar.

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra skýrði utanríkismálanefnd Alþingis frá breyttum áherslum íslensku friðargæslunnar á fundi í gærmorgun. Eftirleiðis verður áhersla friðargæslunnar á fjórum sviðum; á sviði löggæslu og réttarfars, flugmála og flugvallastjórnunar, fjölmiðlunar og upplýsingamála og á sviði heilbrigðismála.

„Við ætlum að mýkja ásýnd friðargæslunnar og færa hana enn meira yfir á borgaraleg svið. Við höfum mikla reynslu og höfum getið okkur gott orð þar sem við höfum komið að málum á þessum sviðum,“ sagði Valgerður í gær. Hún kvað of fáar konur hafa starfað í friðargæslunni til þessa og telur að með nýjum áherslum kunni áhugi kvenna að vakna.

Ekki liggur fyrir hvað breyttar áherslur friðargæslunnar munu kosta, né heldur hve margir munu fara til starfa á erlendum vettvangi.

- bþs



**BREYTT FRIÐARGÆSLA** Utanríkisráðherra fer yfir málin með starfsmönnum ráðuneytisins fyrir fund utanríkismálanefndar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







**SPURNING DAGSINS**



*Árni, er hvalafullt á að horfa?*

„Já, maður sýpur hveljur við að horfa upp á stjórnvöld senda hvalveiðibát út á ballarhaf án þess að hafa vinnsluleyfi fyrir hvalkjötið."

Hvalveiðar frá Íslandi eru hafnar á ný eftir áralanga bið, en Hvalstöðin í Hvalfirði hefur ekki starfsleyfi til matvælavinnslu. Árni Finnsson er formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands.

Íslenski sendifulltrúi segir breska sjávarútvegsráðherrann hunsa upplýsingar:

# Bretar nota þau rök sem henta

**HVALVEIÐAR** Haukur Ólafsson, sendifulltrúi í íslenska sendiráðinu í Bretlandi, segir Ben Bradshaw, sjávarútvegsráðherra Breta, hafa allar nauðsynlegar upplýsingar um stofnstærð langreyðar og hrefnu en hann kjósi hins vegar að nýta þær ekki í málflutningi sínum um atvinnuhvalveiðar Íslendinga. Bradshaw sagði í viðtali við breska ríkisútvarpið, BBC, á miðvikudag að ákvörðun Íslendinga væri óskiljanleg og heimsbyggðinni réttilega misboðið. Hann lætur einnig að því liggja að vísindaveiðar á hrefnu sé fyrirsláttur til að geta veitt hval.



**BEN BRADSHAW** Sjávarútvegsráðherra Breta er stórýrtur í garð Íslendinga. Hann segir ákvörðun um atvinnuhvalveiðar óskiljanlega. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Menn nota þau rök sem henta þeim og hann kýs að nýta ekki þær upplýsingar að langreyðarstofninn við Ísland telji um 25 þúsund dýr og Atlantshafssjávarspendýraráðið og vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins hafa staðfest það," segir Haukur.

Bradshaw hefur kallað sendiherra Íslands í Bretlandi, Sverri Hauk Gunnlaugsson, á sinn fund í næstu viku. Þar ætlar hann að greina Sverri frá afstöðu breskra stjórnvalda til atvinnuhvalveiða Íslendinga.

Haukur segir það skoðun sendiráðsins að hvalveiðarnar hafi ekki vakið mikla athygli í Bretlandi og fjölmiðlaumfjöllun sé lítil. - shá

Maður handtekinn á Siglufirði:

# Ölvaður með skotvopn

**LÖGREGLUMÁL Sérsveit Ríkislögreglustjórans á Akureyri handtók í fyrrakvöld mann á Siglufirði eftir tilkynningu um að töluvert ölvaður maður væri vopnaður skotvopni í heimahúsi. Hann hafði hleypt af byssu í þrígang inni í bílskúr. Hafði hann skotið í ruslapoka og hlaut því enginn skaða af.**

**Maðurinn kom sjálfviljugur út úr húsinu og var handtekinn. Hann er á fertugsaldri og hefur ekki komið við sögu lögreglu áður vegna sambærilegra mála. Yfirheyslur stóðu yfir fram eftir degi í gær en til stóð að sleppa manninum að þeim loknum.** - þsj

Skuggahliðar internetsins:

# Einn áttundi haldinn netfíkn

**BANDARÍKIN** Einn af hverjum átta Bandaríkjamönnum á við netfíkn að stríða, að því er kemur fram í niðurstöðum rannsóknar Stanford-háskólans í Kaliforníu. Hegðun netfíkla einkennist helst af áráttukenndri netnotkun og sífelldri athugun á tölvupósti, vefsíðum og spjallsvæðum. Þetta segir á vef fréttastofu BBC.

Dr. Elias Aboujaoude, einn þeirra sem stóðu að rannsókninni, segir vandamálin sem internetið skapar oft gleymast. - sþs



**FUNDAÐ UM NORÐUR-KÓREU** Utanríkisráðherrar Suður-Kóreu, Bandaríkjanna og Japans funduðu í Seúl í gær og ræddu meðal annars um kjarnorkutilraunir Norður-Kóreumanna. Frá vinstri: Taro Aso, utanríkisráðherra Japan, Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna og Ban Ki Moon, utanríkisráðherra Suður-Kóreu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Kínverjar milda Kim Jong-Il með gjöfum

**Enn eykst pressan á Norður-Kóreu um að hætta við kjarnorkuframleiðslu sína. Í gær funduðu talsmenn Bandaríkjanna, Japans og Suður-Kóreu um málið og Kínverjar sendu hátt settan embættismann til Norður-Kóreu.**

**KÍNA, SUÐUR-KÓREA, AP** Kínverska ríkisstjórnin reyndi í gær að bæta samskiptin við Norður-Kóreu með því að senda hátt settan embættismann til fundar við Kim Jong-Il, leiðtoga Norður-Kóreu. Embættismaðurinn færði Kim persónulega gjöf frá Hu Jintao, forseta Kína, þó ekki hefði komið fram hver sú gjöf var.

Óvíst er hver niðurstaða fundarins var, en að sögn Liu Jianchao, talsmanns utanríkisráðherra Kína, ræddu Kim og embættismaðurinn ítarlega um kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu.

Á sama tíma fundaði utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Condoleezza Rice, með utanríkisráðherrum Suður-Kóreu og Japans, Ban Ki Moon og Taro Aso.

„Við viljum halda samningaleiðinni opinni, við viljum ekki auka á óstöðugleikann," sagði Rice á blaðamannafundi í Seúl og bætti við að hún vonaðist eftir að samningaumleitanir Kínverja bæru árangur. Jafnframt tók hún fram að samskipti Suður-Kóreu og Bandaríkjanna væru afar sterk þessa dagana.

Þó segja fréttaskýrendur að ekkert bendi til þess að stjórnvöld í Suður-Kóreu ætli sér að taka upp harða afstöðu Bandaríkjanna gegn kommúnistaríkinu. Kjarnorkutilraun Norður-Kóreu olli uppnámi í alþjóðasamfélaginu. Þrátt fyrir hörð viðbrögð hefur norðurkóreska ríkisstjórnin ekki samþykkt að láta af frekari prófunum og er talið að hún sé að undirbúa aðra tilraun.

„Það ætti aldrei að koma til annarrar kjarnorkusprengjutilraunar, því það myndi eingöngu gera ástandið enn verra," sagði Ban, sem jafnframt er verðandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna. Kína, sem löngum hefur verið sterkasti stuðningsaðili Norður-Kóreumanna og verið þeim innan handar með matargjafir og eldsneyti, virðist þó vera að missa þolinmæðina gagnvart Kim og stjórn hans. Heimsókn kínverska embættismannsins þykir benda til þess að Kínverjar séu nú að reyna að beita Norður-Kóreumenn frekari þrýstingi til að snúa aftur að samningaborðum sex þjóða um kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu. Auk Kína og Norður-Kóreu taka Suður-Kórea, Bandaríkin, Japan og Rússland þátt í þeim viðræðum. smk@frettabladid.is

Héraðsdómur Reykjaness:

# Sýknaður af árás á lögreglu

**DÓMSMÁL** Ungur maður var í gær sýknaður af ákæru um að hafa brotið gegn valdstjórninni í mars síðastliðnum með því að hafa tekið lögreglumann hálstaki. Lögreglumaðurinn sakaði manninn um að hafa veist að sér með ofangreindum hætti til að losa félaga sinn sem lögreglan hafi haft afskipti af. Maðurinn neitaði sök og sagðist einungis hafa snert öxl lögreglumannsins sem hafi á móti úðað á hann með varnarúða. Fjölmörg vitni komu fyrir dóminn og staðfestu frásögn hans. - þsj

Bílvelta í Borgarfirði:

# Próflaus á stolnum bíl

**LÖGREGLUMÁL** Próflaus ökumaður á stolnum bíl keyrði út af í Borgarfirði í gær. Bílveltan varð við Dalsmynni í Norðurárdal síðdegis í gærdag.

Grunur leikur á að bílstjórinn, sem var 16 ára stúlka, hafi verið undir áhrifum fíkniefna. Einn farþegi var í bílnum og reyndist hann með ökuskírteini.

Við leit í bílnum fundust hnífar og kylfur og var ökumaðurinn handtekinn.

Samkvæmt upplýsingum vakthafandi lögreglumanns var bíllinn töluvert skemmdur en engin slys urðu á fólki. - hs

**FRÍSTUNDAHEIMILI**

**150 börn bíða**

Nú bíða 150 börn eftir að komast að á frístundaheimilum í Reykjavík. Enn vantar 34 starfsmenn á frístundaheimilin en 2.274 börn eru þegar komin inn.

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Vegna bilunar í prentsmiðju er Fréttablaðið minna en venjulega í dag. Einstaka efnisþættir duttu því út úr blaðinu.



**LANGAR BIÐRAÐIR** Þúsundir farþega Finnair sátu fastir í Helsinki í gær.

Finnair flugfélagið:

# 1.500 starfsmenn í verkfalli

**FINNLAND, AP** Þúsundir finnskra farþega komust ekki leiðar sinnar í gær þegar fimmtán hundruð flugþjónar finnska flugfélagsins Finnair lögðu niður störf. Nærri allt millilandaflug fyrirtækisins lá því niðri í gær þótt nokkrar vélar flygju bæði til Evrópu og innanlands.

Verkfallið hófst daginn fyrir leiðtogafund Evrópusambandsins, sem haldinn er í Suður-Finnlandi í dag.

Flugþjónarnir eru ósáttir við nýjar reglur fyrirtækisins varðandi ráðningar, en fyrirtækið ætlar að ráða starfsfólk í gegnum dótturfyrirtæki sitt í Eistlandi á lægri launum en finnskt starfsfólk. Samningaviðræður munu halda áfram í dag. - smk




Stjórnsýsluúttekt Deloitte á rekstrinum hjá Strætó bs.:

# Pólitísk afskipti skaða Strætó

**STRÆTÓ** Pólitísk afskipti af daglegri starfsemi Strætó bs. eru skaðleg fyrirtækinu og óljóst hver stefna fyrirtækisins er. Þetta kemur fram í nýrri stjórnsýsluúttekt á Strætó sem endurskoðunarfyrirtækið Deloitte gerði að beiðni stjórnar fyrirtækisins.

Í niðurstöðum skýrslunnar, sem var kynnt í gær, segir einnig að ekki virðist ríkja fullkomin samstaða og trúnaður meðal æðstu stjórnenda Strætó bs. og hafi það sérstaklega endurspeglast í innleiðingu og hönnun nýja leiðakerfisins.



**STRÆTÓ** Í tilkynningu frá núverandi stjórn Strætó fagnar hún því að geta notað niðurstöður úttektarinnar í stefnumótunarvinnu sinni.

Núverandi stjórn Strætó fagnar því að geta notað niðurstöður úttektarinnar í stefnumótunarvinnu sinni þegar er hafin, að því er segir í tilkynningu frá fyrirtækinu.

Ármann Kr. Ólafsson stjórnarformaður segir að í niðurstöðum úttektarinnar sé ekki verið að gagnrýna að stjórn Strætó sé pólitísk heldur sé verið að tala um þá sveitarstjórnarmenn sem reyna að hafa áhrif á fyrirtækið í gegnum óskilgreindar leiðir.

„Þeir pólitísku fulltrúar sem ekki eru í stjórn reyna að hafa áhrif á reksturinn eftir óformlegum boðleiðum, og það er eitthvað sem stjórnin þarf að taka á," segir Ármann. - sþs

www.toyota.is

# Stórsýning hjá Toyota Kópavogi

## Hybrid er engin framtíðarsýn, Hybrid er núna!




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33766 09/2006

● Skoðaðu ljósmyndasýningu Rebekku á strætóskýlum víðsvegar um höfuðborgarsvæðið.

## Hybrid - umhverfið á það skilið.

Toyota hefur sett sér markmið: að búa til bíl sem mengar ekki. Leiðin að því markmiði hófst með þróun Hybrid-tækninnar sem tvinnar saman kraft bensínvélarinnar og sparneytni og hreinleika rafmagnsvélar þannig að þú sparar og umhverfið græðir.

Á Hybrid-sýningunni færðu að vita allt um þessa byltingarkenndu tækni sem Toyota nýtir í Prius og Lexus í GS 450h og RX400h. Hybrid er engin framtíðarsýn, Hybrid er núna.

Komdu á Hybrid-sýningu hjá Toyota við Nýbýlaveg, sjáðu og prófaðu bílana, njóttu léttra veitinga og ljósmyndasýningar Rebekku Guðleifsdóttur.

Sýningin er opin frá 12 til 17 á laugardaginn.

HYBRID SYNERGY DRIVE
*The power to move forward*

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

## GENGIÐ 19.10.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,97 | 68,29 |
| Sterlingspund | 127,00 | 127,62 |
| Evra | 85,36 | 85,84 |
| Dönsk króna | 11,449 | 11,515 |
| Norsk króna | 10,065 | 10,125 |
| Sænsk króna | 9,224 | 9,278 |
| Japanskt jen | 0,5723 | 0,5757 |
| SDR | 99,91 | 100,51 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
118,1458

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aðalfundur Landsambands íslenskra útvegsmanna:

# Verjast þarf botnvörpubanni

**SJÁVARÚTVEGUR** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra gerði hvalveiðar, hugsanlegt bann við botnvörpuveiðum í úthöfunum og ákvörðun um hámarksafla að umtalsefni í ræðu sinni á aðalfundi Landsambands íslenskra útvegsmanna sem hófst á Hótel Nordica í gær.

Einar hóf mál sitt með því að fjalla um ákvörðun um atvinnuhvalveiðar en gerði svo hugsanlegt bann við veiðum með botnvörpu í úthöfunum að umræðuefni. Slíkt bann var fyrir skemmstu til umfjöllunar í fyrri lotu viðræðna um fiskveiðiályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Einar varaði við öllum hugmyndum sem geta leitt til yfirþjóðlegrar stjórnar fiskveiða í heiminum. Taka verði þessa umræðu alvarlega og berjast af öllum mætti gegn því að slíku banni verði komið á.

Einar ræddi ákvörðun sína síðastliðið sumar að breyta aflareglu þorskstofnsins en halda veiðihlutfalli óbreyttu. Ráðherra segir að eftir þessa breytingu þurfi að velja uppbyggingarleið til framtíðar. Til að vísa veginn hafi Hagfræðistofnun Háskóla Íslands verið fengin til að gera úttekt á þjóðhagslegum áhrifum af breyttri aflareglu og skoða áhrif af mismunandi veiðihlutfalli á þorski. „Það er von mín að þessi vinna skili okkur fram á veginn til hagsbóta fyrir íslenskan sjávarútveg.“ **- shá**



**FRÁ AÐALFUNDI** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hélt ávarp í upphafi aðalfundarins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Netbræði í Bretlandi:

## Barði mann eftir netrifrildi

**BRETLAND Breskur netnotandi hefur verið fundinn sekur í máli sem kallað hefur verið fyrsta netbræðismálið þar ytra. Eftir að hafa hnakkrifist við annan mann á spjallsíðu leitaði sakborningurinn, Paul Gibbons, uppi heimilisfang viðmælanda síns, keyrði yfir hundrað kílómetra heim til hans og barði hann með axarskafti. Þetta kemur fram á vefsíðu fréttastofu BBC.**

**Gibbons játaði sekt sína fyrir dómi og á yfir höfði sér fangelsisvist. Rifrildið örlagaríka átti sér stað á spjallsvæði sem tileinkað er umræðum um Íslam. - sþs**



**CAMILLA OG KARL BRETAPRINS** Breskur ríkisborgari verður ekki tekinn af lífi í Pakistan meðan á heimsókn hjónanna stendur þar í landi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dauðadæmdur Breti:

## Aftöku seinkað um 60 daga

**PAKISTAN, AP Breskur ríkisborgari, sem taka átti af lífi í Pakistan meðan á opinberri heimsókn Karls Bretaprins og Camillu Parker Bowles eiginkonu hans stæði, verður ekki líflátinn fyrr en í lok ársins.**

**Aftökunni var frestað eftir að stjórnvöld í Bretlandi höfu afskipti af málinu, og var haft eftir Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, að það væri „mjög alvarlegt“ ef Mirza Tahir Hussain yrði tekinn af lífi meðan á heimsókninni stæði.**

**Hussain, 36 ára, var fundinn sekur um að myrða leigubílstjóra árið 1988 og hefur setið í fangelsi í Pakistan síðan. - smk**

# Úrvalið af mjólkurvörum stórminnkar

**Úrvalið í matvöruverslunum minnkar verulega á starfssvæði Mjólkursamlagsins í Búðardal á næstunni þar sem ekki er lengur hægt að panta mjólkurvörur frá Búðardal heldur verður að panta heilar og hálfar pakkningar frá Reykjavík.**

**MJÓLKURVÖRUR** Vöruúrval í verslunum minnkar á næstunni á starfssvæði Mjólkursamlagsins í Búðardal vegna skipulagsbreytinga sem hafa átt sér stað. Mjólkursamlagið í Búðardal mun einbeita sér að vinnslu mjólkurafurða og verða verslanir á svæðinu frá norðanverðu Snæfellsnesi að Barðastrandarsýslu og Vestur-Húnavatnssýslu að panta vörur frá MS í Reykjavík.

„Við þurfum að panta allt í heilum og hálfum pakkningum frá MS og það er hið versta mál fyrir svona lítið bæjarfélag. Þetta kemur sér sérstaklega illa þegar um er að ræða vörur sem lítil hreyfing er á,“ segir GestrúnSveinsdóttir, verslunarstjóri í Jaðarkaupum á Tálknafirði.



**GUÐBRANDUR SIGURÐSSON**

Gestrún nefnir sem dæmi gráðost. „Það er engin roksala í honum en alltaf einhverjir sem vilja. Ég verð að taka pakkningu með tólf ostum sem þýðir birgðir fyrir mig í fjóra til fimm mánuði en osturinn hefur kannski bara þriggja mánaða sölutíma. Ég verð því annað hvort að henda afganginum í ruslið eða sleppa því að panta hann,“ segir hún.

Gestrún telur ljóst að nýja fyrirkomulagið þýði miklu minna vöruúrval fyrir fólk á svæðinu. „Maður hefur reynt að hafa sem flestar tegundir á boðstólum en ég reikna með að að nú verði maður að reyna að panta eftir því sem selst og finna einhvern milliveg, panta ekki það sem lendir í tunnunni,“ segir hún.





**MJÓLKURVÖRUR FRÁ BÚÐARDAL** Hætta er á því að úrvalið af mjólkurvörum minnki í verslunum á starfssvæði Mjólkursamlagsins í Búðardal á næstunni.

Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri MS, segir að breytingin hafi átt langan aðdraganda. Ákveðið hafi verið að þjóna sölu- og markaðsmálum sem mest frá Reykjavík. Þannig geti starfsmenn í mjólkurbúunum einbeitt sér betur að framleiðslunni.

„Við gerðum sambærilega breytingu á Blönduósi í sumar og gerum ráð fyrir að breyta þessu á Selfossi snemma á næsta ári. Þá munum við þjóna öllum miðlægt og teljum okkur þannig tryggja jafngóða þjónustu á öllu landinu,“ segir hann.

Guðbrandur segir að því miður hafi MS þurft að setja reglur um magn í pöntun. Eftir mikla skoðun hafi verið ákveðið að afgreiða bara heilar og hálfar pakkningar. Búðardalur hafi jafnvel selt eina jógúrtdós í einu en því miður sé það ekki hægt.

„Ég skil þessi sjónarmið og virði þau fullkomlega en það eru takmörk fyrir því hvað við getum gert,“ segir hann.

**ghs@frettabladid.is**

Leiðtogar ESB hittast í Lahti:

## Vilja átak gegn loftmengun

**LAHTI, AP** Evrópa á miklar hamfarir á hættu af völdum gróðurhúsaáhrifanna nema þjóðir álfunnar grípi til róttækra ráðstafana til að draga úr loftmengun af brennslu hefðbundins eldsneytis eins og olíu og kola. Þessa brýningu sendu forsætisráðherrar Bretlands og Hollands, Tony Blair og Jan Peter Balkenende, kollegum sínum í leiðtogaráði Evrópusambandsins, en það kemur saman í Lahti í Finnlandi í dag. Orku- og umhverfismál verða ofarlega á dagskrá fundarins, en á hann mætir líka Vladimír Pútín Rússlandsforseti. **- aa**



**TONY BLAIR**

Hvalveiðar:

## Ekki fundið langreyði ennþá

**HVALVEIÐAR Hvalveiðiskipið Hvalur 9 hefur leitað að langreyði á miðunum vestur af landinu en enga fundið. Skipið var að leit hundrað mílur út af Breiðafirði þegar síðast spurðist.**

**Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði Sigurður Njálsson og áhöfn hans aðeins orðið var við smáhveli á miðunum en mórallinn um borð er samt góður. „Þeir skemmta sér alveg konunglega um borð enda fagnaðarfundir hjá mörgum þeirra.“**

**Ástæðan fyrir því að engin langreyður hefur fundist stafar af stuttum leitartíma, Hvalur 9 er einskipa og langreyðurin er mikið til farin í heitari sjó á þessum tíma. - shá**

### SVEITARSTJÓRNARMÁL

**Lúðvík hættir í bæjarstjórn**

Lúðvík Bergvinsson alþingismaður hefur sagt sig úr bæjarstjórn Vestmannaeyja. Lúðvík hefur ákveðið að bjóða sig fram í 4. sæti Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi og hættir til að geta einbeitt sér að komandi kosningabaráttu.

BÍLL DAGSINS
ISUZU TROOPER 3.0 33”
Nýskr. 01.99 - Beinskiptur - Ekinn 165 þús. - Allt að 100% lán.





Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**KALT NÆSTU VIKU**
Gangi spár eftir eru horfur á að frá og með sunnudeginum kólni all nokkuð á landinu. Eru horfur á að strax á mánudag verði frost víða um land sem haldast muni fram eftir næstu viku.

**HELGIN**
Helgin verður yfirleitt björt sunnan og vestan til en skýjað og ýmist skúrir eða él á Norðaustur- og Austurlandi. Sem betur fer verður vindur fremur hægur um helgina.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Norðaustan 5-8 m/s. Léttskýjað. Hiti 0-4 stig.

um hádegi »



» á morgun



3-8 m/s en stífari við suðausturströndina.

» sunnudagur



5-10 m/s.

um hádegi »

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 16°C | skýjað | London | 18°C | skúrir | Alicante | 24°C | hálfskýjað |
| Þórshöfn | 12°C | skúrir | París | 18°C | skúrir | Mallorca | 23°C | hálfskýjað |
| Osló | 10°C | rigning | Frankfurt | 16°C | skúrir | Algarve | 23°C | rigning |
| Stokkhólmur | 13°C | rigning | Friedrichshafen | 13°C | skýjað | Krít | 22°C | léttskýjað |
| Gautaborg | 12°C | skúrir | Berlín | 15°C | skýjað | Las Palmas | 24°C | hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Ítalskir dagar




Nýjar spennandi ítalskar vörur
- *allt það besta, beint frá Ítalíu*




Ekta ítalskir ostar og smjör
- frá Medeghini




Ítalskar pizzur og pizzu deig
- spennandi nýjung á ítölskum dögum








D&A olíur
- í miklu úrvali

Sacla Bruschettina
- tilvalið á brauðið og á pasta

Fiorucci Parma skinka
- ómissandi á ítölskum dögum










Rusticella
- ljúffengt ítalskt pasta

Hunt´s spaghettiísósur
- fjórar bragðgóðar sósur

Knorr pakkar
- lasagne, spaghettiria ofl.

Gildir til 22. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

## KJÖRKASSINN



*Eiga skólamáltíðir að vera fríar?*

| | |
|---|---|
| Já | 73,7% |
| Nei | 26,3& |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Munu hvalveiðar skaða ímynd Íslands?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Hæstiréttur lækkaði sektir fjögurra manna vegna skattsvika um 74,25 milljónir:

# Dómur Símamanna mildaður

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur mildaði í gær dóm héraðsdóms yfir fjórum mönnum sem höfðu verið ákærðir fyrir að standa ekki skil á virðisaukaskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda og lækkaði sektargreiðslur þeirra um 74,25 milljónir króna. Þrír mannanna, þeir Árni Þór Vigfússon, Kristján Ragnar Kristjánsson og Ragnar Orri Benediktsson tengdust allir Landssímamálinu svokallaða þar sem þeir voru meðal annars sakfelldir fyrir fjárdrátt og peningaþvætti. Auk þeirra var fyrrverandi framkvæmdastjóri Japis dæmdur í þessu máli.



**LANDSSÍMAMENN** Kristján Ragnar Kristjánsson og Árni Þór Vigfússon voru dæmdir til að greiða samtals 21,3 milljónir króna.

Mennirnir fjórir höfðu verið dæmdir í héraðsdómi fyrir vanskil á 56 milljónum vegna virðisauka- og vörsluskatta Lífstíls ehf. og fjögurra annarra fyrirtækja sem undir það heyrðu. Þar voru sektargreiðslur þeirra ákveðnar 96,6 milljónir króna og Kristjáni Ragnari einum og sér gert að greiða tæpar 66 milljónir. Þeir áfrýjuðu allir úrskurðinum sem og ríkissaksóknari sem krafðist þess að Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms.

Í Hæstarétti voru sektargreiðslurnar lækkaðar umtalsvert, líkt og fyrr segir, og er þeim nú gert að greiða rúmlega 22 milljónir króna til ríkissjóðs. Brot Kristjáns Ragnars var talið meiriháttar og því hlaut hann hæstu sektina, eða 18,5 milljónir króna. - þsj

Öryggi í smíðastofum landsins:

# Hættuleg efni algeng í stofum

**ÖRYGGI Mikið af hættulegum efnum er að finna í smíðastofum í grunnskólum landsins, loftræsting er oft léleg í stofunum og aðstaðan ekki nógu góð. Þetta segir Gunnar Kristinsson, heilbrigðisfulltrúi á umhverfissviði Reykjavíkurborgar, en þetta kemur fram á vefsíðu sviðsins.**

**Hann segir börn meðhöndla hættuleg efni og að oft sé ekki til áætlun um viðbrögð ef eitthvað bregði út af. Þetta er meðal niðurstaðna könnunar á varnaðarmerktum efnavörum, sem náði til sextíu og þriggja grunnskóla á Íslandi.** - sþs


www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

Bólusetning gegn inflúensu
– engin bið

Lyfja Lágmúla: alla daga kl. 15–20
Lyfja Smáralind: alla daga kl. 13–15
Lyfja Laugavegi: föstudaga kl. 13–17

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 34593 10/2006




**KVENNAFRÍDAGURINN Í FYRRA** Rannsóknin er eitt af verkefnum félagsmálaráðuneytisins sem talað er um í þingsályktun ríkisstjórnarinnar um jafnréttismál árin 2004 til 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Launamunur milli kynjanna 16 prósent

**Launamunur hefur nánast staðið í stað í 12 ár þrátt fyrir fjölgun kvenna í fullu starfi og breytt viðhorf. Stjórnendur segja yngri konur hafa karllægari gildi. Heildarlaun kvenna í fullu starfi eru tæp 70 prósent af heildarlaunum karla.**

**JAFNRÉTTISMÁL** Óútskýrður kynbundinn launamunur er nánast hinn sami nú og fyrir tólf árum, eða tæp sextán prósent, þegar tekið hefur verið tillit til starfsstéttar, aldurs, starfsaldurs og vinnutíma. Þetta kemur fram í niðurstöðum viðamikillar rannsóknar á launamyndun og kynbundnum launamun á Íslandi sem Capacent-rannsóknir gerðu fyrir félagsmálaráðuneytið og kynnt var í gær. Sambærileg rannsókn frá árinu 1994 var notuð til samanburðar.

Fram kemur að vinnutími karla og kvenna í fullu starfi hefur styst, konum í fullu starfi hefur fjölgað og viðhorf þeirra til starfs breyst nokkuð. Hefði þetta að öllum líkindum átt að verða til þess að draga úr launamun karla og kvenna sem hefur þó ekki gerst.

Heildarlaun karla í fullu starfi samkvæmt rannsókninni nú eru að jafnaði rúmlega 481 þúsund krónur meðan konur voru með rúmar 325 þúsund krónur eða sem samsvarar 67,6 prósentum af launum karlanna.

Nú eru fleiri konur í hópi stjórnenda sem fá aukagreiðslur í formi óunninnar yfirvinnu og/eða bílastyrks. Ástæðan er talin sú að karlmenn eru nú mun frekar komnir með fastlaunasamninga þar sem þeir eru með ákveðna upphæð fyrir sína vinnu, burtséð frá lengd vinnutíma. Af þeim sem eru með fastlaunasamninga eru konur með nítján prósent lægri laun heldur en karlmenn. En þar sem ekki er um slíka samninga að ræða er launamunurinn þrettán prósent. Það gefur vísbendingu um að í fastlaunasamningum sé búið að festa kynbundinn launamun. Um það bil helmingur karlmanna er með fastlaunasamninga en um átján prósent kvenna.

Munur á viðhorfi stjórnenda kom fram í niðurstöðum rannsóknarinnar og kváðust konur nú finna fyrir mun meiri hvatningu frá yfirmönnum sínum miðað við rannsóknina frá árinu 1994. Margir stjórnendur töluðu um kynslóðabreytingu meðal kvenna þar sem yngri konur hefðu allt önnur viðhorf en þær eldri. Mætti segja að þær hefðu tileinkað sér karllægari gildi og væru óhræddar við að gera kröfur. Kom þetta fram hjá stjórnendum bæði opinbera stofnana og einkafyrirtækja. sdg@frettabladid.is




## MIKIL VONBRIGÐI

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra segir þessar niðurstöður valda sér miklum vonbrigðum. „Við erum að sjá jákvæðar breytingar til jafnréttis en það virðist ekki vera að skila sér í launaumslagið."

Magnús segir að þeir sem raunverulega hafi áhrif á launaákvarðanir séu stjórnendur á einkamarkaði og hjá hinu opinbera. „Og við spyrjum hvort þeir geri sér grein fyrir að þeir eru í raun og veru að brjóta rétt á fólki með því að mismuna í launum fólki sem vinnur sömu störf og skilar sömu vinnu?" Magnús hyggst óska eftir samtölum við vinnuveitendur á næstunni til að ræða leiðir til að minnka launamun.

Þverpólitísk nefnd vinnur nú að endurskoðun jafnréttislaganna og mun Magnús óska eftir því að hún taki til sérstakrar skoðunar þá leið sem Finnar eru að fara. „Þar hafa stjórnvöld gert samkomulag við aðila vinnumarkaðarins um að minnka kynbundinn launamun um fimm prósent til ársins 2015. Mér finnst einboðið að við nýtum okkur það sem Finnar hafa fram að færa í þessu." Magnús útilokar þó ekki að hugsanlega verði gripið til lagasetningar til að sporna við launamun.

Niðurstöðurnar verða kynntar á ríkisstjórnarfundi í dag. - sdg



**MAGNÚS STEFÁNSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA** Árið 1961 voru sett fyrstu lögin um jöfn laun karla og kvenna. Samkvæmt þeim lögum átti að útrýma kynbundnum launamun á næstu sjö árum eftir að lögin voru sett. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HEILDARLAUN KARLA OG KVENNA Í FULLU STARFI**

| | |
|---|---|
| Karlar | 481.588 |
| Konur | 325.508 |




*Nú fæst 10% sýrði rjóminn frá MS í handhægum sprautuflöskum*

*Nýju umbúðirnar eru einstaklega þægilegar. Þær flýta fyrir matseldinni og henta vel í fjölbreytta rétti – en innihaldið er að sjálfsögðu sami frískandi og hitaeiningasnauði sýrði rjóminn*

*Gerðu það gott með sýrðum rjóma – frá MS.*

# beinlínis hollt

## Holl og næringarrík fæða er okkur nauðsynleg til að viðhalda sterkum og heilbrigðum beinum

Á það minnum við í dag þegar við fögnum Alþjóðlegum beinverndardegi, en þema dagsins er mataræði og næring undir yfirskriftinni beinlínis hollt.

Í dag er einnig Alþjóðlegur dagur matreiðslumanna. Af því tilefni hafa Beinvernd og Klúbbur matreiðslumeistara leitað eftir samstarfi við veitingahús, mötuneyti og skóla til að vekja athygli á tengslum hollrar fæðu og beinverndar.

**Fjöldi veitingahúsa býður upp á „KALKRÍKAN RÉTT DAGSINS" í dag og næstu daga.**

Einar Ben
Karólína
Salatbarinn
Hótel Höfn
SKG veitingar
Carpe Diem
tveir fiskar
Hótel Geysir Geysircenter
Glymur
Hótel KEA
Brasserie Grand
Friðrik V
Bautinn
Fljótt og gott
Krydd & Kaviar ...og bragðlaukarnir brosa
Blue Lagoon Iceland
Kristján X
Hótel Holt
Kaffi Krókur
Fjalakötturinn
H&K
Icelandair Hotels
Skrúður Radisson SAS

**Í mörgum mötuneytum fyrirtækja og stofnana verða einnig kalkríkir réttir á boðstólum og þá munu matreiðslumeistarar heimsækja skólamötuneyti í tilefni dagsins.**

Orkuveitan
Frjálsi fjárfestingarbankinn
Glitnir
Utanríkisráðuneytið
Nýherji
Toyota
Iðnskólinn Hafnarfirði
Íslensk erfðagreining
Seðlabankinn
FL Group
Landsbankinn

KB banki
Avion Group
Menntaskólinn á Akureyri
Ríkisútvarpið
Síminn
Skýrr
Skeljungur
Kauphöll Íslands
Tollstjórinn í RVK
Íslenskir aðalverktakar
Arnarhvoll

Ölgerð Egill Skallagrímsson
ÁTVR
Eimskip
Olís
Heilsuverndarstöðin
Vodafone
MK
Slökkvilið Höfuðborgarinnar
Lögreglan í Reykjavík

KLÚBBUR MATREIÐSLUMEISTARA

BEINVERND

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvernig fór leikur Barcelona og Chelsea í Meistaradeildinni?*

2 *Hvað stendur á hlið varðskipsins Týr?*

3 *Hver er elsti Íslendingur allra tíma?*

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 54

Afstaða umhverfisráðherra til hvalveiða og undirbúningur málsins rædd á Alþingi:

# Veikir stöðu Íslands í málinu

**STJÓRNMÁL** Fyrirvari sem Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra setti við hvalveiðar kom stjórnarandstæðingum í opna skjöldu og var ræddur á Alþingi í gær.

Jónína sagðist í Fréttablaðinu í gær óttast um trúverðugleika og ímynd í umhverfislegu tilliti. Trúverðugleikinn gæti veikst.

Sigurjón Þórðarson Frjálslynda flokknum, sem styður hvalveiðarnar, sagði orð Jónínu hafa veikt stöðu Íslands í málinu. Hann gagnrýndi einnig afstöðu hinna stjórnarandstöðuflokkanna og kvað stöðuna sterkari ef þeir væru samstíga fylgjendum málins.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, sagði margt óupplýst varðandi hvalveiðarnar og spurði hvort ekki væri samstaða um þær í ríkisstjórn. Mörður Árnason Samfylkingunni velti afstöðu Jónínu einnig fyrir sér.



**JÓNÍNA BJARTMARZ UMHVERFISRÁÐHERRA** Yfirlýsingar hennar um hvalveiðar eru sagðar veikja stöðu Íslands á alþjóðavettvangi.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra sagði málið einfalt, ákvörðun um hvalveiðar hefði verið kynnt í ríkisstjórn og stjórnin stæði að baki henni.

Þá sagði hann eðlilegar skýringar á að Hvalur hf. hefði ekki fengið leyfi til vinnslu kjöts í hvalstöðinni í Hvalfirði; ýmis praktísk mál gætu komið upp þegar veiðar væru hafnar á nýjan leik eftir tuttugu ára hlé. „Hvalur er að ljúka við að uppfylla skilyrði sem sett eru og það er ekkert óeðlilegt við það.“ - bþs

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Kókaíntölvumaður í dóm

**DÓMSMÁL Maður sem reyndi að smygla tæplega sjö hundruð grömmum af kókaíni til landsins í tölvu bíður nú dóms í Héraðsdómi Reykjavíkur.**

**Maðurinn sem er um fimmtugt reyndi að smygla fíkniefninu til landsins í mars.**

**Hann hafði komið því fyrir í járnkassa sem hann faldi í tölvu. Maðurinn var að koma frá Orlando þegar tollverðir fundu kókaínið í tölvunni.**

**Aðalmeðferð í málinu lauk í Héraðsdómi í gær og verður dómur kveðinn upp innan skamms.** - jss





SKIPTUM UM RÍKISSTJÓRN

Taktu þátt í að skipta um ríkisstjórn með okkur. Kjóstu **11. nóvember** í prófkjöri Samfylkingarinnar . Nánari upplýsingar á samfylking.is.

**Kjósum Helga Hjörvar í 4. sæti.**
*Stuðningsmenn*

Skoðaðu nýju heimasíðuna: www.helgi.is


Kristinn H. Gunnarsson býður sig fram í fyrsta sætið í Norðvesturkjördæmi:

# Tekur slaginn við ráðherra

**STJÓRNMÁL** „Ég tel mig eiga bærilega möguleika,“ segir Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður sem sækist eftir 1. sæti á framboðslista Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi fyrir kosningar til Alþingis næsta vor.

Gera má ráð fyrir því að Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra sem var efstur á lista Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi í kosningunum 2003 sækist áfram eftir því sæti. Kristinn sem þá var í öðru sæti vill þannig fá forystusæti ráðherrans.

„Það verður auðvitað bara að setja sér markmið, stefna að þeim og sjá svo til hvernig til tekst. Það er fátt annað að gera,“ segir Kristinn og bendir um leið á að í prófkjörinu fyrir síðustu alþingiskosningar hafi verið notað annað fyrirkomulag en nú verði beitt:

„Þær reglur voru óvenjulegar – og ekki víða við hafðar – að sá fékk ekki 1. sætið sem fékk flest atkvæði nema hann fengi hreinan meirihluta. Þegar kosið var fékk ég flest atkvæði í 1. sæti en ekki hreinan meirihluta svo það var kosið aftur og þá fékk Magnús 1. sætið. Núna er ekki krafa um hreinan meirihluta og sá vinnur sem fær flest atkvæði,“ útskýrir Kristinn.



**KRISTINN OG MAGNÚS** Kristinn átti í deilum við þingflokk Framsóknar fyrir tveimur árum. Öldurnar voru lægðar á kjördæmaþingi 7. nóvember árið 2004 og við það tilefni tókust Kristinn og Magnús í hendur.

Prófkjör Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi fer fram 3. til 17. nóvember. - gar





Mitsubishi Colt er frábær bíll sem hefur sópað að sér verðlaunum, enda kostirnir augljósir; glæsileg hönnun, mikið innra rými með mikla möguleika, nýjar öflugar vélar, 6 hraða „Allshift“ sjálfskipting og margt fleira.

Komdu og prófaðu hann

Verð: 1.590.000 kr.

Staðalbúnaður MASC stöðugleikastýring
ABS hemlalæsivörn · EBD hemlajöfnunarkerfi
MATC spyrnustýring · Aksturstölva · Hiti í framsætum
Fjarstýrðar samlæsingar · Rafdrifnar rúðuvindur

MITSUBISHI MOTORS

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is


Heimilið
Börn
Snyrtivörur
Dömur
Herrar
Vetrarlitir Rifka komnir
kynningartilboð í Debenhams 19. - 25. október
rifka
rifka
rifka
Glæsileg gjöf fylgir þegar keyptar eru vörur fyrir kr. 4.800 eða meira frá Rifka.
rifka
cosmetics
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!



**HAUSTHÁTÍÐ** Þessi þýska garðyrkjukona skrýddi heyrúllur fyrir hausthátíðina sem haldin er í Erfurt í Austur-Þýskalandi þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hæstiréttur þyngdi dóm yfir litháískum fíkniefnasmyglara:

# Fékk fjögurra ára fangelsi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur þyngdi í gær refsidóm yfir Litháanum Roman Kosakovskis, sem reyndi að smygla amfetamíni í fljótandi formi svo og brennisteinssýru til landsins í febrúar. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði dæmt hann í tveggja og hálfs árs fangelsi en Hæstiréttur þyngdi dóminn í fjögur ár.

Samkvæmt matsgerð Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði hefði verið unnt að framleiða 2383 grömm af hreinu amfetamínsúlfati úr því magni sem Litháinn reyndi að smygla inn. Þetta þýðir að hægt hefði verið að búa til 17,49 kíló af fíkniefninu amfetamíni með tíu prósent styrkleika. Hæstiréttur leit við ákvörðun refsingar til þess mikla magns fíkniefna sem hægt hefði verið að vinna úr vökvanum og einnig að maðurinn hefði tekið að sér innflutning efna sem hefði augljóslega verið vandlega skipulagður.

Frá fjögurra ára fangelsisvist mannsins dregst gæsluvarðhald sem hann hefur sætt frá 27. febrúar. Honum var gert að greiða áfrýjunarkostnað, tæplega 348 þúsund krónur. - jss



**ROMAN KOSAKOVSKIS** Hæstiréttur þyngdi fangelsisdóminn yfir honum.

Pattstaðan í Tékklandi:

# Stóru flokkarnir myndi stjórn

**TÉKKLAND, AP** Jiri Paroubek, leiðtogi tékkneskra jafnaðarmanna, hefur lagt til að mynduð verði samsteypustjórn síns flokks og höfuðkeppinautarins, íhaldsflokksins ODS. Það sé eina færa leiðin út úr pattstöðunni sem ríkt hefur í stjórnmálum landsins frá því kosið var til þings í sumar, en þeim lyktaði þannig að pólitísku fylkingarnar fengu nákvæmlega jafnmarga þingmenn, hundrað hvor.

Mirek Topolanek, leiðtogi ODS, sem fór fyrir minnihlutastjórn sem féll í atkvæðagreiðslu um traustsyfirlýsingu, tjáði sig ekki um tillöguna. Flokkur hans hafði áður hafnað hugmyndinni. - aa


# Dögg Pálsdóttir

LÁTUM VERKIN TALA

Prófkjör sjálfstæðismanna
í Reykjavík, 27. og 28. október 2006

KOSNINGASKRIFSTOFA
Laugavegi 170, 2. hæð
opnunartími virka daga kl.
16-22 og um helgar
frá kl. 12-18
dogg@dogg.is
sími 517-8388

Hlökkum til
að sjá þig.



www.dogg.is

í 4. sætið




**KJÖTBORÐIÐ Í NÓATÚNI** Lítið magn af kjúklingabringum hefur verið flutt til landsins. Ef fyrirhuguð verðlækkun á að nást verður að lækka tolla á þeim vöruflokkum sem eru í samkeppni við innlendar kjötvörur, að mati Samtaka atvinnulífsins.

Innflutningur kjöts lítill þrátt fyrir aðgerðir ríkisstjórnar:

# Tollarnir haldast háir áfram

**MATVÆLAVERÐ** Ganga verður út frá því að fjörutíu prósenta lækkun verði á tollum í þeim vöruflokkum sem eru í samkeppni við innlendar kjötvörur, til dæmis nautakjöt, kjúklingar og svínakjöt, ef fyrirhuguð verðlækkun upp á allt að sextán prósent á að nást. Þetta er mat Samtaka atvinnulífsins.

Innanlandsframleiðsla kjöts var rétt rúm 24 þúsund tonn og heildarsala tæp 23 þúsund tonn. Neysla lambakjöts var 7.300 tonn, svínakjöts 5.300 tonn, nautakjöts 3.600 tonn og hrossakjöts fimm hundruð tonn í fyrra. Heimildir til innflutnings á lægri tollum eru lítið nýttar.

Tæp tvö hundruð tonn af kjöti voru flutt inn, eða innan við eitt prósent af heildarneyslunni. Mest var flutt inn af nauta- og hreindýrakjöti, eða um helmingur innflutningsins. Tæp þrjátíu tonn af kjúklingum voru flutt inn og tólf tonn af svínakjöti. Það er vel innan við eitt prósent af neyslunni. Hæsti tollurinn var á nautahakk, eða 266 prósent, en kjúklingar og kalkúnar voru með tvö hundruð prósent.

Verðlækkunin „getur ekki orðið nema af völdum lækkunar innlendra kjötvara því markaðshlutdeild innfluttra kjötvara verður óhjákvæmilega afar lítil áfram þrátt fyrir tollalækkunina þar sem tollarnir verða eftir sem áður afar háir,“ segir Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. - ghs


Prófkjör Samfylkingarinnar
í Reykjavíkurkjördæmum
11. nóvember



Steinunn Valdís
4. sæti

Við bjóðum þér í laugardagskaffi

í félagsheimili Þróttar á morgun kl. 11-13

Það verður heitt á könnunni og veitingar með í félagsheimili Þróttar í Laugardal á morgun. **Oddný Sturludóttir** varaborgarfulltrúi býður gesti velkomna fyrir hönd stuðningsfólks og **Tríó Tómasar R. Einarssonar** galdrar fram ljúfa tóna. **Þórunn Sveinbjörnsdóttir** varaform. Eflingar og **Pétur Jónsson** fyrrv. borgarfulltrúi flytja stutt ávörp og **Steinunn Valdís** kynnir helstu áherslur sínar í tengslum við komandi kosningar.

*Stuðningsfólk Steinunnar Valdísar*



Kjalarness prófastsdæmi
www.kjalarpr.is

# OPIN KIRKJA

*Menningardagur í kirkjum í Kjalarnessprófastsdæmi*

*Sunnudaginn 22. október 2006*

*Mosfellsbær, Kjalarnes og Kjós*



**LÁGAFELLSKIRKJA** KL. 10.00
*Vígð 1889*
Fróðleiksmolar um kirkjurnar í Mosfellsbæ að hætti innansveitarkróniku: Birgir D. Sveinsson, fv. skólastjóri.
Kynning á safnaðarstarfinu í Lágafellssókn.
Tónlist: Jónas Þórir og Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú).



**MOSFELLSKIRKJA** KL. 11.15
*Vígð 1965*
Egill sterki, klukkan góða og kaleikurinn hennar stóru Gunnu: Birgir D. Sveinsson segir frá gripum og sögu Mosfellskirkju.
Tónlist: Jónas Þórir og Diddú syngja lög með textum Nóbelskáldsins.



**BRAUTARHOLTSKIRKJA** KL. 13.00
*Vígð 1857*
Erindi: Þórunn Valdimarsdóttir les úr nýútkominni ævisögu sinni um sr. Matthías Jochumsson.
Tónlist: Félagar úr Karlakór Kjalnesinga syngja ljóð eftir sr. Matthías undir stjórn Páls Helgasonar organista.



**SAURBÆJARKIRKJA** KL. 14.00
*Vígð 1904*
Dr. Gunnar Kristjánsson segir frá sögu og gripum kirkjunnar.
Tónlistardagskrá um sr. Matthías Jochumsson á vegum Karlakórs Kjalnesinga, stjórnandi Páll Helgason organisti.



**REYNIVALLAKIRKJA** KL. 15.30
*Vígð 1859*
Ávarp: Dr. Gunnar Kristjánsson prófastur.
Erindi: Dr. Jón Þ. Þór flytur erindi um sögu kirkjustaðarins á Reynivöllum.
Tónlist: Bubbi Morthens flytur frumsamda sálma.

*Hafnarfjörður, Garðabær og Álftanes*



**ÁSTJARNARSÓKN**, SAMKOMUSALUR HAUKA, ÁSVÖLLUM KL. 12.00
**„Vaxandi kirkja í vaxandi hverfi"**
Kynning á hugmyndum um Ástjarnarkirkju, kirkjumunum, prédikunarstól og hökli.
Ljósmyndasýning æskulýðshóps, kynning frá Hjálparstarfi Kirkjunnar.
Tónlistarflutningur og samsöngur.



**HAFNARFJARÐARKIRKJA** KL. 13.00
*Vígð 1914*
Kynning: Sr. Gunnþór Ingason.
Tónlistarflutningur í umsjón Antóníu Hevesi, organista.
Ljósmyndasýning Sigurjóns Péturssonar: „Kirkjur, fólk og fjöll".
Opin æfing Barnakórs H.f.k. undir stjórn Helgu Loftsdóttur við undirleik Önnu Magnúsdóttur.



**VÍÐISTAÐAKIRKJA** KL. 15.00
*Vígð 1988*
Erindi: Sr. Bragi Ingibergsson segir frá freskunum eftir Baltasar í Víðistaðakirkju.
Tónlist: Sigurður Skagfjörð barítónsöngvari og Úlrik Ólason organisti.
Unglingakór Víðistaðakirkju, stjórnandi er Áslaug Bergsteinsdóttir.



**BESSASTAÐAKIRKJA** KL. 16.00
*Vígð 1795*
Leiðsögn um Bessastaðakirkju, sögu, glugga og gripi: Halldóra Pálsdóttir, ráðskona og meðhjálpari á Bessastöðum.
Tónlistarflutningur í umsjón Bjarts Loga Guðnasonar, organista.



**GARÐAKIRKJA** KL. 17.00
*Vígð 1880*
Erindi: Helgi Hjálmsson flytur kafla úr sögu Bræðrafélags Garðakirkju og ágrip af sögu kirkjunnar.
Tónlistardagskrá á vegum kórs Vídalínskirkju undir stjórn Jóhanns Baldvinssonar organista.



**VÍDALÍNSK RKJA** KL. 18.00
*Vígð 1995*
Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir og Ármann Hákon Gunnarsson kynna æskulýðsstarf í Garðabæ ásamt unglingum úr æskulýðsfélagi kirkjunnar.
Tónlist: Gospelkór Íslands leiðir lofgjörð á alveg nýjan hátt!

*Suðurnes*



**KÁ FATJARNARKIRKJA** KL. 10.00
*Vígð 1893*
Menningardagur settur: Kristján Pálsson formaður Ferðamálasamtaka Suðurnesja.
Erindi: Dr. Gunnar Kristjánsson prófastur flytur erindi um sögu Kálfatjarnarkirkju.
Kirkjukór Kálfatjarnarkirkju flytur sálma undir stjórn Franks Herlufsen organista.
Sr. Carlos Ferrer flytur blessun.



**NJAR KURKIRKJA** KL. 11.10
*Vígð 1886*
Ávarp: Sr. Baldur Rafn Sigurðsson.
Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson flytja lög við ljóð eftir Sveinbjörn Egilsson og Hallgrím Pétursson.



**GRINDAVÍKURKIRKJA** KL. 13.00
*Vígð 1982*
Erindi: „Þeir gerðu garðinn frægan í Grindavík" eftir Aðalgeir Jóhannsson.
Tónlist: Kórar Grindavíkurkirkju og nemendur Tónlistarskóla Grindavíkur flytja tónlist Sigvalda Kaldalóns við ljóð Steins Steinarr. Einsöngur: Rósalind Gísladóttir.
Sr. Elínborg Gísladóttir fer með bæn.



**ÚTSKÁLAKIRKJA** KL. 14.15
*Vígð 1861*
Andri Snær Magnason rithöfundur flytur erindi: Stund milli stríða – Garður milli hers og álvers.
Tónlist: Kór Útskálakirkju undir stjórn Steinars Guðmundssonar organista.
Lokaorð: Sr. Björn Sveinn Björnsson.



**KIRKJUVOGSKIRKJA** KL. 15.30
*Vígð 1861*
Ávarp: Sr. Baldur Rafn Sigurðsson.
Sagnaskemmtun í umsjá Leiðsögumanna Reykjaness. Sögur af frægu og ófrægu fólki sem bjó í Höfnum á 18. og 19. öld.



**YTRI-NJARÐVÍKURKIRKJA** KL. 16.45
*Vígð 1979*
Ávarp: Sr. Baldur Rafn Sigurðsson.
Dægurlagasveiflan úr Krossinum og Stapanum 1960-1975.
Rúnar Júlíusson, Einar Júlíusson og María Baldursdóttir syngja vinsælustu íslensku lögin frá þeim tíma. Rokksveit Rúnars Júlíussonar leikur undir.



**HVALSNESKIRKJA** KL. 18.00
*Vígð 1887*
Ávarp: Reynir Sveinsson form. sóknarnefndar.
Tónlist: Magnea Tómasdóttir söngkona flytur einsöng.
Verndarengill Hallgríms. Leikverk eftir Guðrúnu Ásmundsdóttur um æskuár Hallgríms Péturssonar. Flytjendur: Guðrún Ásmundsdóttir, Jón Júlíusson og Ásta S. Ólafsdóttir.
Lokaorð: Sr. Björn Sveinn Björnsson.



**KEFLAVÍKURKIRKJA** KL. 20.00
*Vígð 1915*
Ávarp: Sr. Skúli Sigurður Ólafsson
Tónlist: Óperusöngvararnir Davíð Ólafsson og Stefán Helgi Stefánsson flytja létta tónlist með sínu lagi. Undirleikari er Ester Ólafsdóttir.
Menningardegi slitið: Kristján Pálsson formaður Ferðamálasamtaka Suðurnesja.
Kaffiveitingar í boði Keflavíkurkirkju.

*Vestmannaeyjar*



**LANDAKIRKJA** KL. 14.00
*Vígð 1778*
Kórverk og tónlistarflutningur við guðsþjónustu Kór Landakirkju, Guðmundur H. Guðjónsson, organisti, og Vedís Guðmundsdóttir, einleikari.

EINN TVEIR OG ÞRÍR 131.029



**SPIL Í STAÐ REYKS** Gestir á kaffihúsi í bænum Ville d'Avray utan við París að spila fótboltaspil. Yfirvöld í Frakklandi ætla að koma til móts við öldurhúsa-rekendur með því að lækka skatt á spil á öldurhúsum samhliða hertu reykingabanni sem tekur gildi í ársbyrjun 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kynnir áform um Tæknistofnun Evrópu:

# Markmið Evrópumanna er að skáka MIT

**BRUSSEL, AP** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kynnti á miðvikudag áform um stofnun evrópsks rannsóknaháskóla sem standa ætti bandaríska skólanum Massachusetts Institute of Technology (MIT) á sporði.

Samkvæmt áætlun framkvæmdastjórnarinnar er gert ráð fyrir að 2,4 milljörðum evra, andvirði um 210 milljarða króna, verði á tímabilinu 2008-2013 varið til rannsóknamiðstöðvar sem kölluð yrði Tæknistofnun Evrópu (á ensku European Institute of Technology). Mótun rannsóknastefnu og fjármálastjórn yrði á hendi umfangslítillar stjórnsýslueiningar, en rannsóknirnar yrðu stundaðar í svokölluðum þekkingarmiðstöðvum, sem yrðu dreifðar um aðildarríki sambandsins.

Framkvæmdastjórnin segist þegar hafa tryggt 300 milljónir evra, rúmlega 2,6 milljarða króna, til að koma stofnuninni á laggirnar, en henni er ekki síst ætlað að skapa betri forsendur í Evrópu fyrir því að vinna upp samkeppnisforskot Bandaríkjanna á sviði rannsókna og þróunar.

Ráðherraráð og þing ESB þurfa að samþykkja áformin ef þau eiga að verða að veruleika. - aa



**ÁFORMIN KYNNT** Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB (í miðju) og mennta- og rannsóknastjórarnir Jan Figel (t.v.) og Janez Potocnik kynna áformin á blaðamannafundi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Prófkjör Samfylkingarinnar:

## Ágúst sækist eftir 4. sætinu

**PRÓFKJÖR** Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður Samfylkingarinnar, sækist eftir 4. sætinu í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík.



**ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON**

Ágúst Ólafur var kjörinn á þing í alþingiskosningunum 2003 og var kosinn varaformaður Samfylkingarinnar árið 2005.

Ágúst Ólafur er með háskólapróf í lögfræði og hagfræði frá Háskóla Íslands. Hann hefur gegnt mörgum trúnaðarstörfum fyrir Samfylkinguna, var í stjórn þingflokksins og er nú í stjórn Samtaka jafnaðarmanna í atvinnurekstri. - hs

Erlendir gestir á Iceland Airwaves eyða að meðaltali hundrað þúsund krónum meðan á dvöl þeirra stendur:

# Tvö hundruð milljóna tekjur af Airwaves

**FERÐAÞJÓNUSTA** Hver erlendur gestur á Iceland Airwaves hátíðinni eyðir rúmum hundrað þúsund krónum að jafnaði meðan á dvöl hans stendur. Þetta er niðurstaða könnunar sem Reykjavíkurborg, ásamt nítján öðrum borgum á norðurslóðum, lét gera í fyrra um ýmsa atburði sem draga að ferðamenn. Borgaryfirvöld í Kaupmannahöfn íhuga nú að koma á svipaðri árlegri hátíð.

Samkvæmt könnuninni komu um fjörutíu prósent gestanna í fyrra erlendis frá eða utan af landi, tæplega tvö þúsund manns. Hver þeirra gisti í fjórar til fimm nætur á gistiheimili eða hóteli. Samanreiknuð eyðsla þessara ferðamanna var um tvö hundruð milljónir króna, fyrir utan flugmiða. Eyðslan var fjölbreytileg, enda gestirnir í yngri kantinum; flestir á aldrinum 18-34 ára. Það sem skiptir mestu í þessu samhengi, að sögn Svanhildar Konráðsdóttur hjá Höfuðborgarstofu, er að hátíðin er utan háannatíma og því hrein viðbót við ferðamannastrauminn hingað. Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum ferðaþjónustunnar eru flest hótelherbergi í Reykjavík bókuð um helgina, þótt fleira spili inn í en Airwaves hátíðin.



**ELDAR ÁSTÞÓRSSON**

Í ár gæti velta hátíðarinnar numið allt að þrjátíu milljónum króna, miðað við selda miða og styrkveitingar. Svanhildur og Eldar Ástþórsson hjá Iceland Airwaves eru sammála um að þennan árangur megi þakka markaðsstarfi þeirra sem að hátíðinni standa, en ekki skipti minnstu að gott orðspor fari af hátíðinni. Áhersla hafi verið lögð á gæði og frumleika, fremur en að bjóða upp á dýra og þekkta tónlistarmenn.

Frá fyrstu tíð var lögð áhersla á að bjóða erlendum blaðamönnum hingað og voru þeir strax um fimmtíu talsins árið 1999 þegar hátíðin var fyrst haldin í flugskýli á Reykjavíkurflugvelli. Í ár eru blaðamennirnir um þrjú hundruð og margir að koma í annað, þriðja, jafnvel fjórða sinn. - kóþ



**TÓNLEIKAR** Fjöldi fólks var á Nasa á miðvikudaginn þar sem hljómsveitin Fræ tróð meðal annars upp. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA








C-Class á einstöku verði

og PING golfsett í kaupbæti

Það er okkur sönn ánægja að geta nú boðið hina frábæru C-Class bíla á einstaklega góðum kjörum. Með hverjum bíl fylgir vandað golfsett frá PING af gerðinni G5 sem verður sérstaklega mælt og sniðið að notandanum. PING er líkt og Mercedes-Benz þekkt fyrir framúrskarandi gæði. Þetta er einstakt tækifæri og gildir aðeins um mjög takmarkaðan fjölda af bílum sem við eigum tilbúna til sýnis og afhendingar strax. Það er því ekki eftir neinu að bíða, komdu og skoðaðu Mercedes-Benz C-Class og nýttu þér þetta frábæra tilboð.

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is · Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz bifreiða á Íslandi.

Ásta R. Jóhannesdóttir segir þrjú þúsund manns vera með heilabilun á einhverju stigi:

# 85 heilabilaðir bíða eftir dagvist

**STJÓRNMÁL** Fjögurra til fimm mánaða bið er eftir sjúkdómsgreiningu á minnismóttökunni á Landakoti.

85 bíða eftir dagvist á sérhæfðum deildum. Nítján umsóknir eru óafgreiddar.

Þetta kom fram í máli heilbrigðisráðherra, Sivjar Friðleifsdóttur, við umræður utan dagskrár á Alþingi um þjónustu við heilabilaða.

Ásta R. Jóhannesdóttir Samfylkingunni var málshefjandi og lýsti því að á Íslandi væru um þrjú þúsund manns með heilabilun á einhverju stigi. Áætlað væri að um tólf þúsund aðstandendur líði vegna sjúkdómsins. Sagði hún að ástandinu í málefnum heilabilaðra væri mjög ábótavant, fleiri sérhæfð úrræði vantaði tilfinnanlega. Og ekki væri nóg að horfa til stöðunnar eins og hún er í dag. „Vandinn er stór og mun stækka. Heilabiluðum mun fjölga um helming á næstu fimmtán árum.“

Siv Friðleifsdóttir sagði unnið að því að stytta biðtíma eftir sjúkdómsgreiningu á minnismóttökunni og kvað brýnt að fjölga plássum til hvíldarinnlagna. Hún upplýsti líka að dagvistarpláss fyrir minnissjúka væru 129 á landinu öllu og að þrjátíu ný rými fyrir heilabilaða yrðu á nýju hjúkrunarheimili við Suðurlandsbraut. **- bþs**



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR** Heilbrigðisráðherra segir að unnið sé að því að stytta biðtíma eftir sjúkdómsgreiningu.

Lögreglan í Reykjavík:

## Tekinn tvívegis með fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL Karlmaður á miðjum aldri var tekinn tvívegis fyrir að hafa ætluð fíkniefni í fórum sínum. Lögreglan í Reykjavík hafði fyrst afskipti af manninum í miðborginni í fyrrakvöld og svo aftur um nóttina. Hann var þá enn staddur á svipuðum slóðum en aðeins liðu fáeinir klukkutímar á milli þess sem lögreglan stöðvaði för hans. Eftir seinna tilvikið var maðurinn fluttur á lögreglustöð.**

**Að auki hafði lögreglan afskipti af fjórum öðrum karlmönnum en í fórum þeirra allra fundust ætluð fíkniefni og einnig á tveimur stöðum í borginni og voru þau haldlögð. - jss**

Prófkjör Framsóknarflokksins:

## Gísli gefur kost á sér í 2. sætið

**PRÓFKJÖR** Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, gefur kost á sér í 2. sæti á lista Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar næsta vor.



**GÍSLI TRYGGVASON**

Gísli er með embættispróf í lögum frá Háskóla Íslands og hlaut réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1998. Hann var ritstjóri Úlfljóts, tímarits laganema árið 1994 og sat í stjórn Orators, félags laganema.

Gísli hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum á vegum Framsóknarflokksins á undanförnum tíu árum og á meðal annars sæti í miðstjórn flokksins. **- hs**

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins:

## Gefur kost á sér í 3.-5. sæti

**PRÓFKJÖR Grímur Gíslason framkvæmdastjóri hefur ákveðið að gefa kost á sér í 3.-5. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar næsta vor.**



**GRÍMUR GÍSLASON**

**Grímur er fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum og hefur starfað sem blaðamaður, kennari og verkefnisstjóri en starfar nú sem framkvæmdastjóri Atlas hf.**

**Grímur hefur verið virkur í störfum innan Sjálfstæðisflokksins frá unglingsaldri og sat meðal annars í stjórn Eyverja, félags ungra sjálfstæðismanna í Eyjum. Grímur situr nú í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins. - hs**

Samhjálp íslenskra kvenna:

## Ný samtök um legslímuflakk

**HEILSA** Til stendur að stofna íslensk samtök um sjúkdóminn endómetríósis eða legslímuflakk sem margar íslenskar konur hafa þurft að glíma við vegna langvinnra verkja í grindarholi, bólguskemmda og ófrjósemi. Meðferð er erfið og leiðir oft til langvarandi lyfjameðferðar, endurtekinna skurðaðgerða og skertrar frjósemi.

Samtökin verða stofnuð að erlendri fyrirmynd og hafa þann tilgang að vekja athygli á þessu dulda vandamáli, bæta þekkingu á því og stuðla að samhjálp meðal kvenna sem þjást af sjúkdómnum. Stofnfundur verður í dag í Hringssal Barnaspítala Hringsins klukkan 17. **- sdg**



# allt í matinn

## meira fyr



















HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 20. október til 22. október eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

# á einum stað

## rir minna



þú sparar 663 kr/kg

**25%** afsláttur við kassa
Verð nú 1.990 kr/kg
Verð áður 2.653 kr/kg
BK hangilæri úrbeinað




**99** kr/stk
Pepsi 2L




þú sparar 346 kr/kg

**25%** afsláttur við kassa
Verð nú 1.039 kr/kg
Verð áður 1.385 kr/kg
Holta kjúklingarúllur m/smurosti og pepperóni




þú sparar 346 kr/kg

**25%** afsláttur við kassa
Verð nú 1.039 kr/kg
Verð áður 1.385 kr/kg
Holta kjúklingarúllur m/beikonosti og brokkólí




fjölskyldustærð

**195** kr.pk
Orville popp fjölskyldustærð




frábært úrval af Neutral

netto



Hvað veistu um jarðvarmavirkjanir?

**Verið velkomin á Nesjavelli**

Orkuveita Reykjavíkur býður gestum og gangandi að heimsækja Nesjavelli, kynna sér orkuverið ásamt því hvernig staðið hefur verið að umhverfismálum og aðgengi fyrir ferðamenn og gesti á Nesjavöllum.

Opið á Nesjavöllum í september og október:
Mánudaga til laugardaga er opið frá kl. 9:00–17:00.
LOKAÐ á sunnudögum.

www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS ORK 34442 08/2006

Foreldrar fatlaðra barna ósáttir við að börnum þeirra er ekki sinnt sem skyldi:

# Löng bið og ónóg úrræði

**VELFERÐARMÁL** Foreldrar fatlaðra barna sem leita til Sjónarhóls kvarta yfir að fjármagn, mannskap og úrræði vanti til að sinna börnum þeirra sem skyldi. Reikna má með að á milli 1500-1800 foreldar leiti til Sjónarhóls árlega, en þar eiga foreldrar barna sem eiga við langvarandi veikindi og fötlun að stríða rétt á ráðgjafaviðtölum.

Hrefna Haraldsdóttir, foreldraráðgjafi hjá Sjónarhóli, segir að flest mál sem berist Sjónarhóli séu skólamál og mál sem varði bið í kerfinu og ónóga stoðþjónustu við fötluð börn. „Sem dæmi má nefna að það er skortur á skammtímavistunum fyrir börn með þroskahömlun og á stuðningsfjölskyldum. Þeim sem sækja um búsetu fyrir fötluð börn sín finnst erfitt að fá ekki að vita hvenær börnin komist að og oft er um margra ára bið að ræða.“



**HREFNA HARALDSDÓTTIR** Flest mál sem berast Sjónarhóli eru mál sem varða bið í kerfinu og ónóga stoðþjónustu við fötluð börn.

Hrefna segir foreldra sem leita til Sjónarhóls oft reiða og við það að gefast upp. „Foreldrar barna með ofvirkniröskun kvarta gjarnan yfir að börn þeirra fái ekki nægan stuðning í skólanum og er þá skuldinni oft skellt á skort á fjármagni eða mannskap. Það er mjög erfitt fyrir foreldra að gera plön fram í tímann ef þeir vita ekki hvenær von er á búsetuúrræðum fyrir börn þeirra. Þá kvarta foreldrar yfir óljósum svörum úr kerfinu og segja að óvissa ríki um málefni þeirra.“ - hs

Heilbrigðisstofnunin:

# Heimahjúkrun aukin eystra

**HEILBRIGÐISMÁL Kvöld- og helgarþjónusta sú sem Heilbrigðisstofnun Suðurlands veitir nú í heimahjúkrun verður aukin verulega eystra.**

**Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðisráðherra, hefur ákveðið að veita Heilbrigðisstofnun Suðurlands sex milljóna króna viðbótarfé til að efla kvöld- og helgarþjónustu í heimahjúkrun. Þessi nýja þjónusta verður veitt á þjónustusvæði heilsugæslustöðvanna á Selfossi, Þorlákshöfn og í Hveragerði.** - jss



**ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK** Uppsagnir í álverinu hafa vakið deilur milli yfirstjórnar, hluta starfsmanna og verkalýðsfélagsins Hlífar í Hafnarfirði.

# Kærði og var sagt upp

**Fyrrum hliðvörður Alcan segir að sér hafi verið sagt upp vegna deilna við öryggisfulltrúa. Öðrum var fært gullúr að gjöf hálfu ári eftir að honum var sagt upp með þökkum fyrir vel unnin störf í 30 ár.**

**VINNUMARKAÐUR** Töluverður fjöldi fólks sem hefur starfað hjá Alcan á Íslandi hefur sett sig í samband við Fréttablaðið á undanförnum dögum. Einum þeirra, Markúsi Kristjánssyni, var sagt upp í fyrravor eftir 32 ára starf.

Markús segist hafa verið að vinna á nýársdag í fyrra og sá sem átti að leysa hann af hafi ekki mætt. Hann hafi þá hringt í Halldór Halldórsson, öryggisfulltrúa fyrirtækisins, sem hafi sagt honum að vera áfram og að þeir hafi deilt vegna þessa. Skömmu síðar var Markúsi send áminning vegna atviksins. Hann kærði Halldór öryggisfulltrúa í kjölfarið fyrir einelti á vinnustað. Þáverandi starfsmannastjóri tók málið fyrir á fundi og var þar ákveðið að mennirnir tveir myndu biðja hvorn annan afsökunar og þar með myndi málinu ljúka. Markúsi var sagt upp störfum skömmu síðar.

„Ég hafði aldrei áður verið áminntur. Mér hafði verið treyst fyrir masterslyklum að öllu svæðinu í 32 ár. Samt var mér sagt upp fyrirvaralaust og án þess að fá uppgefnar ástæður. Ég er ekki á móti fyrirtækinu. En ég er á móti því hvernig stjórnendur koma fram með mannvonsku.“ Hann segir neitun yfirmanna Alcan um að tjá sig efnislega um málið ekki koma sér á óvart. „Fyrirtækið reynir alltaf að svæfa málin niður með þessum hætti.“

Bergþór Bergþórsson hafði starfað í Straumsvík um áratuga skeið þegar honum var sagt upp í júní 2005.



**MARKÚS KRISTJÁNSSON** Starfaði sem hliðvörður hjá Alcan í 32 ár áður en honum var sagt upp störfum í fyrravor.

„Ég átti 30 ára starfsafmæli á þessu tímabili. Ég var síðan kallaður inn á teppið og boðinn starfslokasamningur. Engar aðrar skýringar voru gefnar nema þær að ég samrýmdist ekki starfsmannastefnu fyrirtækisins.“

Bergþór segir að uppsögnin hafi komið eins og þruma úr heiðskíru lofti.

„Ég tel mig hafa mætt mjög vel alla tíð. Ég er að vísu með sjúkling á heimilinu sem ég hef þurft að sinna svolítið. Ég veit ekki hvað telst eðlilegt í þessu en mér finnst nú að það ætti að ræða við starfsmenn áður en þeim er sagt upp.“ Til merkis um vinnubrögðin sem stunduð séu bendir Bergþór á að sér hafi verið afhent gullúr frá fyrirtækinu á aðfangadag í fyrra, um hálfu ári eftir að honum var sagt upp. „Á því stendur þökk fyrir vel unnin störf í 30 ár.“

Halldór Halldórsson, öryggisfulltrúi Alcan, vísaði öllum ásökunum á sínar hendur alfarið á bug en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið. thordur@frettabladid.is

ÞÚ LÉTTIST UM KÍLÓ Á VIKU!




Einfaldara getur það ekki verið!

Byrjaðu strax í dag og kjörþyngd þín er handan við hornið.

★★★★½ - amazon.co.uk

Hættu í megrun og lifðu lífinu til fulls!

Hefurðu fengið nóg af hefðbundnum megrunarkúrum? Koma aukakílóin alltaf aftur? Í bókinni *Þú léttist án þess að fara í megrun!* er kynnt ný og byltingarkennd leið til að léttast til frambúðar – án þess að nokkuð sé minnst á mat eða líkamsrækt!

Megrunarfæðið heyrir sögunni til og þú léttist til frambúðar!

Veröld BÓKAFORLAG

BRÆÐRABORGARSTÍG 9, SÍMI 414 1450
www.verold.is • verold@verold.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SÍA.IS - VER 34667 10/2006

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA • Ljósmynd: Svenni Speight




INNRÉTTING: 510.700 BORÐPLATA: 417.360 HELLUBORÐ: 135.990 PIPARMYLLA: 2.999 SKÁL: 2.599 HÁFUR: 206.657 KRÚS (2 stk): 2.999

**VELKOMIN HEIM**

EGG er með allt til að innrétta og fegra heimilið þitt. EGG er á Smáratorgi.

www.egg.is



GRACE HÁFUR - **206.657**

EGG

## „ORÐRÉTT“

### Elliheimili á hvalveiðum

**„Það leikur vafi á hvort kalla eigi áhöfina „landsliðið í hvalveiðum“ eða „elliheimili á hvalveiðum“.“**

SIGURÐUR NJÁLSSON SKIPSTJÓRI HVALS 9 ÞEGAR LAGT VAR Á MIÐIN.

Fréttablaðið 19. október.

### Hógvær Svavar

**„Ég hafði engan grun um þetta og datt ekki í hug að ég væri svo merkilegur að verið væri að fylgjast með mér á einhvern hátt.“**

SVAVAR GESTSSON SENDIHERRA SEM VAR GRUNLAUS UM AÐ VERIÐ VÆRI AÐ RANNSAKA TENGSL HANS VIÐ STASI.

Blaðið 19. október.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? JÓNAS ÞORSTEINSSON MARKAÐSRÁÐGJAFI**

## Ýtir undir kenninguna að fólk sé fífl

„Ég myndi nú segja að það sé bara allt slæmt að frétta, að minnsta kosti fyrir okkur í ferðaþjónustunni,“ segir Jónas Þorsteinsson hjá Goecco, sem er alhliða markaðshús sem sérhæfir sig í lausnum fyrir innlenda og erlenda ferðaþjónustu. „Hvalveiðarnar munu hafa miklu verri áhrif en íslensk ferðaþjónusta gerir sér grein fyrir. Kúnnarnir eru að senda okkur e-mail og vara við því að þetta geti orðið mjög alvarlegt mál. Maður fær e-mail frá ferðaskrifstofum, helst þýskum og bandarískum, sem spyrja bara hvern andsk... við séum eiginlega að pæla. Mér þykir ljóst að ákvarðanirnar um stóriðju og nú að leyfa hvalveiðar ýta stórlega undir þá kenningu að fólk sé fífl.“



Jónas segir að sumarið hafi annars verið gott og hann vonar að ekki verði miklar breytingar á ferðamannastraumnum. „Við fengum einmitt gest númer átta þúsund í draugaferðina okkar í fyrradag. Þetta er fyrsta árið sem við bjóðum upp á þessa ferð og það hefur komið mér á óvart hversu margir Íslendingar hafa komið með. Við ætlum einmitt að bjóða upp á þessar ferðir á íslensku í vetur. Upphaflega leigðum við fjóra miðla og sendum þá um miðbæinn til að leita að draugum. Þeir fundu allir sömu staðina svo eitthvað hlýtur að vera að marka þetta. Nú er verið að skipuleggja næsta ár og það verður boðið upp á ýmsar spennandi nýjungar í ferðaþjónustunni. Ég gef ekki meira upp, nema stikkorðin álfar og konur.“

## SAMANBURÐUR:

### ÍSLAND / NORÐUR KÓREA

■ Við veiðum hvali, þeir sprengja kjarnorkusprengjur. Hvort tveggja æsir þjóðir heims upp en bæði þeir og við segjumst hafa fullan rétt á að gera það sem okkur sýnist. Norður-Kóreumenn eru rúmlega 23 milljónir talsins, í 48. sæti yfir fjölmennustu ríki heims. Þeir eiga samt fjórða stærsta her í heimi. Við erum í 178. sæti yfir fjölmennustu ríki heims (Pitcairn eyja er neðst í 230. sæti með 67 manns) og eigum engan her. Þeir tilbiðja eilífan leiðtoga sinn, Kim Il-sung, en við tilbiðjum engan.



## SJÓNARHÓLL

**MÓTMÆLI VIÐ HVALVEIÐUM**

### Sjálfvirk mótmæli

„Maður er drulluleiður á þessum yfirlætislegu afskiptum alltaf,“ segir Stefán Máni rithöfundur um mótmælin sem nú dynja á okkur vegna nýhafinna hvalveiða, m.a. frá Bretum og Bandaríkjamönnum. „Þessi mótmæli eru sjálfvirk eins og Velvakandi og þreytandi pólitík sem snúast held ég ekkert um hvali. Við eigum ekki að fara á taugum þótt einhverjir túristar stappi niður fæti. Það hlýtur að eiga að snúast um hvort veiðarnar borgi sig eða ekki, ekki um nokkra Þjóðverja með tárvot augu. Sjálfur hef ég enga afgerandi skoðun á þessum veiðum. Mér finnst skipin ógeðslega flott og illileg að sjá og öll stemningin í kringum veiðarnar er rómantísk á nostalgískan hátt. Við ættum að gera meira út á það, breyta þessum skipum bara í Disneyheim með hoppandi leikurum með lepp fyrir auganu og tréfót um borð. Svo mætti skjóta gúmmíhvali eða það mætti nota skipin til hvalaskoðunar og skjóta mat til hvalanna. Þannig væri hægt að taka Gísla Martein á þetta, og allir yrðu ánægðir.“



# Elskar kyrrðina í Reykjavík

**Yuka Ogura er komin til Íslands í sjötta skiptið á þremur árum. Hún er einlægur aðdáandi lands, þjóðar og menningar, sérstaklega tónlistarinnar, og sækir Airwaves-hátíðina nú í þriðja sinn. Yuka segist vera sendiherra íslenskrar menningar í Japan og með henni í för nú eru tíu japanskir aðdáendur sem standa í ströngu á næstu dögum við að gleypa í sig af gnægtaborði Airwaves.**

„Ég hitti Ásmund Jónsson í Smekkleysu í morgun,“ segir Yuka. „Krakkarnir sem eru með mér vissu flestir hver hann er og komu með mér til að láta taka af sér myndir með honum.“ Hópurinn kom hingað á miðvikudaginn eftir tólf tíma beint flug frá Tókýó. „Ég fékk brennandi áhuga á landinu fyrir nokkrum árum. Það er margt líkt með Íslandi og Japan. Bæði löndin eru eyjur, báðar þjóðirnar stunda hvalveiðar og bæði löndin eru á sprungusvæðum með tilheyrandi eldvirkni og heitum hverum. Þið hafið svo víkingana en við samúræjana.“

Þegar Íslandsáhuginn gagntók Yuku segist hún hafa leitað upplýsinga um landið á japönsku en lítið fundið. Því hafi hún sjálf byrjað að skrifa bók um Ísland sem hún vonast nú til að fá útgefna enda sé sífellt meiri áhugi á Íslandi í Japan. „Það kom reyndar út fjögur hundruð síðna bók um Ísland og Grænland fyrir nokkru, en það eru bara tíu blaðsíður um Reykjavík í þeirri bók. Fólk heldur því að það sé bara endalaust landslag á Íslandi, en ég hef miklu meiri áhuga á Reykjavík og menningunni. Það er svo gott að vera hérna, mikil kyrrð og spennandi fólk. Það sem er líka mjög yndislegt hérna er að allir halda að ég sé miklu yngri en ég er. Fólk heldur að ég sé þrjátíu og eitthvað, en ég er reyndar 46 ára.“

Svo mikill er tónlistaráhuginn að Yuka rekur netsíðuna Alljos.com, sem er bæði kynningarvefur og netbúð fyrir íslenska tónlist. Yuka segist flytja inn diska frá útgefendum hér og hún hefur staðið fyrir hlustunarpartíum. „Í stærsta partíið mættu um tvö hundruð manns en það voru nú eiginlega alltof margir. Ég hef takmarkað þetta við fimmtíu manns síðan. Björk, Sigur Rós og Múm eru langvinsælustu listamennirnir í Japan, en flestir sem byrja með því að falla fyrir þeim komast á bragðið og vilja heyra í fleirum. Ég vil bjóða upp á alla flóruna og er líka með íslenskan djass og klassík.“

Yuka kom hingað fyrst árið 2003 og kom fjórum sinnum það ár því hún vildi upplifa allar árstíðirnar.



**YUKA OGURA Í REYKJAVÍK** Sendiherra íslenskrar tónlistar í Japan er að skrifa bók um landið og menninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þrátt fyrir að hafa verið hér í samtals tvo mánuði í sex heimsóknum segist Yuka eiginlega ekkert hafa farið út á land. „Fyrst þegar ég kom fór ég Gullna hringinn og svo bauð fyrrverandi sendiherra Íslands í Japan, Ingimundur Sigfússon, mér í sumarbústaðinn sinn rétt hjá Blönduósi. Margir Japanir sem ég tala við halda að ég sé eitthvað klikk að hafa svona lítið farið út úr Reykjavík. Ég stefni reyndar að því að fara um allt land, en það verður ekki fyrr en maðurinn minn og fjórtán ára sonur komast með mér. Ég er að spara mér landið fyrir þá.“

Yuka er gríðarlega spennt fyrir mörgu á Airwaves en segir svo mikið í gangi að erfitt sé að velja úr. Hún er í og með að safna upplýsingum fyrir bókina með því að taka viðtöl við listamenn og bransafólk. „Ég elska tónlistina hans Megasar þótt ég skilji reyndar ekkert í textunum. Bubba fíla ég ekki eins þótt hann sé stórstjarna hér. Hann er Bruce Springsteen á meðan Megas er Bob Dylan. Ég hef farið heim til Megasar og tók þar viðtal við hann. Hann sagði mjög skemmtilegar sögur. Drög að sjálfsmorði er uppáhalds Megasarplatan mín. Björk hef ég bara séð einu sinni. Það var í tíu ára afmælispartíi Sigur Rósar á Apótekinu. Ég sagði hæ en hún hefur líklega haldið að ég væri bara einhver brjálæðingur.“

gunnarh@frettabladid.is


Ford

Nýtt tákn um gæði



Ford Mondeo Trend
2,0i 5 dyra sjálfskiptur*
Uppskerutilboð 2.290.000 kr.
Bílasamningur 27.490 kr.
Rekstrarleiga 39.050 kr.

GCI ALMANNATENGSL · GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Uppskeruhátíð

Góð tíð 2.290.000 kr.

Komdu á Uppskeruhátíð Brimborgar í dag. Ofurtilboð.

**Veldu Ford. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu uppskerutilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á uppskeruverði.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.


Sláturtíð lokið og jólin á næsta leiti:

# Jólailminn leggur yfir alla Húsavík

„Menn komast strax í jólastemningu þegar byrjað er að vinna með hangikjötið,“ segir Sigmundur Hreiðarsson, vinnslustjóri Norðlenska á Húsavík. Sláturtíðinni þar er lokið og nú vinnur Sigmundur og starfsfólk hans hörðum höndum að því að gera jólarétt Íslendinga, hangikjötið eins ljúffengt og unnt er.

„Hér er sterk hefð fyrir hangikjötsframleiðslu og mikill metnaður lagður í að gera það eins og gott og okkur er lagið,“ segir Sigmundur sem segir af og frá að taka upp á einhverjum nýjungum við þessa vinnslu. „Það á ekki að breyta því sem er gott, og það er hangikjötið okkar svo sannarlega.“

Sigmundur hefur starfað við kjötvinnslu „lengur en leigubílstjórinn í Spaugstofunni“, eins og hann orðar það, eða í þrjátíu ár. Starfið segir hann þó alltaf jafn skemmtilegt og í litlum bæ eins og Húsavík séu allir með á nótunum um hvað sé að gerast í framleiðslunni. „Já, ilminn af kræsingunum sem verið er að útbúa leggur frá okkur þegar við komum úr vinnu. Starfsfólkið í versluninni og bankanum hefur það líka á orði þegar við komum angandi af hangikjöti að jólin séu greinilega á næsta leiti.“ - kdk



**HÚSAVÍK** Jólin á næsta leiti.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Þetta ALLT í Bónus!
EKKERT BRUDL
Sjáðu verðið!
Ferskar bringur
38% afsláttur við kassann
FERSKIR BRINGUR kílóverð nú: 1599 KR.
Merkt verð 2565KR.
Grillaður heill og kaldur Móa kjúklingur
40% afsláttur við kassann
MÓA KJÚKLINGUR kílóverð nú: 479 KR.
Merkt verð 799KR.
Ferskar Holta kjúklingabringur
Lífrænt ræktaðir Chiquita bananar!
Sjáðu verðið!
KÍLÓVERÐ: 259 KR.
Sama verð í öllum Bónusverslunum á landinu!
www.bonus.is



BÓNUS
VERKUÐ MEÐ GAMLA LAGINU!
Það finnst á bragðinu...
SÉRVERKUÐ SVIÐ
kílóverð nú:
479 KR.
Merkt verð 599KR.
Athugið !
Handverkuð, skoluð og hreinsuð í köldu vatni (ekki burstuð) og sviðin -eingöngu með kósangasi (án súrs). Vopnfirsk framleiðsla.
500g
Kjarna
vítamínbætt
KJARNA SMJÖRLÍKI
79 KR.
500g
smjörlíki
500 g smjörlíki
Bónus fetinn
BÓNUS
BÓNUS FETA
OSTUR Í KRYDDOLÍU
Bolsíus ilmkerti
BOLSÍUS ILMKERTI
259 KR.
ORCHID
WILD CRANBERRY
PINEAPPLE
FRENCH VANILLA
Fylgist með okkur...
Kellogg's
750g
299 KR.
ALL-BRAN
ORIGINAL
Helps you feel good on the inside
Apelsinjuice
Orange juice
Framställd av koncentrat
Made of concentrate
EURO SHOPPER
Sanpellegrino
LINEA RIPOSANTE
20
40
Sollievo
Sjáðu verðið!
Sollievo 20 DEN 359KR. * Sollievo 40 DEN 399KR.
Tropisk nektar
Tropical nectar
Framställd av koncentrat
Made with concentrated fruit juices and purées
Äppeljuice
Apple juice
Framställd av koncentrat
Made of concentrate
ÁVAXTASAFI
59 KR.
lítri
Trendyman
5 SOKKAPÖR
599 KR.
5 sokkapör
-við fylgjumst með verðinu!

## ALLT HITT

[ MATUR TILBOÐ ]

**Gotta** mysingur er nýjung á markaðnum en flest börn þekkja Gotta ost og Gotta smurost. Gotta mysingur er með karamellubragði og góður á brauðið hjá börnunum.

**Zik Zak** tískuhús var að fá nýja sendingu af gallabuxum og verður með tuttugu prósenta afslátt á þeim út vikuna.

**Haustútsala** stendur yfir í Debenhams. Á útsölunni má fá allt að fimmtíu prósenta afslátt af völdum vörum.



**Yggdrasill** er með fjölbreytt úrval af lífrænt ræktuðum Rapunzel vörum. Meðal þess sem er í boði eru þurrkaðir ávextir, morgunkorn og múslí, matarolíur og ljóst og dökkt pasta.

**Kjúklingaveisla** verður í Spar um helgina og er þrjátíu prósenta afsláttur af kjúklingum frá Ísfugli.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 20. október, 293. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.35 | 13.12 | 17.48 |
| Akureyri | 8.26 | 12.57 | 17.26 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Sigurður Rúnar Ásgeirsson, kokkur á Skrúði, með dögurð að hætti hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Dögurður endurvakinn

***Á sunnudögum geta borgarbúar brugðið sér á Hótel Sögu og fengið „brunch" eða dögurð, eins og þessi máltíð var kölluð þar um árið.***

Sigurður Rúnar Ásgeirsson er kokkurinn sem hefur yfirumsjón með dögurðinum á Skrúði, en undanfarin misseri hefur það færst mjög í aukana að Íslendingar hittist í hádeginu um helgar til að gæða sér á eggjum, beikoni og öllu sem til heyrir. „Við endurvöktum dögurðinn síðasta vor, en það var hótelstjórinn sem fékk þessa hugmynd," segir Sigurður.

Á Sögu hefst máltíðin með rjómalagaðri sjávarréttasúpu en svo tekur við hlaðborð sem gestir geta notið að vild. „Við bjóðum upp á sirka tíu kalda rétti, ýmiss konar álegg og svo heitan mat á borð við egg, beikon, steikta tómata, sveppi og fleira," segir Sigurður og bætir því við að sætindi séu í boði eftir matinn fyrir þau sem það vilja.

Máltíðin kostar 2.000 krónur fyrir fullorðna en er ókeypis fyrir börn yngri en sex ára. Tólf ára og yngri fá dögurðinn á hálfvirði. Sigurður segir að þeim sem komi í dögurð fari sífellt fjölgandi „Maður er líka alltaf að sjá sömu andlitin sem segir mér að fólk kann augljóslega að meta þetta."

Sigurður segist sjálfur halda mest upp á egg Benedikt, sem er útfærsla á matreiðslu á eggjum sem Íslendingar hafa lítið fengið að kynnast.

„Þegar maður fer í „brunch" þá langar mann oftast í eitthvað sveitt og gott og þannig eru egg Benedikt. Eggjahræran er líka alltaf góð, svo lengi sem hún er matreidd rétt," segir Sigurður og tekur það fram að eggjahræra eigi alltaf að vera svolítið blaut og laus við krydd svo að eggjabragðið fái að njóta sín.

Dögurður er framreiddur á Hótel Sögu, Radison SAS, alla sunnudaga frá 11.30-14.00 en uppskriftir Sigurðar að góðum dögurði er að finna á síðu 3. *mhg@frettabladid.is*

## Pönnsur í pökkum

ÖMMUBAKSTUR HEFUR SETT TILBÚNAR PÖNNUKÖKUR Á MARKAÐINN.

Pönnukökur frá Ömmubakstri eru kærkomin viðbót við það brauðmeti sem fyrir er. Þær eru seldar tólf saman í pakka og þurfa að geymast í kæli. Gott er að ylja þær upp fyrir notkun annaðhvort á pönnu eða í örbylgjuofni, það er að segja ef ekki á að bera þær fram með rjóma eins og alþekkt er sem meðlæti með kaffi eða ábætisréttur. Pönnukökur hafa löngum verið vinsælar hér á landi, ýmist upprúllaðar með sykri eða með sultu og rjóma. Einnig er hægt að bera þær fram með ósætum sósum og ýmiss konar salati.



Auðvelt er að gera sér dagamun með pönnukökur frá Ömmubakstri á borðum.




Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.

Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

JKE DESIGN

Óteljandi möguleikar

Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

# Ítölsk matargerðarlist

***Veitingastaðurinn Galileó í Hafnarstræti fékk nýverið til sín nýjan liðsmann, ítalska kokkinn Antonino Neri. Eftir komu hans hefur eldhúsið tekið stakkaskiptum og nú er hvítlaukurinn allsráðandi.***

Antonino Neri, eða Nino einsog hann er kallaður, fæddist á Sikiley en ólst að mestu leyti upp á Sardiníu og Norður-Ítalíu. Hann hefur starfað sem kokkur í um 30 ár og nú fá Íslendingar að njóta kunnáttu hans. Nino leggur mikið upp úr því að halda í ítalskar hefðir í eldhúsinu á Galileó.

„Ég er mjög stoltur af ítalskri matargerð og ég vil ekki yfirgefa ítalskar hefðir," segir Nino og leggur áherslu á orð sín með ítölsku handapati. „Ég til dæmis bæti ekki við rjóma í spaghetti carbonara, það er ekki ítalskt. Við ítalska matargerð á Íslandi eru notuð mörg krydd eða hráefni sem ekki er hefð fyrir á Ítalíu. Íslendingar elska sósurnar sínar," bætir hann við og glottir. „En því miður þá dregur sósan úr rétta bragðinu. Ég vil framreiða ekta ítalskan mat sem fellur Íslendingum í geð."

Nino vann um skeið fyrir íslenskan mann og var það sú vinna sem dró hann fyrst til landsins. Hins vegar segir Nino að þeim hafi nú ekki komið vel saman svo hann hætti og hóf störf á Galileó. „Ég er svo ánægður hér á Galileó," segir Nino og brosir breiðu ítölsku brosi.

„Ég er ákaflega þakklátur þessum manni fyrir að hafa brugðist mér, þar sem ég fæ nú að elda hér á Galileó, þúsund þakkir."

Þakklæti Ninos fyrir veru hans hér brýst svo sannarlega í gegn í matseld hans eins og myndirnar bera með sér. En engin mynd getur fullnægt þörfum bragðlaukanna, þeir verða að sannreyna bragðið sjálfir.

*johannas@frettabladid.is*

Fjöruborðið
Og hafið sagði ok.
Við Fjöruborðið
Eyrarbraut 3 • 825 Stokkseyri • S. 483 1550
www.fjorubordid.is • ifno@fjorubordid.is



AnitpastiFiletto di Manzo in Crosta - grillaðar nautalundir, sveppir hvítlaukur, laukur, steinselja. Raðið innihaldinu í djúpan disk. Setjið fyrst sveppi, svo nautalundirnar og svo aftur sveppi ásamt hinu innihaldinu. Lokið disknum með pítsadeigi og setjið pítsasósu ofan á til að varna því að deigið brennið. Eldið við 200° hita í um það bil 20 mínútur. Þegar degið er orðið brúnt og lyftist upp þá er rétturinn tilbúinn. Diskurinn er borinn fram með deiginu heilu.



Ef halda á sannkallaða ítalska veislu er eins gott að hafa með nógu mikið á borðum og að



Á Ítalíu eru snæddir fjórir réttir í hverri máltíð; Forréttur, þá antipasti, svo aðalréttur og að síðustu eftirréttur. Til að halda ekta ítalska veislu er því nauðsynlegt að elda einn antipasti. Lorighitas Cavallino: Í réttinum, sem er frá Sardiníu, eru risarækjur, chili, súkkíni skorið í renninga, ólívuolía, hvítlaukur og ferskir tómatar til að auka litagleðina.Til að ná fram ekta ítalskri áferð á pastað er það eldað al dente. Þá er pastað ekki soðið í gegn, en leitað eftir smá fyrirstöðu við endajaxlana þegar þið smakkið pastað til. Sé hún fyrir hendi er pastað al dente.






Hrein lífræn jógúrt!




Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd **án sykurs**.
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio•Bú
Biobu ehf. • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is



ð sjálfsögðu, nógu mikinn hvítlauk.



Eftirréttir ættu kannski að heita eftirvæntingarréttir enda er þeir kærkomnir eftir góða máltíð. Hér leyfði Nino sköpunargleðinni aðeins að njóta sín enda er skemmtilegt að enda góða máltíð með glans. Uppistaðan er ferskir ávextir að eigin vali, ananas, rúsínur, perur, mangó eða hvað sem er. Ávextirnir eru látnir liggja í ávaxtalíkjör. Skerið niður eplaskífur. Setjið sítrónusafa í pensil og málið létt yfir eplasneiðarnar svo að þær verði ekki brúnar þegar á líður. Síðan er ávöxtunum raðað á milli skífanna og borið fram með ís að eigin vali.



## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

# Lauksúpa

Ógrátandi get ég sagt frá þessari súpu því að ég kann trix við að skera laukinn sem virkar vel. Takið hýðið af lauknum og látið laukana svo liggja í köldu vatni í tíu mínútur áður en þeir eru skornir niður í þunnar sneiðar. Þó þessi lauksúpa sé ekki fljótleg, þá er hún mjög auðveld í matreiðslu og unaðslega ljúffeng. Hún minnir á níunda áratuginn, haustið og bestu daga ársins.

**1 kg laukur (afhýddur og skorinn í þunnar sneiðar)**
**5 msk ólífuolía**
**1 tsk ferskt blóðberg**
**3 dl rauðvín**
**2 msk balsam edik**
**1 líter kjúklingasoð (gjarnan úr kjúklingakrafti)**
**nýmalaður svartur pipar**
**2 hvítlauksgeirar**
**5-6 msk rifinn parmesan-ostur (eða annar bragðmikill ostur)**
**1 snittubrauð**



1. Hitið 3 msk. af olíu í potti og steikið laukinn ásamt salti og blóðbergi við miðlungshita, hægt og rólega í um 45 mínútur. Hrærið í öðru hverju.
2. Á meðan laukurinn steikist, skerið snittubrauðið í um 3 sm þykkar sneiðar. Penslið sneiðarnar með ólífuolíu og ristið í ofni þar til þær verða gullnar og stökkar. Takið sneiðarnar út úr ofninum og nuddið þær því næst með hvítlauknum.
3. Þegar laukurinn hefur steikst í 45 mínútur setjið þá balsamedikið út í pottinn, hrærið í og steikið áfram í 15 mínútur. Setjið þá rauðvínið út í og svo kjúklingasoðið. Smakkið súpuna til, piprið hana vel og vandlega og haldið henni heitri.
4. Raðið helmingnum af snittubrauðsneiðunum í botninn á eldföstu móti. Veiðið lauk upp úr súpunni og setjið yfir sneiðarnar og stráið helmingnum af ostinum yfir. Setjið því næst önnur lög af brauði, lauk og osti ofan á og ausið nokkrum skeiðum af súpu yfir. Setjið brauðið í 170 gráðu heitan ofn og bakið í um 20 mínútur.
Þegar brauðið er tilbúið ausið þá súpunni í súpuskálar, skiptið brauðinu á milli skálanna og berið fram.



Fyrir þá sem vilja fara alla leið og hleypa ekta ítalskri stemmningu að matarborðinu ættu að handgera sitt eigið pasta. Vissulega er það ekki hrist fram úr erminni en það er vert að reyna. Mest um vert er að nota rétta hveitið í pastagerðina en Nino mælir með Semolino hveiti. Með hálfu kílói af hveiti og þremur eggjum fæst pasta-skammtur fyrir um sjö til átta manns. Hrærið hveitinu og eggjunum saman og bætið salti við. Stundum er þörf á að bæta vatni við en það sést fljótt þegar byrjað er að hræra. Þá er komið að erfiðisvinnunni en það er að fletja degið út. Þegar þið teljið deigið vera orðið nógu flatt, skuluð þið fletja um helmingi meir. Þá ætti deigið að vera tilbúið fyrir skurð. Hægt er að fá sérstaka skurðarhnífa til að meðhöndla pasta en gamla góða kleinujárnið eða pítsahnífurinn dugar einnig vel. Lykilatriðið við skurðinn er nota nógu mikið af hveiti svo að deigið límist ekki við allt og alla. Þegar ferskt pasta er svo soðið fellur það til botns í pottinum þegar það er sett í hann. Þegar pastað flýtur aftur upp þá er það tilbúið en það tekur rétt um þrjár mínútur.



Mozzarella caprese. Ferskir tómatar á mozzarella osti. Nino lofaði íslenska Mozzarella ostinn í hástert.




# allt tilboð o.fl.

**65%** Mestur afsláttur þessa helgi er á kartöflunum í Bónus, aðra vikuna í röð. Það eru tegundirnar gullauga, rauðar og premier sem lækka úr 179 krónum, tveggja kílóa pokinn, í 59.


**Hélene Magnússon**

kynnir **"Rósaleppaprjón í nýju ljósi"**

í verslun okkar frá kl. 14 - 16

laugardaginn 21. október.

Handprjónasambandið

Skólavörðustíg 19 • 552 1890



SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK

**Allir á skauta**

Skautaholl.is

Opið frá kl. 13 00 allar helgar

Í gamla daga gerði fólk góðu kaupin erlendis.
Í dag kemur það til okkar.




Austurhrauni 3 | Garðabæ (móti IKEA)
Sími: 555-2866. www.bmagnusson.is
Opið 10-18. Laugardaga 11-14.

BM

alltmatur

Alla föstudaga


## netto

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Goða lambabógur frosinn | 699 | 1.299 | 699 | 45 |
| Goða bayonskinka | 999 | 1.588 | 999 | 35 |
| Goða súpukjöt blandað | 399 | 619 | 399 | 35 |
| BK hangilæri úrbeinað | 1.990 | 2.653 | 1.990 | 25 |
| BK súpukjöt 1. fl. | 524 | 699 | 524 | 25 |
| BK ítalskar pylsur | 550 | 1.099 | 550 | 50 |
| Ben & Jerrys Caramel Sutra | 479 | 599 | 479 | 20 |
| Ben & Jerrys Choc Chip Cookie | 479 | 599 | 479 | 20 |

Tilboðin gilda til 22. október

## BÓNUS

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ferskar kjúklingabringur | 1.599 | 1.998 | 1.599 | 20 |
| Chiquita-bananar lífrænt ræktaðir | 259 | Nýtt | 259 | |
| Móa grillaður kjúklingur | 479 | 719 | 479 | 35 |
| KF lambasúpukjöt 1 fl | 399 | 499 | 399 | 20 |
| Ferskt ungnautahakk 8-12% feitt | 979 | 1.259 | 979 | 20 |
| KF lambasvið sérverkuð | 479 | 599 | 479 | 20 |
| Myllu heimilisbrauð 770 g | 98 | 179 | 127 | 45 |
| Kartöflur gullauga/rauðar/premier 2 kg | 59 | 179 | 30 | 65 |
| Euroshopper-ávaxtasafar 1 l | 59 | 73 | 59 | 20 |
| Emmess skafís 2 l | 398 | 498 | 199 | 20 |
| Bónus wc pappír 24 rúllur | 379 | Nýtt | 16 | |

Tilboðin gilda til 22. október

## HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Svínalundir úr kjötborði | 1.699 | 2.549 | 1.699 | 35 |
| Lambainnralæri úr kjötborði | 2.298 | 3.195 | 2.298 | 30 |
| Toscana-skinka soðin | 1.259 | 1.798 | 1.259 | 30 |
| Innfluttar kjúklingabringur | 1.599 | 1.899 | 1.599 | 15 |
| Ungnautahakk | 899 | 1.398 | 899 | 35 |
| Myllu Veronabrauð | 229 | 339 | 229 | 30 |
| Myllu tómatbrauð | 229 | 349 | 229 | 35 |

Tilboðin gilda til 22. október

## KASKO

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| BBQ Partírif - RIBS | 899 | 1.198 | 899 | 25 |
| SS Birkireyktur hangiframpartur | 1.798 | 2.248 | 1.798 | 20 |
| Ísfugl kjúklingur ferskur heill | 558 | 698 | 558 | 20 |
| Holta kjúklingaálegg óreykt | 1.605 | 2.140 | 1.605 | 25 |
| Holta Buffaló-vængir | 623 | 830 | 623 | 25 |
| Holta hunangslegin læri | 863 | 1.150 | 863 | 25 |
| Egils Pepsi 2 l | 99 | 185 | 99 | 45 |
| Ben & Jerrys Mint Chocol 473 ml | 479 | 599 | 479 | 20 |

Tilboðin gilda til 22. október

## KRÓNAN

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Hangiframpartur m/beini í poka Goða | 599 | 999 | 599 | 40 |
| Krónu þurrkryddað lambalæri | 1.198 | 1.498 | 1.198 | 20 |
| Kjúklingapíta Móa | 629 | 899 | 629 | 30 |
| Kjúklingabringur frosnar Danpo 900 g | 1.498 | 1.799 | 1.664 | 15 |
| Súpukjöt lítill poki Goða | 368 | 534 | 368 | 30 |
| Blóðmör/lifrarpylsa ósoðin 4 keppir | 719 | 1.198 | 180 | 40 |
| Nautahelgarsteik Borgarnes | 1.798 | 2.598 | 1.798 | 30 |
| Organic-barnamatur 29 teg. 113 g | 87 | 109 | 770 | 20 |
| Pampers DUO BD midi/junior/maxi/maxi+ | 1.299 | 1.360 | 1.299 | 5 |
| Libero BC Maxi/Maxi+/XL/XL+ | 1.099 | nýtt | 1.099 | |

Tilboðin gilda til 22. október

## NÓATÚN

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ungnauta innralæri | 1.998 | 2.998 | 1.998 | 35 |
| Ungnauta fille | 2.398 | 3.498 | 2.398 | 30 |
| Ungnauta Rib-eye | 2.498 | 3.698 | 2.498 | 32 |
| Ungnauta piparsteik | 2.398 | 3.298 | 2.398 | 25 |
| Lamba Rib-eye kjötmeistarans | 2.498 | 3.298 | 2.498 | 25 |
| Ungnautahamborgarar 120 g | 129 | 198 | 129 | 35 |
| Gourmet grísa ofnsteik | 995 | 1.765 | 995 | 45 |
| Grísalundir | 1.998 | 2.598 | 1.998 | 25 |
| Kea Londonlamb | 999 | 1.769 | 999 | 45 |
| EO lífræn sojamjólk 10 teg. 946 ml | 299 | 369 | 316 | 20 |

Tilboðin gilda til 22. október

## Þín verslun

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ferskur kjúklingur | 468 | 669 | 468 | 30 |
| Úrb. bringur án skinns | 1.686 | 2.409 | 1.686 | 30 |
| Kjúklingalæri/leggir magnbakki | 484 | 692 | 484 | 30 |
| Frönsk sveitaskinka 1/1 pökkuð | 1.468 | 1.835 | 1.468 | 20 |
| Borgarnesbjúgu | 467 | 584 | 467 | 20 |
| Hótel lifrakæfa 165 g | 207 | 258 | 1.255 | 20 |
| Oxpytt 550 g | 329 | 459 | 598 | 30 |
| Tapini standur 60x150 g | 99 | 131 | 1.650 | 24 |
| Haust hafrakex 250 g | 139 | 159 | 556 | 15 |
| Mills kavíar 190 g | 219 | 309 | 1.147 | 30 |
| Orville örb. popp 3 pk 255 g | 139 | 169 | 545 | 20 |
| Toro mexikansk grýta 187 g | 219 | 294 | 1.171 | 25 |

Tilboðin gilda til 25. október


# BYLTING Í SVEFNLAUSNUM

**BETRI HVÍLD, DÝPRI SVEFN OG MEIRI VELLÍÐAN.**

**FRÍ LEGUGREINING OG FAGLEG RÁÐGJÖF**

Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.

**20-65% AFSLÁTTUR**



55 ÁRA

Húsgagnavinnustofa RH

Rúm Gott

Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is

## Raftæki hjá Rönning



SPARNAÐARDAGAR ERU NÚ HJÁ RÖNNING.

Uppþvottavélar, blástursofnar, ísskápar, eldavélar og pottasett eru meðal þess sem boðið er á lækkuðu verði hjá Rönning þessa dagana. Mestur er mismunurinn á verði Gorjene ísskáps sem nú er boðinn á 32.800 krónum lægra verði en áður, eða á 75.900 staðgreitt. Fagor þvottavél sem tekur 8 kíló og vindur á 1200 snúningum er nú 24.600 krónum ódýrari en er hún var á fullu verði og kostar 62.900 og pottasettin fást á 10.000 krónum minna en áður, eða á 13.900 krónur. Uppþvottavél af gerðinni Fagor með stállit er nú á 75.900 og kaup á henni bjóða upp á 18.200 króna sparnað.

Gorenje ísskápur.



Í Miru má finna margs konar falleg húsgögn sem sóma sér hvar sem er.

## Algjört verðhrun

HÚSGÖGN OG GJAFAVARA Á GÓÐU VERÐI.

Lagersala stendur yfir fram á sunnudag í húsgagnaversluninni Miru þar sem verið er að rýma til fyrir nýjum vörum. Á lagersölunni má fá margs konar húsgögn og gjafavöru með allt að níutíu prósenta afslætti.



Vöðlur frá versluninni Vesturröst.

## Útsölumarkaður

ELLINGSEN OG ÚTIVIST & VEIÐI ER MEÐ ÚTSÖLUMARKAÐ Í SÍÐUMÚLA 11.

Afsláttur er mikill eða allt að 80 prósent. Vörur sem eru á útsölu eru veiðivörur, fatnaður, skór, grill, útileguvörur og fleira. Útsölumarkaðurinn er opinn frá 10 til 20 alla daga vikunnar.




FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

ÁTTU VON Á GESTUM?
SVEFNSÓFAR MEÐ HEILSUDÝNU











SVEFNKOLLAR
Svefnkollurinn er mjög þægilegur og einfaldur í notkun. Microfiber áklæði sem er sérlega slitsterkt, endingargott og hrindir frá sér óhreinindum. Fáanlegir í mörgum litum. 5 sekúndur úr kolli í rúm.

www.design.is ©2006

GLÆSILEGUR SÝNINGARSALUR OKKAR ER FULLUR AF NÝJUM SVEFNSÓFUM - Á OKTÓBERTILBOÐI

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

**Sock Shop** breytir um nafn og verður **Cobra**

**20%** afsláttur til 20. október

cobra

Sokkabúðin Kringlunni erum á 1. hæð við blómatorgið




## Þvottur á góðu verði

TILBOÐ Á GÆÐAÞVOTTAVÉLUNUM FRÁ MIELE.

Hægt er að gera góð kaup í Eirvík þessa dagana á Mieleþvottavélum. Listaverðið er 160 þúsund en tilboðið á þvottavélinni er 114 þúsund þannig að afslátturinn er allt að 30 prósent. Miele-þvottavélar eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. Þær eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli. Nánari upplýsingar fást í Eirvík, Suðurlandsbraut 20 eða á heimasíðu þeirra www.eirvik.is.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




Kolbeinn vinnur nú á leikskólanum Mánabrekku. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Á vindsæng í sex mánuði

***Kolbeinn Arnbjörnsson ákvað á síðasta ári að reyna fyrir sér í borg ljósanna, Reykjavík. Eins og allir sveitapiltar sem þangað fara þurfti hann að þola ýmislegt fyrstu mánuðina og gerði hann á því tímabili bæði góð og slæm kaup.***

Bestu kaup Kolbeins eru nátengd flutningi hans til Reykjavíkur frá Ólafsfirði, þar sem hann ólst upp.

„Ég verð að segja að vindsængin mín trónir á toppnum," segir Kolbeinn. „Þar trónir hún fyrir hálft ár af góðum svefni og að á þessum sex mánuðum hafi ég aldrei þurft að blása í hana."

Kolbeinn er búinn að fá sér rúm núna en það hefur ekki staðið undir væntingum. „Rúmið er keypt í Rúmfatalagernum, sem segir ýmislegt um gæðin, og ég hef oftar en einu sinni og oftar en tvisvar hugsað um að skipta aftur yfir á vindsængina," segir Kolbeinn og hlær. „Reyndar er ég viss um að vindsængin er keypt í Rúmfatalagernum líka en það var búið að margnota hana áður en ég fékk hana."

Þegar kemur að verstu kaupunum segir Kolbeinn þau frekar tímalegs eðlis en fjárhagslegs. „Ég hef ekki gert mörg slæm kaup en ef við tölum um tíma sem maður hefur borgað fyrir þá verð ég að segja að hafa borgað mig inn á The Postman í bíó. Myndin virtist vera átta tímar, þó hún hafi sjálfsagt ekki verið meira en þrír, en mér fannst þetta vera eins og heil eilífð," segir Kolbein og hlær. „Það versta er að ég gat ekki gengið út því ég var í knattspyrnuferðalagi og við gistum svo langt í burtu að ég varð að bíða eftir því að rútan kæmi. Við vorum þrír félagarnir sem ákváðum að taka spes ákvörðun á meðan allir hinir fóru á einhverja gamanmynd sem flestir voru ægilega ánægðir með, en þá völdum við að vera öðruvísi og vorum illa sviknir af því."

*tryggvi@frettabladid.is*


GLUGG-INN

Lagersala í Hafnarfirði !

Húsgögn og Smávara.



Bæjarhrauni 12,Hf


## Dragfínar dragtir



HJÁ HRAFNHILDI Á ENGJATEIGI FÁST NÚ FÍNAR DRAGTIR Á FIMMTÁN PRÓSENTA AFSLÆTTI.

Dragtir eru þægilegar fyrir konur í atvinnulífinu og einstaklega vinsæll ferðafatnaður. Reyndar eiga þær við við öll möguleg tækifæri. Því er það örugglega ánægjuleg tíðindi fyrir margar að verslunin Hjá Hrafnhildi hefur slegið 15 prósent af fullu verði dragta, bæði buxnadragta og pilsdragta.

## Tilboðsdagar í Radíóbæ

HEIMILISTÆKI MEÐ AFSLÆTTI.

Þessa dagana er veittur góður afsláttur af margskonar heimilistækjum í Radíóbæ, Ármúla 38. Í dæmis má nefna Scott hljómtækjasamstæðu sem áður kostaði 29.990 en kostar nú 19.990 kr. Í samstæðunni er DVD spilari, USB fyrir flassminni, Karaoke tæki og fleira. Tvöfaldur Daewoo ísskápur kostaði áður 144.995 en kostar nú 119.995 kr. og Elfunk 15 tommu flatskjár kostaði áður 49.990 kr. en kostar nú 34.990, semsagt 15.000 króna afsláttur. Frekari upplýsingar er að fá í síma 553 1133.




30%









Baðsloppar 20% afsláttur
Handklæði 30% afsláttur
Rúmteppasett 20-40% afsláttur
Sængurfatnaður 20% afsláttur

20-30% afsláttur af rúmum
Nýtt kortatímabil

Útsala
20-40% afsláttur

rúmco

Langholtsvegi 111, 104 Rvk. Sími 568 7900
Opið virka daga 11-18, laugardaga 11-14

SIRKUS
20. OKTÓBER 2006



**Eyþór Arnalds**
OPUS 5 KEMUR ÚT EFTIR MÁNUÐ

**Ólafía Hrönn**
TVÆR FRUMSÝNINGAR Á TVEIMUR VIKUM

**Iceland Airwaves**
ALLT SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF

# NÝTT ROKK Í REYKJAVÍK

# Þegar Rotturnar breytast í Rokkstjörnur

Dustið rykið af hermannaúlpunni og vefjið hekluðu treflunum um hálsinn. Hátíðin er hafin. Einn merkilegasti viðburður í heimi stendur yfir á litlili eyju sem líkist lógóinu á Q-bar. Og aðeins í einu litlu póstnúmeri, á nokkrum skítugum börum. Á Iceland Airwaves-hátíðinni breytast nefnilega reykmettaðar, klístraðar búllur í vígvöll. Allar raðir í bænum virðast enda á Austurvelli. Hvort sem það er röðin á Nasa eða Þjóðleikhúskjallaranum, alltaf virðist þessi Jón Sigurðsson standa í röðinni. Það vilja nefnilega allir taka þátt í Airwaves.



En það skrýtna við þetta allt saman er að það er öllum sama. Og þykjast bara fíla stemminguna í röðinni. Manni verður nefnilega ekkert kalt í úlpunni, með trefilinn. Ég fíla þessa hátíð. Það er eitthvað svo skemmtilega broslegt við að borga mörg þúsund krónur til þess að sjá skólahljómsveitir úr MH. Það verða allir svo stoltir og flestir þekkja einn í hverju bandi. Útlendingarnir mæta svo með þumalinn á lofti, stama út úr sér „SKAÚÚL“ og hafa ekki hugmynd um hvað 600 kall er mikið í evrum.

Allflestir eru nefnilega mættir til þess að hlusta á músík. Þetta er ekkert eins og á Þjóðhátíð í Eyjum, þar sem menn mæta til þess að drekka brennivín. Eða á Hróarskeldu þar sem mesta sportið er að pissa á grindverk, renna sér í drullunni og borða Spaghetti Bolognese. Músíkin er númer eitt. Það er líka þetta óvænta sem er svo spennandi við Airwaves. Ég persónulega þekki ekkert af þessum erlendu böndum. En er rosa spenntur. Svo ætla ég örugglega að sjá Skakkamanage, af því að Svavar var einu sinni að vinna með mér. Það þekkja allir einhvern.

Doldið fyndið líka hve margir ætla að meika´ða. Er Biggi í Maus ekki búinn að undirbúa sitt stöff í mörg ár. Og nú er komið að því. Djöfull er ég sammála þér með þennan Bigga í Maus. En það er líka bara allt í lagi. Airwaves er hátíð tækifæra, þar sem send er út sér fréttatilkynning vegna komu blaðamanns af Rolling Stones sem filar geðveikt Jakobínarínu. Ég veit ekki með ykkur en ég ætla allavega að sjá miðbæjarrotturnar breytast í rokkstjörnur, þó ekki sé nema eina helgi.

Ég er farinn heim að dusta, og kannski maður líti eftir þeim heklaða.

*-Breki Logason*

EYÞÓR ARNALDS Á FULLU Í RÆKTINNI OG SÆKIR AA-FUNDI

# Opus 5 kemur eftir mánuð

„Nei, nei, neei, maður er bara á AA-fundum og á fullu í ræktinni,“ segir Eyþór Arnalds aðspurður hvort hann sé byrjaður aftur að drekka. Þrálátur orðrómur hefur gengið um bæinn að sellóleikarinn góðkunni sé byrjaður að smakka´ða á ný. Eins og menn muna þá lýsti Eyþór því yfir með áhrifamiklum hætti fyrr á árinu að hann ætti við áfengisvandamál að stríða, eftir að hann keyrði á ljósastaur. En það er semsagt af og frá og segist Eyþór ánægður með lífið. Enda ekki annað hægt. Ný plata með Todmobile á leið í verslanir. „Ég get upplýst það hér og nú að platan heitir Opus 5. Þetta er fimmta stúdíóplata Todmobile og þess vegna er nafnið viðeigandi.“

Hljómsveitin dvaldi í Barcelona í tvær vikur og tók upp plötuna en á henni eru einungis frumsamin lög eftir þessa dáðu sveit. „Okkur líkaði dvölin í Barcelona vel og kemur jafnvel til greina að halda útgáfutónleika þar í borg.“

Aðspurður um útgáfudag sagði Eyþór um mánuð í að platan kæmi út. Aðdáendur geta því beðið spenntir eftir sellóleik á heimsmælikvarða í bland við fagra rödd Andreu Gylfadóttur.



**Todmobile** Gefa út Opus 5 eftir mánuð.



**Eyþór Arnalds** Spenntur fyrir nýju plötu Todmobile.

## Ragnhildur Steinunn mælir með



### Kvikmynd

„Íslenska myndin „Börn“ er dæmi um kvikmyndadrama sem heppnast algjörlega. Ég mæli með henni og af eldri bíómyndum hvet ég alla til að sjá „The Shawshank Redemption“. Svo má ekki gleyma myndinni „Karla“ sem ég sá nú fyrir stuttu en hún er byggð á sannsögulegum atburðum og segir frá hrottalegu hátterni hjónanna Paul Bernardo og Körlu Homolku sem rændu, misnotuðu og myrtu ungar stúlkur á árunum 1990-1992.“






### Tónlist

„Hvað varðar tónlist þá er Norah Jones í miklu uppáhaldi hjá mér og mæli ég hiklaust með hinni sígildu geislaplötu „Feels like home“.“



### Bók

„Ég var að klára að lesa reynslusögu ungrar konu sem lifði af helförina í Rúanda 1994. Hún faldi sig ásamt 7 öðrum stúlkum inni í baðherbergiskompu í 91 dag og lifði af þessi skelfilegu þjóðarmorð. Bókin heitir „Ein til frásagnar“ og er þetta hreint ótrúleg frásögn. Ég mæli líka með bókinni „Skuggi vindsins“, eftir Carlos Ruiz Zafón, sem er frábær skáldsaga, full af spennu og dramatík.“




HARRISON FORD Á ÍSLANDI

# Fékk sér indverskan og sá íslenskt hip-hop



Stórleikarinn Harrison Ford er mikill vinur Íslands. Í vikunni sást hann í miðbæ Reykjavíkur og virtist kampakátur með lífið. Fyrst fréttist af honum á Austur-Indíafjelaginu þar sem hann snæddi indverskan mat með vini sínum. Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Fordarinn fer á veitingastaðinn því fræg er ferð þeirra Calistu Flockhart á Indíafjelagið fyrir nokkrum árum.
Að sögn þeirra sem sáu leikarann virtist hann himinlifandi með matinn og hakkaði nanbrauðið í sig. Hann var ekki búinn að fá nóg af miðbænum eftir máltíðina og fór beinustu leið niður á Nasa. Þar var Airwaves í fullum gangi og fylgdist hann með íslensku hip-hop-i. Sá hann meðal annars hljómsveitirnar Fræ og Forgotten Llores. Ungur tónleikagestur gaf sig á tal við stjörnuna sem virtist fíla íslensku músíkina, ekkert síður en indverska matinn.

SIRKUS
**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm. **Ritstjórn** Andri Ólafsson, andri@minnsirkus.is, Breki Logason, breki@minnsirkus.is, Dröfn Ösp Snorradóttir, drofn@minnsirkus.is, Símon Birgisson, simon@minnsirkus.is, Helga Ólafsdóttir, helga@minnsirkus.is Sigríður Dögg Arnardóttir, siggadogg@minnsirkus.is **Sirkusstjóri** Árni Þór Vigfússon
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000 **Auglýsingar** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is




# Tala meira. Borga minna.

**0,00** kr./mín.
Hringt í SKO GSM síma.

**14,90** kr./mín.
Hringt í aðra GSM og heimasíma.

SMS **4,90** kr.
í alla GSM síma á Íslandi.

**www.sko.is**

SKO býður jafngóða GSM þjónustu og hin símafyrirtækin, innanlands og erlendis. Eini munurinn er lægra verð!
Það kostar EKKERT að færa GSM símanúmerið til SKO.
Þú skráir þig í þjónustuna á **www.sko.is.**

SKO
ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## Ég var að heyra...



Að fyrrum fréttamaðurinn og fasteignasjónvarpsmaðurinn **Hlynur Sigurðsson** sé kosningastjóri Illuga Gunnarssonar í prófkjöri Sjálfstæðisflokkins / Að **Helgi Eysteinsson,** fyrrum sjónvarpsstjarna af Skjá einum, Skotsilfri, sé kosningastjóri **Bjarna Benediktssonar.** Sjónvarpsstjörnurnar greinilega vinsælar í plögginu / Að það hafi kostað 7 milljónir að flytja inn **Gorbatsjov** og **Björgólfur Thor** hafi ekki tekið krónu fyrir flugfarið / Að **Halla Vilhjálmsdóttir** fari á kostum í upptökum á nýja X-Factor þættinum / Að áhugamannaliðið Rauða Eistað ætli að spila við Chelsea í London á næstunni / Að Iborius, nýja verslun **Hrafnhildar Hólmgeirsdóttur** og **Jóns Sæmundar,** fari af stað með miklum látum og hafði erlendur blaðamaður á orði á dögunum að verslunin væri ein sú glæsilegasta í Evrópu á sínu sviði / Að **Paddington-kápurnar** séu að koma aftur í tísku / Að **Keikó** hafi snúið sér við í gröfinni í vikunni. Sumir tala um jarðhræringar en aðrir skella skuldinni á íslensk stjórnvöld / Að fyrsta tímarit Húsa og Híbýla, undir stjórn **Tinna Sveinssonar,** fari vel af stað og almenn ánægja sé með frumburð stráksins / Að **Þorkell Máni** á X-inu ætli að slá til og taka við þjálfun meistaraflokks kvenna í Grafarvoginum / Að landsliðsmaðurinn **Vignir Svavarsson** fái ekki starfsheitið Ninja í símaskránna. Hann hefur einnig prófað að vera hestahvíslari en án árangurs/









## Þetta heyrðist í vikunni ...



„Ég vil búa inni í risastórri pítsu."
**Auðunn Blöndal um draumahúsið sitt í Fréttablaðinu**



„Allir í fjölskyldunni vissu að síminn væri hleraður því það heyrðust sífellt smellir þegar talað var í hann."
**Bryndís Schram í Fréttablaðinu**



„Ég á helling af lögum á dönsku og það getur vel verið að við bætumst í þetta lið sem er að bögga Dani þessa dagana."
**Bubbi Morthens um risasamninginn í Fréttablaðinu**

**ÖNNUR SERÍAN AF SIRKUS RVK MEÐ ÁSGEIRI KOLBEINS ER FARIN Í LOFTIÐ**

# Ætlum líka að skoða skuggahliðar lífsins

„Fyrsta serían var sýnd samfleytt í átta mánuði. Svo tókum við tveggja mánaða pásu og erum byrjaðir aftur," segir Ásgeir Kolbeinsson um þættina sína Sirkus Rvk sem eru farnir í loftið. Hann segir einnig tíma hafa verið kominn á að stokka aðeins upp og fékk í lið með sér fimm fagrar stúlkur sem munu taka þátt í þættinum.

„Við vildum frekar stelpur en stráka vegna þess að þær hafa kannski ekki verið eins mikið í fjölmiðlum. Ég held að það sé nú bara vegna þess að konur eru feimnari við að koma sér á framfæri. En þetta er fínn hópur þó flestar séu þær byrjendur í sjónvarpi," segir Ásgeir og bætir við að stelpurnar séu ólíkar sem gefur þessu ákveðna breidd.

**Fjalla um bílslys**

Sirkus Rvk er magasínþáttur en nú verður farið aðeins meira út í viðtöl við áhugavert fólk. „Við ætlum ekkert endilega að taka þetta fólk sem er í Séð og heyrt og Hér & nú en er að gera góða hluti án þess að vera að flagga því."
Einnig verða skuggahliðar lífsins skoðaðar í nýju seríunni. „Pælingin er til dæmis að fara með lögreglunni og sjá svona þeirra umhverfi og við hvað þeir lifa. Núna hefur hraðakstur verið mikið í umræðunni og í næsta þætti verða viðtöl við aðila sem hafa lent í stærstu slysum ársins, eða misst einhvern nákominn."

**Verður Sirkus Rvk þá kannski meira eins og Kompás?**

„Nei ekki beint. Þetta verður svona blanda af þessum alvöru gefnu þáttum og skemmtilegu efni. En auðvitað í mun minna formi. Hvert innslag er ekki lengra en fimm mínútur. Svo ef þú fílar ekki einhvern þarftu ekki að bíða lengi eftir næsta atriði."

**Ekkert of merkilegt**

Þátturinn hans Ásgeirs er á dagskrá á miðvikudögum klukkan hálftíu og hann hvetur fólk til þess að hafa samband með atburði og annað. „Það er ekkert of ómerkilegt og ekkert of merkilegt fyrir þáttinn, þannig að það er um að gera að hafa samband."



RAGNHILDUR MAGNÚSDÓTTIR, 32 ÁRA.
Tekur fyrir mál sem eru ekki í umræðunni. Kynnir sér hluti sem hægt er að gera í Reykjavík.

MANÚELA ÓSK HARÐARDÓTTIR, 24 ÁRA.
Sér um uppákomur í skemmtanalífinu og öðrum hlutum sem teljast til skemmtana.

KAREN LIND TÓMASDÓTTIR, 23 ÁRA.
Sér um uppákomur í skemmtanalífinu og öðrum hlutum sem teljast til skemmtana.

HELENA EUFEMÍA SNORRADÓTTIR, 23 ÁRA.
Kvikmyndir, spennandi uppákomur, íþróttatengd málefni.

EVA DÖGG SIGURGEIRSDÓTTIR, 36 ÁRA.
Tekur fyrir tísku, tískutengda hluti og lífsstíl.

sirkusrvk@365.is
minnsirkus.is/sirkusrvk










20-30% afsláttur af rúmum
Nýtt kortatímabil

Baðsloppar
20% afsláttur
Handklæði
30% afsláttur
Rúmteppasett
20-40% afsláttur
Sængurfatnaður
20% afsláttur

Útsala
20-40% afsláttur

rúmco

Langholtsvegi 111, 104 Rvk. Sími 568 7900
Opið virka daga 11-18, laugardaga 11-14


ÞAÐ ER ÞITT MAL HVAÐ ÞU GERIR
MAGIC VEITIR
ÞER ORKUNA
MAGIC
ENERGY KICK

# ICELAND AIRWAVES '06

# ROKK STJÖRNUR ÍSLANDS



**Einu sinni á ári kviknar örlítil von hjá íslenskum tónlistarmönnum. Troðfullar flugvélar af erlendum blaðamönnum, umboðsmönnum, útgefendum og öðrum eldhressum útlendingum lenda á Keflavíkurflugvelli. Ástæðan: Iceland Airwaves. Hátíðin hefur stimplað sig inn sem ein allra flottasta tónlistarhátíð í heimi og hafa mörg bönd verið uppgötvuð í póstnúmeri 101. Á miðvikudaginn hófst þessi hátíð og nær hún hámarki nú um helgina. Sirkus setti sig í samband við flottustu íslensku böndin og leyfir lesendum að vita örlítið meira um flottustu íslensku tónlistarmennina í dag.**

## Vill spila golf í gallabuxum

**Nafn:** Elís Pétursson
**Hljómsveit:** Jeff Who?
**Hvenær spila:** Föstudagur, Gaukur á Stöng, klukkan 23:00
**Hve oft á Airwaves:** Ghostigital 2003, Jeff Who í fyrra og svo vorum við Off Venue á Airwaves 2004. Semsagt þrjú skipti.
**Hvað ætlarðu að sjá:** Klaxons, Datarock, The Whitest boy Alive og svo er alltaf gaman að sjá íslenskan hressleika.
**Framundan:** Þetta verða síðustu tónleikar okkar á Íslandi í svolitinn tíma. Erum að semja nýtt efni, skipta um hljómborðsleikara og ætlum að endurnýja okkur aðeins.

### HVER ER Elli í Jeff Who?

**Hvaðan ertu?** „Miðbæjargutti. Ólst upp í Þingholtunum og Vesturbænum í Reykjavík."

**Hvað starfarðu?** „Ég vinn hjá plötuinnflytjandanum og útgefandanum Smekkleysu."

**Hvaða hljóðfæri kanntu að spila á?** „Ég spila á gítar og bassa."

**Hvenær byrjaðirru að spila?** „Svona 10 ára gamall."

**Verið í mörgum hljómsveitum?** „Nei ég get nú ekki sagt það. Bara Ghostigital og Jeff Who?."

**Hvað gerirðu annað en músík?** „Ég er farinn að detta svolitið í golfið sem er mjög skemmtilegt. Mér finnst samt allt snobbið í kringum þetta leiðinlegt. Þetta snýst um að slá kúlu ofan í holu og ef það á að banna manni að vera í gallabuxum þá geta þeir alveg eins bannað blökkumenn og konur."

**Jeff Who? í einni setningu:** „Stórkostleg"



## Dramatísk en samt svo hress

**Nafn:** Lára Rúnarsdóttir
**Hljómsveit:** Lára (Trúbador)
**Hvenær spila:** Föstudagur, Þjóðleikhúskjallarinn, klukkan 23:30
**Hve oft á Airwaves:** Þriðja skiptið núna
**Hvað ætlarðu að sjá:** Alt sem ég get séð.
**Framundan:** Ég er í námi í Madrid og fer þangað á sunnudaginn og held áfram með tónmenntakennarann.

### HVER ER Lára

**Hvaðan ertu?** „Ég er frá Ísafirði og Reykjavík. Er með lögheimili í Kópavogi en bý í Hafnarfirði og Madrid núna."

**Hvað starfarðu?** „Ég er námsmaður og tónlistarmaður.

**Hvaða hljóðfæri kanntu að spila á?** „Píanó, gítar, get bjargað mér á blokkflautu og svo er ég nokkuð góð á ásláttarhljóðfæri."

**Hvenær byrjaðirru að spila?** „Þegar ég var 6 ára en byrjaði að semja 16 ára."

**Verið í mörgum hljómsveitum?** „Ég hef aldrei verið í hljómsveit. Var einu sinni í fjölskyldubandi fyrir afmælið hans pabba."

**Hvað gerirðu annað en músík?** „Ég elska að ferðast og geri eins mikið og ég get af því. Fer alltaf út á land þegar ég get og svona."

**Lára í einni setningu:** „Dramatísk en samt svo hress."



## Þeir sem rokka ekki eru tussur

**Nafn:** Guðfinnur Sölvi Karlsson
**Hljómsveit:** Dr. Spock
**Hvenær spila:** Föstudagur, Nasa, klukkan 01:45
**Hve oft á Airwaves:** Svona fjórum til fimm sinnum.
**Hvað ætlarðu að sjá:** Bara sjálfan mig í spegli
**Framundan:** Vorum að taka upp fjögur lög sem við verðum með á hátíðinni. Svo er það tónleikaferð til Danmerkur, plata á næsta ári og svo tónleikaferðir heima og erlendis. Menn þurfa að rokka. Allir sem rokka ekki, eru tussur.

### HVER ER Finni í Dr. Spock

**Hvaðan ertu?** „Úr Garðabænum."

**Hvað starfarðu?** „Landasali."

**Hvaða hljóðfæri kanntu að spila á?** „Ég er gamall trommari og kann á gítar. Get glamrað Imagine á píanó, sem er killer fyrir stelpurnar. "

**Hvenær byrjaðirru að spila?** „Að rokka meinarru. Svona í kringum þrettán ára aldur"

**Verið í mörgum hljómsveitum?** „Ég hef verið í hinu og þessu. Var í hinu merka metalbandi Tussull og svo líka Quicks and Jesus."

**Hvað gerirðu annað en músík?** „Bara fjölskydan, fjórhjól og eitthvað"

**Dr. Spock í einni setningu:** „Hugljúft"



## Bassaleikari í byggingarvinnu

**Nafn:** Björgvin Ingi Pétursson
**Hljómsveit:** Jakobínarína
**Hvenær spila:** Föstudagur, Listasafn Reykjavíkur, klukkan 23:00
**Hve oft á Airwaves:** Þetta er annað skiptið núna.
**Hvað ætlarðu að sjá:** Apparat, Islands, Go Team, og Love is all. Svo eitthvað annað sniðugt
**Framundan:** Klára að taka upp plötuna og tjilla bara. Ekki mikið planað.

### HVER ER Björgvin í Jakobínarína

**Hvaðan ertu?** „Ég er frá Akureyri"

**Hvað starfarðu?** „Ég er drop out og vinn bara í byggingarvinnu eins og er"

**Hvaða hljóðfæri kanntu að spila á?** „Spila bara á Bassa."

**Hvenær byrjaðirru að spila?** „Þremur mánuðum fyrir Músíktilraunir árið 2005."

**Verið í mörgum hljómsveitum?** „Bara Jakobínarína"

**Hvað gerirðu annað en músík?** „Mér finnst gaman að spila fótbolta með vinum mínum. Og svo bara djamma niður í bæ blindfullur."

**Jakobínarína í einni setningu:** „Dans, rokk og ról"





**Ljósmyndari:** BJÖRG VIGFÚSDÓTTIR www.studiobjorg.com
**Förðun:** Anna Kristín Óskarsdóttir - **Hár:** Rán Reynisdóttir- **Föt:** Rokk og Rósir

## Notaði trompetið í löggu og bófa

**Nafn:** Guðmundur Steingrímsson
**Hljómsveit:** SKE
**Hvenær spila:** Voru í Listasafni Reykjavíkur á miðvikudaginn klukkan 19:00
**Hve oft á Airwaves:** Þetta er í fjórða skiptið
**Hvað ætlarðu að sjá:** Til í að sjá allt saman, ætla bara að vafra um og detta inn á tónleika.
**Framundan:** Ætlum í fleiri samningaferðir út á land og semja nýtt efni og halda fleiri tónleika. Síðan gerum við ráð fyrir að taka upp plötu í byrjun næsta árs.

### HVER ER Gummi Steingríms í SKE



**Hvaðan ertu?** „Ég er úr Garðabænum"

**Hvað starfarðu?** „Ég er tónlistarmaður, blaðamaður, textagerðarmaður og það nýjasta er frambjóðandi."

**Hvaða hljóðfæri kanntu að spila á?** „Hljómborð, harmonikku og síðan tel ég mér trú um að ég sé góður á bassa og kann nokkur grip á gítar. „

**Hvenær byrjaðirru að spila?** „Mér langaði að læra á trompet þegar ég var fimm ára en var ekki kominn með tennur. Þá var ég settur á trommur sem var hundleiðinlegt á þeim tíma. Svo lærði ég á trompet sem ég notaði aðallega í löggu og bófa. 12 ára lærði ég svo á píanó og tók 6 stig í klassískum píanóleik."

**Hvað gerirðu annað en músík?** „Ég skrifa bækur og svo er það bara pólitíkin. Ætli ég verði ekki pólitískur tónlistarmaður eins og Bono, þó hann sé ekki mín fyrirmynd.

**SKE í einni setningu:** „Skrýtin og skemmtilega tilraunakennd popp/rokk hljómsveit með léttum broddi."

## Veit ekki hvað ég er í mörgum hljómsveitum

**Nafn:** Árni Rúnar Hlöðversson
**Hljómsveit:** FM Belfast
**Hvenær spila:** Laugardagur, Pravda, klukkan 23:20
**Hve oft á Airwaves:** Þrisvar áður
**Hvað ætlarðu að sjá:** Ég er svo stressaður fyrir laugardeginum að ég hef lítið pælt í því. Maður reynir að sjá Retro Stefson og svo Sprengjuhöllina.
**Framundan:** Hvíld og rólegheit og svo bara taka upp meiri tónlist og klára plötu.

### HVER ER Árni plús einn

**Hvaðan ertu?** „Er úr Grafarvoginum í Reykjavík."

**Hvað starfarðu?** „Ég er aðallega að búa til tónlist fyrir sjónvarp og svona. Og svo kenni ég örlítið upp í Austurbæjarskóla."

**Hvaða hljóðfæri kanntu að spila á?** „Engin. Ég spila samt á fullt af hljóðfærum."

**Hvenær byrjaðirru að spila?** „Ég byrjaði 12 ára."

**Verið í mörgum hljómsveitum?** „Ég er allavega í mörgum hljómsveitum og er ekki einu sinni klár á því hvað þær eru margar. En í gegnum tíðina hef ég ekki verið í mörgum."



**Hvað gerirðu annað en músík?** „Nei, ég eyði mestum ef ekki bara nánast öllum mínum tíma í tónlist sem ég hef mjög gaman af."

**FM Belfast í einni setningu:** „Bara ég og Lóa kærastan mín með stórskemmtilega tónleika á Pravda, tékkiði svo á myspaceinu okkar myspace.com/fmbelfast."

## Spila á meðan ég nenni

**Nafn:** Axel Hallkell Jóhannesson
**Hljómsveit:** Langi Seli og Skuggarnir
**Hvenær spila:** Voru í Þjóðleikhúskjallaranum á miðvikudaginn klukkan 00:15
**Hve oft á Airwaves:** Aldrei
**Hvað ætlarðu að sjá:** Bara sem mest. Hef ekkert flokkað þetta.
**Framundan:** Við förum í að ganga frá upptökum á væntanlegum diski sem kemur út í byrjun febrúar. Svo bara spila á meðan við nennum.

### HVER ER Axel í Langa Sela og Skuggunum

**Hvaðan ertu?** „Reykjavík"

**Hvað starfarðu?** „Ég er leikmyndahönnuður."

**Hvaða hljóðfæri kanntu að spila á?** „Eigum við ekki að segja að ég spili smá á gítar."

**Hvenær byrjaðirru að spila?** „16 ára gamall"

**Verið í mörgum hljómsveitum?** „Ekki mörgum. Bara þremur held ég."

**Hvað gerirðu annað en músík?** „Ég er bara svona normal gæji sem hef gaman af því að horfa á fótbolta. Svo fylgist ég mikið með myndlist og hef mikinn áhuga bara á lífinu."

**Langi Seli og Skuggarnir í einni setningu:** „Karlmannlegt rokk með heitar tilfinningar."



## Kebabfær á flest hljóðfæri

**Nafn:** Jón Atli Helgason
**Hljómsveit:** Hairdoctor
**Hvenær spila:** Laugardagur, Gaukur á Stöng, klukkan 01:00
**Hve oft á Airwaves:** Fjórða skiptið
**Hvað ætlarðu að sjá:** Spectrum, Johnny Sexual, Datarock, Whitest Boy Alive, Future Future og svo bara eitthvað sniðugt.
**Framundan:** Halda áfram að búa til músík. Ég hugsa ekki það langt að ég verði heimsfrægur eftir Airwaves. Ég ætla bara að láta risastórt plötuútgáfufyrirtæki segja mér hvað ég á að gera.

### HVER ER Jón Atli Hairdoctor

**Hvaðan ertu?** „Ég er frá Hvolsvelli"

**Hvað starfarðu?** „Klippari, DJ og tónlistarmaður"

**Hvaða hljóðfæri kanntu að spila á?** „Ég spila á bassa og er kebabfær í flest annað."

**Hvenær byrjaðirru að spila?** „Svona ellefu ára."

**Verið í mörgum hljómsveitum?** „Já, örugglega svona sjö hljómsveitum"

**Hvað gerirðu annað en músík?** „Fer í körfubolta þegar ég get og kyssi kærustuna mína."

**Hairdoctor í einni setningu:** „Partý"



ICELAND AIRWAVES '06

ÞAÐ HEITASTA Á ICELAND AIRWAVES

# Ekki missa af þessu

## GOTT ÍSLENSKT




### STEED LORD
HVAR: Pravda
HVENÆR: Föstudagur 23.30
HVAÐ: Steed Lord er eitt mesta hæp Airwaveshátíðarinnar. Allir bransakallarnir sem koma frá útlöndum í leit að nýjum stjörnum verða á Pravda til að berja bandið augum. Aðalsprauturnar í bandinu er stjörnuparið Einar Egilsson og Svala Björgvinsdóttir.
SEGJAST HLJÓMA EINS OG: „Super crunk“ danstónlist með „gangsta“ ívafi.
EN ERU MITT Á MILLI: Gusgus og Snoop Dogg.

### BORKO
HVAR: Iðnó
HVENÆR: Laugardagur 22.15
HVAÐ: Borko er krúttlegasti krúttari krúttkynslóðarinnar. Er með alla í Múm, Sigurrós, Skakkamanage og Aminu í símaskránni sinni. Hefur samið tónlist fyrir dansverk og leikhús. Tónlistin hans er tilraunakennd en alls ekki fráhrindandi. Borko heitir í alvörunni Björn Kristjánsson og er harður Valsari
SEGIST HLJÓMA EINS OG: Tilraunakennd raftónlist.
EN ER MITT Á MILLI: Múm og Múm.





### BIGGI
HVAR: Listasafn
HVENÆR: Laugardagur 21.30
HVAÐ: Biggi í Maus er búinn að vera að föndra við sólóverkefni sitt í London síðustu ár. Splæst verður í dýrari týpuna á þessum tónleikum því smalað hefur verið saman í stærðarinnar hljómsveit til að spila með stráknum. Ekki missa af fyrstu alvöru tónleikum Bigga á Íslandi síðan hann hætti með Silvíu Nótt. Djók. Síðan Maus var sett á pásu.
SEGIST HLJÓMA EINS OG: Biggi í Maus.
EN ER MITT Á MILLI: Notwist og Thom Yorke.

## GOTT ÚTLENSKT



### THE GO! TEAM
HVAR: Listasafnið
HVENÆR: Föstudagur 00.00
HVAÐ: Tónleikar The Go! Team verða án efa þeir hressustu á Airwaves hátíðinni. Hljómsveitin, sem er frá Brighton í Englandi, spilar orkuríka danstónlist og blandar saman áhrifum og sömplum úr öllum áttum. Tónlistarpressan hefur lofað sveitina sem eina bestu nýju tónleikasveit Bretlands.
SEGJAST HLJÓMA EINS OG: Klappstýrutónar í bland við hiphop og 70´s fönk.
EN ERU MITT Á MILLI: Fatboy Slim og LCD Sound System.

### BRAZILIAN GIRLS
HVAR: Nasa
HVENÆR: Laugardagur 00.00
HVAÐ: Últra hipp, últra artí og últra kúl. Allir Listaháskólatransararnir mæta á þessa tónleika. Meðlimirnir eru fjórir þar af aðeins ein stelpa, Sabina Sciubba. Og hún er frá New York en ekki Brasilíu. Áhugasömum er hins vegar bent á að Sabina klæðist ávallt afar ögrandi átfittum á tónleikum sveitarinnar.
SEGJAST HLJÓMA EINS OG: Samba, Reggae, House og Lounge hrærigrautur.
EN ERU MITT Á MILLI: Peaches og Grace Jones.





### JENS LEKMAN
HVAR: Þjóðleikhúskjallarinn
HVENÆR: Laugardagur 00.15
HVAÐ: Lekman var bókaður á Airwaves hátíðina vegna forfalla. Það er lottóvinningur því hann er einn efnilegasti tónlistarmaður sem komið hefur fram í Svíþjóð síðustu ár. Þykir hafa afar fallega angurværa rödd og semur einlæg ástarlög.
Segist hljóma eins og: Harry Nilsson, Magnetic Fields, Todd Rundgren, Smog og Belle & Sebastian.
En er mitt á milli: Jonathan Richman og Rufus Wainwright.



### KAISER CHIEFS
HVAR: Listasafnið
HVENÆR: Laugardagur 00.00
Heita eftir besta fótboltaliði Suður-Afríku. Eina sveit hátíðarinnar sem hefur meikað það. Unnu til þriggja Brit-verðlauna í fyrra. Fyrir þá sem ekki vita hvaða band þetta er þá er nóg að raula Every Time I Love You Less And Less. Skemmtilegt lag með skemmtilegri hljómsveit. Listasafnið verður pakkað og það verður erfitt að sleppa þessum tónleikum.
SEGJAST HLJÓMA EINS OG: Madness, The Kinks, Roxy Music og Blur.
EN ERU MITT Á MILLI: The Rapture og Pulp.







# Kauptu 10 raðir og Jóker og þú gætir unnið ferð til Disney World í Flórída fyrir alla fjölskylduna!*

ENNEMM / SÍA / NM24087

Lottó

DRAUMAFERÐ
FJÖLSKYLDUNNAR

Öllum 10 raða Lottóseðlum með Jóker fylgir happanúmer. Í hverri viku, frá október til Þorláksmessu, drögum við út ævintýralega ferð fyrir alla fjölskylduna.

*M.v. 2 fullorðna og 2 börn.

# Þú færð aldrei nóg af skóm!

Það eru engin vísindi að konur fái aldrei nóg af skóm. Það hefur heldur ekki ennþá fundist lækning við þessum kvilla. Hérna kemur smá sýnishorn af skótauinu frá tískuhúsum; Alexander McQueen, Donna Karan, Miu Miu, Y-3, Anna Sui og fleiri. Það er bara til eitt orð yfir skótísku vetrarins „allt í bland“.















## Benetton er ekki bara fyrir börn

Hver þekkir ekki Benetton, marglit föt á marglitum börnum!! Benetton er fyrsta merkjavaran sem ég kynntist. Þá þótti flottast að vera í Benetton munstraðri og marglitri prjónapeysu. 20 árum síðar var ég á gangi í Georgetown í Washigton DC og rambaði inn í Benetton fyrir lengra komna í aldurstiganum. Fötin komu mér virkilega á óvart. Ég verð að mæla með hinni frábæru Benetton-búð í Smáralind ... bæði fyrir börn og fullorðna. Ps. Til hamingu með 40 ára afmælið Benetton.



## Klæddu karlinn

**Innkaupalisti fyrir næstu verslunarferð hérlendis eða erlendis**

- Army-jakka
- Rúllukragapeysu
- Gráar gallabuxur
- Rúskinns-strigaskór



## tískumolar Helgu Ólafsdóttur



### Vondur hárdagur

Ef þú ert orðin þreytt á hárinu á þér keyptu þér þá áberandi hárskraut. Breið glansandi spöng eða spenna með hauskúpum og vondum hárdegi er bjargað.



### Sonia Rykiela í Kisunni

Töskur frá hinni frönsku Soniu Rykel fást nú í Kisunni Laugavegi. Þær eru svo fagrar og engu líkar... í stuttu máli, draumur hverrar konu. Næst þegar þú ferð í stórafmæli leggðu þá til að þið vinirnir sláið saman í eina slíka. (www.soniarykiel.com)



### Kanntu að prjóna sokka?

Núna þegar það er orðið svona kalt eru leggings buxurnar kannski aðeins of kaldar. Miklu má redda með geðveikt kósí, háum, prjónuðum sokkum eða legghlífum. Ef þú átt ekki ömmu sem prjónar sokka, þá er sniðugt að fá sér litinn hringprjón og kósí garn og prjóna í hring þangað til að þú ert komin með legghlífar.









## KNUD HOLSCHER/d line

PRÓFESSOR, ARKITEKT

Hann lauk námi í Arkitektaskóla Listaakademíunnar og varð prófessor þar 1968. Hann varð síðar meðeigandi í Arkitektastofunni KHR A/S arkitektar. Stofnaði síðan eigið fyrirtæki 1995, Knud Holscher Indstriel Design (Iðnhönnun).

Hann hefur fengið mörg verðlaun og viðurkenningar í gegn um tíðina – nú síðast ID verðlaunin fyrir d line snyrtiþilin fyrir almenningssalerni, ásamt ID verðlaunin fyrir klassíska hönnun 1999.



**d line**

Heimsklassa hönnun

**ASETA**

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is





# DD unit með besta hollywoodslúðrið

**1**



Well well well * nýjasti acessioríinn* er ættleitt barn og fótó-oppið* er að vera með hópi af munaðarleysingjum veiiii!! Það er augljóst að the Jolie-Pitts* hafi lagt línuna fyrir celebbanna* og núna ertu bara out like last years Oscars ef þú ert ekki einhvers staðar í Afríku eða Asíu-landi að láta taka af þér myndir eða ættleiða krakka!

Leonardo Di Caprio leggur sitt lóð á vogarskálarnar - sjá strákinn! Ahh Beyoncé lætur sko ekki sitt eftir liggja... en auðvitað hefur hún farið í hair-and make-up* áður sko...já og farið í 2000 dollara kjólinn sinn!



**2**

Madonna hún tók þetta heldur betur með trompi og fékk sér eitt lítið munó-baby* sem hún er búin að redda heim frá Malaví.






**3**



Reese Witherspoon er mætt kampakát að vanda með hópi af ungu fólki sem hún getur því miður ekki tekið með sér heim - en hún hefur látið fé af hendi rakna til þeirra sem minna mega sín.

**4**

Meira segja svona non-celebbs*.. eða d-list fólk er að gera það sama og sýna sig með munós...



**5**

En yfir í léttari efni og þá er það helst að Patricia Arquette mætti með óspennandi eiginmanni sínum á hið árlega Dressed to kilt sem er svona gil fyrir Skota og er líka góðgerða-samkoma en hún sá enga ástæðu til að sýna brjóllunum á sér neina vægð og gjörsamlega kýldi þær í kjólinn!! Greyið brjóllurnar ... þetta er ekki að gera henni neina greiða þetta átfitt!




**6**

Annað sem er svo rangt á svo marga vegu er Sheryl Crow hérna á þessari mynd.. hún er á sviði aðeins að flippa með trúbador-megastjörnunni John Mayer sem spilar yfirleitt svona mellow* Coldplay rólyndistónlist og var síðast orðaður við Jessicu Simpson, sem var bara bull en ok.. hvað er Sheryl Crow, sem er alveg flott 44 ára gömul kona ég segi það ekki en why!!! WHYYYYYY!, *Hvað er hún að gera í einhverju baby-bláu bikini með ekkert make-up í golfstell-ingu????
Enda sýnist mér hann John Mayer ekkert vera neitt svo kátur með þetta uppátæki hennar?




**GLÓSUR**

## LÆRÐU LINGÓIÐ

**Well well well**
Jæja, jæja, jæja

**Acessioríinn**
Fylgihlutur eins og taska, hanskar og skart

**Fótó-oppið**
Ljósmyndatækifæri

**The Jolie-Pitts**
Parið Angelina Jolie og Brad Pitt

**Celebbanna**
Frægt fólk

**Out like last years Oscars**
Gamlar fréttir, eitthvað sem er orðið púkó, hallærislegt

**Hair-and make-up**
Farið í hárgreiðslu og förðun

**Munó-baby**
Munaðarleysingjar

**Non-celebbs**
Ekki frægt fólk eða varla frægt fólk

**D-list**
Fólk sem er ekki A-list og þá er það aftar í röðinni og þykir ekki fínt eða frægt

**Munós**
Munaðarleysingjar

**Plain ol wrong in too many ways**
Þetta er svo rangt á svo marga vegu

**Bóna kúk**
Ógjörningur að bóna kúk.. hann verður alltaf kúkur og því lítið við því að gera þrátt fyrir heiðarlegar tilraunir til að gera það.

**Brit Brit**
Britney Spears

**Hard-core shape**
Massa gott form

**Eventually**
Á endanum

**Blohan**
Ungstirnið Lindsay Lohan

**Mellow**
Þægileg og róleg

**WHYYYYYY!**
Af hverju í ósköpunum

**Look will catch on**
Hver veit nema þetta detti í tísku?

**Dömpað**
Hætt með, slitið sambandi sínu við

**Lindu Blair í Exorcist**
Myndin Exorcist fjallaði um unga konu sem var andsetin af andskotanum og hagaði sér eftir því.

**Mr. Burns hroll**
Mr. Burns í Simpsons-þáttunum gefur frá sér afar sérstakt hljóð þegar honum mislíkar eitthvað

**be sure to check me out á www.dd-unit.blogspot.com**

**7**



En viti menn.. það er kannski hægt að bóna kúk* smá...! Þetta eru með fyrstu mynduNUm af henni Brit Brit síðan hún átti Jayden James Federline (nýjasta tilgátan um nafnið á baby númer 2 hjá þeim) .. en Já það hefur ekki verið staðfest að seinna barnið heiti Sutton Pierce þrátt fyrir að það nafn hafi verið notað ítrekað í fjölmiðlum! En hún hefur lofað sér og okkur almenningi að koma sér í hard-core shape* sem allra fyrst og hún er nú bara á góðri leið með það sýnist mér..
svindl þá þarf ég að fara finna mér einhvern annan til að drulla yfir.. en ég meina það verður alltaf Tara Reid og svo eventually* Blohan...

**8**

Það geta margir hverjir ekki beðið eftir nýju myndinni hans Borats og er dd-unit ekki þar undanskilin. Hér er hann í banana-strengnum sínum að gera það rosalega gott en hún á að heita Borat: Cultural Learnings of America for Make Benefit Glorious Nation of Kazakhstan. Sacha Baron Cohen gæinn sem leikur Borat hefur fyrir löngu unnið hug og hjörtu manna en það þarf nú varla að segja mikið meira þegar myndin talar sínu máli! Hver veit nema þetta look will catch on*?





Ahhh æææææ who cares news en ok.. heyrst hefur að hún Nicky Hilton, sem er örlítið sætari Hilton systirin, hafi bara dömpað* Kevin Connelly sem leikur í Entourgage þáttunum vegna þess að hún hafði komist á snoðir um framhjáhald hans!

Og svo meiri who cares news en þessari frétt hef ég sérstakt dálæti á því ég þoli ekki James Blunt - ég gjörsamlega umturnast í Lindu Blair í Exorcist* þegar hann byrjar á setningunni „ My life is brilliant... „ uhhiuhuhhuhuhhhuhhhu ég fæ svona Mr. Burns hroll*! Þess vegna er það með einskærri hamingju og bros á vör að ég tilkynni ykkur lesendur góðir að súper módellið Petra Nemcova hefur skilað honum aftur í gölluðu deildina í kærastabúðinni! Þetta virðist vera að ganga! Það kemur alltaf svona trúlofunarbylgja reglulega - giftingab-ylgja og svo hætta-saman-skilnaðarbylgja! Megi allir aðrir en hann sem eiga um sárt að binda vegna sambandsslita hafa það sem allra best og muna að það er fullt af fisk.. æææ whatever... það bítur vonandi einhver annar á einhvern tímann!!





Eru þau ekkert að grínast með þessar fótboltaferðir sínar hérna TomKat? Jesús minn og slaka með að vera ekki löngu búin að girða plássið af þarna papparazza-megin! Og sjá það er enginn svona ánægður yfir fótbolta krakkanna sinni, ég meina kommon!! Hvaða vitleysa er þetta? Hún Kate greyið er bara föst í einhverju hryggðarlífi sem dd-unit væri ekki til í að skipta við þótt henni væri boðið það!

En blessunarlega hefur mín verið sjúk í ræktinni eftir Suri og sjá ..hún er bara orðin meira slim en hún var áður.. ha.. það getur ekki haft neitt að gera með nein megrunartips frá Posh í París um daginn.. ha neiii hvaða vitleysa!!!





2142 Battlefield er kominn í BT
2142 BATTLEFIELD
Nýr Battlefield leikur. Árið er 2142 og stór hluti jarðarinnar er þakinn ís. Jarðarbúar eru orðnir of margir fyrir það litla landsvæði sem eftir er. Í uppsiglingu er barátta uppá líf og dauða. Hér er á ferðinni nýjasti leikurinn í Battlefield seríunni sem er einhver sú vinsælasta þegar fyrstu persónu skotleikir eru annars vegar. Í leiknum er fjöldi nýrra vopna og eru þar á meðal EMP handsprengjur, huliðnsgræjur og geislabyssur. Allt að 64 geta spilað leikinn á netinu og tekið þar þátt í einhverjum æsilegustu bardögum framtíðarinnar.
4.999
PC leikur
PC DVD
ONLY DVD COMPATIBLE
2142 BATTLEFIELD
16+
Nýtt á PC
Það er allt í hers höndum í BT
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

TEKINN

**HÖRÐUR MAGNÚSSON Í FÆTINGI VIÐ FEÐGA**

# Ekki vera að ýta við mér

**Íþróttafréttamaðurinn Hörður Magnússon var sendur í viðtal við Guðjón Þórðarson úti á Loftleiðum. Guðjón ætlaði að tilkynna hvaða lið hann hygðist þjálfa, en var að sjálfsögðu með í hrekknum. Fljótlega mætir lítill strákur og fer að trufla viðtalið. Það endar svo með brjáluðum föður sem ætlar í Hörð sem veit ekki hvaðan á hann stendur veðrið.**







**DÓRI DNA MÆLIR MEÐ**

**1** **1,2 og Jesus Bent**
„Skemmtilegt nýtt íslenskt hip-hop lag sem fjallar á gagnrýninn og hversdagslegan hátt um trúarbrögð. Náið í það á www.myspace.com/rottweilerhundur.“



**2** **Mouths to feed Ludacris**
„I'm bout to get to that paper.“ Ludacris er ótrúlegur. Lag af nýjum diski hans, Release Therapy. Ótrúlegur hljóðheimur, flottar rímur og góð stemming.“



**3** **Paul Wall & Chamillionaire N love with my money**
„Big Swangaz and Vouges,Them 20 inches sittin low.“ Þessir menn eru of heitir. Pottþétt lag með skemmtilegu viðlagi. Að mínu mati mun skemmtilegra en „Ridin“ sem hefur verið að gera allt vitlaust. Ekki spurning.“





**ALLT AÐ GERAST HJÁ ÓLAFÍU HRÖNN**

# Tvær frumsýningar á tveimur vikum

Það er allt brjálað að gera hjá Ólafíu Hrönn Jónsdóttur leikkonu. Hún fer með hlutverk hinnar óborganlegu Elínborgar í Mýrinni sem frumsýnd er í kvöld auk þess sem hún er að leggja lokahönd á Stórfengleg, leikriti sem frumsýnt verður í Þjóðleikhúsinu næstu helgi.



**En hvernig hefurðu það?**
Ég hef það bara fínt þakka þér fyrir. Ég er að fara á frumsýningu Mýrarinnar á eftir. Ég fer með manninum mínum, dóttur og tveimur vinkonum sem voru statistar í myndinni.

**Kvíðin?**
Ég hlakka bara til. Ég hef mjög litið séð af myndinni. Við vorum aðeins kölluð inn eftir að tökum lauk til að lesa inn og þá sá eg eitthvað. En annars hef ég bara séð treilerana sem sýndir hafa verið í sjónvarpinu. Þess vegna held ég að ég verði ekki mjög dómbær á þetta. Ég á örugglega bara eftir að sjá sjálfan mig á tjaldinu og enga aðra.

**Elínborg er uppáhaldskarakter margra sem lesa Arnald. Erfitt að leika hana?**
Já, Elínborg er skemmtilegur karakter. Hún kemur samt minna fyrir í myndinni en í bókunum. Við sjáum ekki bakgrunn hennar og annað þvíumlíkt. Ég vona bara að enginn verði fyrir vonbrigðum með þetta því ég veit að hún er í uppáhaldi hjá mörgum.




**SVALI MÆLIR MEÐ**

**1** **Justin Timberlake My Love**
„...nýjasta smáskífan frá kauða. Algjör snilld.“



**2**



**System of a Down Lonely day**
„Meiriháttar lag frá þeim drengjum og ef mér skjátlast ekki þá er það gítarleikari sveitarinnar Darron Malakian sem syngur.“

**3**



**James Morrison You Give me something**
„Án efa eitt af flottari lögum þessa árs.“

## Farðu þangað ...



**Í gær var kvikmyndin Mýrin frumsýnd í öllum betri kvikmyndahúsum landsins. Um er að ræða meistaraverk Arnarldar Indriðasonar í leikstjórn Baltasar Kormáks. Myndin stendur algjörlega undir væntingum og er gríðarlega vel leikin. Enda eintómir snillingar í aðalhlutverkum. Ingvar Sigurðsson, Björn Hlynur, Ólafía Hrönn og Ágústa Eva Erlendsdóttir. Sirkus mælir með því að fólk smelli sér á Mýrina um helgina.**

## Minnsirkus.is blogg vikunnar

**Ekkert nema rugl**
„Ég hef lent alveg viðurstyggilega oft í því að vera hrifinn af stelpu sem hefur engan áhuga á mér og segir eins og þær gera svo andskoti oft „verum bara vinir og sjáum hvert það leiðir“. Veistu, ég hef bara engan áhuga á því að vera vinur stelpu sem ég er hrifinn af. Flestir gaurar sem ég þekki hafa lent í þessu og vita hvað þetta er fáránlega óþolandi.
Mér finnst merkilegt að stelpur sem þekkja mig segi þetta við mig. Ég er einn af þessum gaurum sem er þannig að skapið mitt er stærra en allt, ef þið mynduð setja skapið mitt við hliðina á Júpiter væri skapið mitt það miklu stærra að júpiter mundi líta út eins og plútó.“
textax.minnsirkus.is



**Urrr!! Er orðinn brjálaður útaf þessu liði**
„Djöfull fer það í taugarnar á mér þegar það er helgi. Fyrst byrjar þunglynda minnsirkus. is liðið að tala um sinn aumingjaskap með þvílíkri vorkunnsemi. Og talar um að eirðaleysið sé að drepa mann og hvað því leiðist að vera heima aleitt og talar um hvað það hefur ekkert að gera. Svo eru fjörkálfarnir að tala um að fara út á djammið svo þegar helgin er búin fer það að tala um þynnku og hvað það er dofið í hausnum. En þunglynda fólkið segir ekkert af því það er búið að hengja sig. En án lélegs gríns þá gerist þetta hverja einustu helgi. Svo á virkum dögum verður það í besta skapi og loksins fer það að tala af viti ... en ónei ekki þegar það er komið helgi þá er eins og maður sé að upplifa algjört deja vú hér.“
fribbi1976.minnsirkus.is



## Horfðu á þetta ...



Út er komin DVD-diskur með afmælistónleikum Bubba Morthens, 06.06.06 sem fram fóru í sumar. Ásamt Bubba komu fram allar þær hljómsveitir sem hann hefur stofnað og gefið hafa út efni. Þetta eru EGÓ, GCD, MX-21, UTANGARÐSMENN, DAS KAPITAL og STRÍÐ OG FRIÐUR. Það er skemmtilegt frá því að segja að hljómsveitirnar eru allar í sinni upprunalegu mynd eða þeirri mynd sem lengst starfaði saman. Tónleikarnir eru hin mesta skemmtun og fer Bubbi hreinlega á kostum. Sirkus mælir með því að fólk tékki á þessu. Frábær skemmtun.

# Sims2 Pets er kominn í BT

Þá hafa simsarnir fengið gæludýr í þessum nýjasta leik Sims seríunnar. Leikurinn inniheldur allar helstu tegundir hunda og katta, ásamt fjölda tegunda annarra dýra. Hér þurfa leikmenn að hugsa vel um dýrin, kenna þeim trikk og ala þau upp. Hægt er að kaupa allskyns græjur fyrir dýrin og fara svo með þau í almenningsgarðinn og hitta þar önnur dýr og simsa. Það hefur sjaldan eða aldrei verið meira fjör á Simsunum en í Sims 2 Pets.



**5.999** Playstation2

**2.799** PC leikur




**Nýtt á PS2 og PC**




BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444



stelpubögg með
Siggu Dögg

# Hamingjusöm til æviloka ...

Þetta ert ekki þú, ég er bara ekki tilbúinn til að skuldbinda mig.“ Uppsagnarsetningin sígilda. Hjartað lofttæmist og nýtt líffæri, vonin, tekur við starfseminni. Við höldum í vonina um að „sálufélaginn“ sjái villu síns vegar og ógildi sambandsslitin. Við ímyndum okkur óraunhæfar aðstæður þar sem hann kemur eins og sannri hetju sæmir og bjargar okkur úr sjálfheldu og sjái að án hvors annars getum við ekki verið.

Við erum alin upp við að trúa loforði silfurtjaldsins um hamingjusamt líf með „hinum eina rétta“ til æviloka. Mín reynsla er sú að það er sjaldnast þannig að sá sem sagði mér upp komi mér til bjargar og fari um leið með ástarjátningu. Nær er að hann komi heim til mín og nái í sitt hafurtask; við döðrum, grátum og stundum sorgarsamfarir. Andrúmsloftið er tilfinningaþrungið og fátt eðlilegra en að hnýta enda á sambandið með samförum sem í senn eru þakkir fyrir góðar stundir og undirskrift að óformlegri yfirlýsingu „laus og liðugur“.

Í fullkomnum heimi þá væri þetta auðvelt. Bada bing, bada búmm, þið eruð hætt saman en „góðir vinir“. Raunin er oft önnur. Vonin kikkar inn og hefst handa við að telja okkur trú um að þessar samfarir hafi ekki verið þær seinustu, langt í frá, þær eru upphafið að endanum. Vítahringurinn „fyrrverandi með fríðindum“ tekur við þar sem ómögulegt er að vita hvað sé ást og hvað sé gredda tækifærissinnans. Heimur kvikmyndanna hefur náð að smeygja sér í undirmeðvitundina og starfar nú með voninni í að telja okkur trú um að sambandinu sé í raun og veru ekki lokið ...

Ég hef heyrt ræðuna, stundað sorgarsamfarirnar og haldið í vonina. Vinkonur mínar hvöttu mig til að finna nýjan gæja, fyrrverandi hafi ekki átt mig skilið. Orð þeirra blésu smá lífi í krumpað hjartað. „Vinkonurnar“ í bandarískum sjónvarpsþáttunum ráðlögðu mér hins vegar að halda í vonina, því kannski næst þá ... Það er að sjálfsögðu ekkert næst. Ég held niðri í mér andanum og bíð eftir sms-i sem mun ekki koma. Þetta er ómögulegt milliástand fyrir unga mey í ástarsorg.

Carrie hefði því aldrei átt að enda með Big, ekki frekar en Rachel með Ross. Þessi endir heldur ástarsyrgjandanum í greipum vonarinnar; á örlagastundu mun hetjan mæta á svæðið og hvísla þrjú lítil orð.

Mitt ráð er að skera á naflastrenginn og gefa hjartanu svigrúm og tíma til að blása í sig lífi, ást og kjark. Damien Rice veitir kannski besta ráðið við sorgarferli ástarinnar: Cant get my mind off of you, ´till I find somebody new ...





LÉTT BYLGJAN 967

- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

## Óskast keypt

Óska eftir ónýtum gítar eða bassa til notkunar í myndbandi. Uppl. í s. 868 5002.

## Hljómtæki

Til sölu JBL TLL X600 hátalarar. Verðhugmynd 15.000. Uppl. í s. 534 3734.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur

**Tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. Magnús s. 695 2095.

## Vélar og verkfæri



Skæralyftur til sölu. Lyftigeta 3tonn. Verð 378 þús. m.vsk. Uppl. í síma 899 2854.

## Til bygginga




Zetur til sölu 2400 stk. nýjar og nýlegar zetur . Verð 60 kr. stk. Uppl. í s. 861 5601.

Bordfræsari með spónsugu og tennur fyrir opnanleg fög og handrið. Margt fl. Uppl. í s. 898 5422.

## Verslun

**XXX DVD**
**Besta verðið!!**
NÝJAR MYNDIR FRÁ USA Á AÐEINS 2.950.-
**DVD FRÁ 1990.- KR**
Grensásvideo.is
Grensásvegi 24
Sími 568 6635
Opið frá kl. 15-23.30



Verslanir og fyrirtæki. Fánaborðarnir komnir aftur. Danco Heildverslun S. 575 0200. www.danco.is

Jeppakerrur, Víkurvagnar

## Ýmislegt

Nokkur lítið notuð rúm með springdýnu til sölu. Stærð 2x1 m. Uppl. í s. 693 2038.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Láttu mig um púlið! Nýbyggingar, flutningsþrif og fyrirtæki. Föst verðtilboð. Ásta s. 848 7367.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

## Garðyrkja

**Túnþökusala Oddsteins**
Túnþökur og túnþökurúllur til sölu
Gerum tilboð í minni og stærri verk
**Steini, s:663 6666**
Frí heimkeyrsla

## Bókhald

Bókhald, skattskil, fjármálaþj, stofnun félaga. SMCO-reikningshald og ráðgjöf. S. 866 1605.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930.

## Málarar

Málarar geta bætt við sig viðhaldsverkefnum. Uppl. í s. 896 3982.

Þarftu að láta mála? Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

## Meindýravarnir

**- Meindýravarnir Suðurlands -**
**Allur búnaður til meindýravarna. Músafellur - músastoppkítti - meindýraforvarnir o.fl.**
**Gagnheiði 59, 800 Selfoss.**
**Sími: 482 3337 www.meindyravarnir.is**

## Búslóðaflutningar

Búslóðaflutninar og allir alm.flutn. 2 menn ef óskað er. Uppl. í s. 616 1108.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald

**HÚSEIGNAÞJÓNUSTAN**
**Sími 892-1565**

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.).

**HÚSASMIÐIR.**
**Tökum að okkur alla almenna smíðavinnu & viðhald.**
Upplýsingar í síma 862-8151 & 894-2412

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Gifs Pro**
Sérhæfum okkur í uppsetningu milliveggja ásamt almennri trésmíði. Uppl. í s. 698 0406 og 692 4597.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Pípulagnir**
Pípulagningarmeistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í síma 892 8720.

**Múrbrot**
Tökum að okkur hverskonar múrbrot, fjarlæga efni, frágangur og pípulagnir Uppl. í s. 892 8720.

Verktakar geta bætt við sig verkefnum í pípulögnum og trésmíði. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Verkmúr ehf.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Flotgólf, flísalagnir, almennt múrverk, húsaviðgerðir. S. 699 1434.

Tökum að okkur hellulagnir og ýmis önnur verk. Uppl. í s. 897 7589.

Getum bætt við okkur verkefnum í múrverki og flísalögnum. Ari Oddsson ehf. S. 895 0383 arioehf@simnet.is

## Spádómar

**ALSPÁ**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir, NLP. Símaspá, einkatímar og. m.fl.
**445 5000**
FINN TÝNDA MUNI
VISA Greiðsla MASTERS

**908 6116**
Er spákonan Sirrý
Ástir - fjármál heilsa
Einkatímar í S.845 4009

**SPÁMIÐILL**
LÆKNAMIÐILL-HEILUN
TEK FÓLK Í EINKATÍMA
905-7010 697-8602

**Örlagalínan 595 2001 & 908 1800**
Miðlar, spámiðlar o.fl. Fáðu svör við spurningum þínum. www.orlagalinan.is.

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáindraumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

Spásíminn 908-2008. Ræð draumar og spái í tarrot. Er við símann alla daga frá 15-01. Stína Lóa.

**Bella.is 699 1673 Kl. 15-24**
VISA/EURO

Andleg leiðsögn. Spilaspá, tarrot og draumráðningar. Bið fyrir þeim sem vilja. Frá kl. 15 - 24 alla daga nema sunnudaga. Tímapantanir í síma 567 0757 og 904 2080.

**Hanna s. 847 7596 -24.00 Visa/Euro**
Símaspá, draumaráðningar, fyrirbænir, andleg leiðsögn, er við alla daga. S. 908 6040 & 555 2927.

Er komin til starfa. Óskaspá. María, frá 20-01 alla daga. S. 902 5555.

## Iðnaður

Álprófílar, Málmtækni.

## Rafvirkjun




## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður S. 615 2000, 8-23 alla daga.

## Nudd

My name is Maria and I offer massage. New in town. Tel. 862 9981.

My name is Mariana and I offer massage. New in town. Tel. 864 2523.

# HEILSA

## Heilsuvörur




Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is S. 896 4662.

**Árangur með ShapeWorks**
Árangur með ShapeWorks Betri líðan og fullkomin þyngdarstjórnun. Ráðgjöf, aðhald og eftirfylgni. Ragga einkaþjálfari og Herbalife dreifingaraðili www.heilsufrettir.is/ragga - gsm 8647647

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Rannveig 862 5920 www.321.is/rannveig.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Snyrting




# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu Chesterfield sófi með tauáklæði á kr. 15 þús. og General Electric þvottavél á 5 þús. Uppl. í s. 898 2539.

Til sölu nýlegt borðstofuborð og stólar. Uppl. í s. 865 0173.

## Heimilistæki

**Rainbow Ryksugur**
Til sölu eru notaðar Rainbow ryksugur. Yfirfarin af umboði. Ábyrgð. Uppl. í s. 893 6337.

## Gefins

Læða fæst gefins á gott heimili. Uppl. í s. 517 8118.

## Dýrahald

**Íshundar auglýsa**
**Sýningarþjálfun fyrir haustsýningu félagsins fer fram 18, 25.okt, 01.nóv og 08.nóv kl. 19-20.**
**Í reiðhöllinni Fák í Víðidalnum.**



Schaffer hvolpur, óættbókarfærður, ormahreinsaður og sprautaður, 65 þús. S. 849 4869 eða astamj@isl.is

Einstaklega fallegir chihuahua hvolpar með ættb. til sölu. Uppl. í s. 566 7529.

Perla fæst gefins á gott heimili. Hún er 7 ára tík. Ljúf og góð. Nánari upplýsingar í 868 9982.

Hvolpur fæst gefins. Uppl. í s 555 4710 e. kl 18.

## Ýmislegt



Haust tilboð á heitum pottum Eigum örfáa Beachcomber heita potta eftir. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Óskum hundruðum nýrra pottaeigenda á Íslandi til hamingju með pottinn sinn. Með von um að þið njótið vel og takk fyrir viðskiptin. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

**Gisting í Reykjavík**
Hús með öllum búnaði, heitur pottur, grill o.fl. S. 588 1874 & 891 7077 sjá www.toiceland.net.

Hús á Menorca, íbúð í Barcelona, Costa Brava og Valla dolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Fyrir veiðimenn




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Rentus

Á www.rentus.is finnur þú allt um leiguhúsnæði.

Til leigu 3 h. íbúð í Vesturb. kóp. Verð 110 þ. pr. mán. + trygg. Innif. rafm.og hiti. Uppl. í síma 897 6350 e. kl. 13.

Til leigu glæsileg rúmlega 130 fm sérhæð við Hringbraut í Hafnarfirði, 4 svefnherbergi, 2 stofur, laus 01. nóv, reykleysi og snyrtileg umgengni skilyrði. Tilboð sendist á oli@remax.is.

## Húsnæði óskast

2 Pólverjar starfandi hjá Samskipum óska eftir 2ja herb íbúð (104-105 R) sem fyrst. 100% greiðslur. Uppl.í síma 697 6233.

Reyklaust par óskar eftir íbúð á Rvk.sv. allt að 60 þ. Skilv. greiðslur. 863 8969 e. kl. 19.

Íbúð á einni hæð óskast til leigu í 1 ár, skilvísum greiðslum heitið, trygging ef óskað er. Uppl. í s. 892 3632.

Óska eftir stúdíó eða 2ja herb. íbúð. Greiðslugeta 50-60 þ. Uppl. í s. 898 5842.

Fimmtug hjön oska eftir 2-ja herbergja ibúð, helst á svæði 104, 105 og 108 Rvk. Símanr. 897-7776 eða (568-3174 eftir kl. 20:00.)

Óska eftir 2ja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 896 8568.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir iðnaðarhúsnæði 50-100 fm undir lager og léttan iðnað á Akranesi og í Reyjavík. Uppl. í s. 896 4459.

## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ÚTSALA

**ROBBI...**
**20% afsláttur af Lego fatnaði fimmtudag - laugardags.**
**ROBBI...**
**Hlíðarsmári 17, s. 555 6688.**

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tökum til geymslu, tjaldvagna, fellihýsi, búslóðir o.fl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

**Fellihýsi og tjaldvagnar.**
Upphitað húsnæði á Eyrarbakka, Geymsla Eitt ehf. S. 564 6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
**Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki. Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Matreiðslumaður - vaktavinna.**
**Leitum að vönum matreiðslumanni sem getur hafið störf sem fyrst. Þarf helst að vera 25 ára eða eldri. Upplýsingar gefur sigþór 863 8900 eða umsóknir á staðnum eða á netinu. www.kringlukrain.is**

**Örlagalínan**
**Óskar eftir hæfileikaríkum miðlum og lesurum á línuna. Draumráðendur eru sérstaklega boðnir velkomnir til starfa á línunni. Vinsamlega sendið umsókn á bjork@nt.is eða hringið í síma 863 8055.**

RED CHILI

**Red Chili**
**Óskum eftir matreiðslumönnum og aukafólki í sal kvöld og helgar. Uppl. í síma 660 1855 og á redchili@redchili.is**

**Bakarí í Kópavogi**
**Óska eftir að ráða starfsmann, fast starf í verslun. Tvískiptar vaktir. Helgarvinna samkvæmt samkomulagi. Uppl. í síma 897 0702, Sirrí & 861 4545 Guðni.**

ÍTR

Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.

**Hrói Höttur Kópavogi**
**Bakarar, bílstjórar og símadömur óskast í fullt starf og hlutastarf. Góð vinna með skóla. Upplýsingar í síma 892 0557, Bergmann eða á staðnum.**

Hressingarskálinn

**Hressingarskálinn Austurstræti**
**Langar þig til að vinna á skemmtilegum vinnustað þar sem gott viðmót skiptir máli. Vantar starfsfólk við þjónustu í sal bæði í fullt starf og hlutastarf. Upplýsingar á staðnum eða sendið upplýsingar á vald-i@hresso.is**

**Brauðberg Hagamel 67**
**Óskar eftir að ráða hressar og ábyrgar manneskjur til afgreiðslustarfa. Nánari uppl. í s. 863 8009, Steinar og s. 869 3320, Anna Rósa.**

**Atvinna - Atvinna**
**Vantar deildarstjóra í metravöru, deildarstjóra í sængurveradeild og sængurdeild í rúmfatalagernum í Holtagörðum. Góð laun, góður vinnutími fyrir gott fólk.**
**Aðeins starfsfólk með framtíðarstarf í huga. Hafið samband við Njál í síma 820 8001 eða á staðnum, Rúmfatalagerinn Holtagörðum.**

Á STÖÐINNI

**Afgreiðslustarf**
**Okkur vantar traustan, duglegan og samviskusaman starfsmann á dagvaktir virka daga frá 12-19 og aðra hvora helgi. Upplýsingar í síma 820 0065 á milli kl:16 og 19 virka daga eða umsóknir send-ar í emali stodin@hn.is Á Stöðinni Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði.**

Hressingarskálinn

**Hressingarskálinn Austurstræti**
**Langar þig til að vinna á skemmtilegum vinnustað þar sem gott viðmót skiptir máli. Leitum okkur að lærðum matreiðslumanni og einnig leitum við að aðstoðmanni í eldhús. Upplýsingar á staðnum eða sendið upplýsingar á vald-i@hresso.is eða s. 862 1118**

**Félagsmiðstöðvarnar að Norðurbrún 1 og Dalbraut 18-20.**

**Vilt þú vinna með okkur? Komdu í heimsókn og kynntu þér málið.**
**Við leitum að starfsfólki í eldhús, baðþjónustu og ræstingu. Bráðnauðsynlegt er að fá til starfa fólk sem er lipurt í mannlegum samskiptum og hefur metnað til að veita góða þjónustu. Við bjóðum upp á :**

**-Fjölbreytni í starfi**

**-Sveigjanlegan vinnutíma**

**-Virka þátttöku í þróun félagsmiðstöðvarinnar -Möguleika á að þróast í starfi**
**Laun samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar. Nánari upplýsingar veitir Sigríður Ólafsdóttir forstöðumaður í síma 568 6960, netfang : sigridur.olafsd@reykjavik.is Umsóknum skal skila ekki síðar en 2. nóvember n.k.**

**Nonnabiti.**
**Rótgróinn veitingastaður í miðborginni óskar eftir jákvæðu og stundvísu fólki dag - kvöld, helgar og nætur vinnu. Fullt starf, vaktavinna, Sveigjanlegar vaktir, líflegt starfsumhverfi og góð laun í boði fyrir rétta aðila. Upplýsingar í síma 846 3500.**

**Ert þú sjálfstæður og öflugur sölumaður?**
Tímaritaútgáfan Birtíngur auglýsir eftir duglegu og kraftmiklu fólki í kvöldsölu. Frábærir tekjumöguleikar, vinnutími frá kl 18-22, 2-4 kvöld í viku. Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Huld, starfsmannastjóra í síma 515 5500 eða í tölvupósti ingahuld@birtingur.is

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

Europris óskar eftir starfsfólki í verslanir á Dalvegi og Lynghálsi. Heildagsstörf og hlutastörf í boði. Upplýsingar veittar á staðnum. Europris.

Tölvutæknimenn. Vegna nýrra verkefna óska BMS Tölvulausnir eftir að ráða tæknimenn á verkstæði. Umsóknir skulu berast á bms@bms.is fyrir 23. okt. 2006.

Vantar málara eða menn vana málningarvinnu, launþega eða verktaka, mikil vinna. Uppl. í s. 697 9000. Kristján.

**Símadömur óskast**
Finnst þér gaman að tala við karlmenn? Rauða Torgið leitar samstarfs við yndislegar símadömur. Uppl. í s. 552 3349 og á www.raudatorgid.is

Kaffibrennslan, Pósthússtræti 9, óskar eftir starfsfólki í sal. Ef þú hefur áhuga að koma að vinna á góðum stað með skemmtilegu fólki endilega hafðu samband. Umsóknir eru á staðnum / e-mail brennslan@brennslan.is

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa í verslanir okkar. Vinnutími er frá kl. 07-13 virka daga. Einnig er möguleiki á helgarvinnu. Vinsamlegast hafið samband við Sigríði í síma. 699 5423 eða á netfangið bjornsbakari@bjornsbakari.is

Tamningamaður óskast á búgarð í Californiu, USA. Góð laun í boði, góðir hestar. Starfið gengur út á þjálfun og kennslu. Tímabundið í 6-12 mán. Aldur 24-28 ára. Þarf að geta hafið starf upp úr miðjum nóv. Uppl. í s. 00 1 818 808 8087.

„Skólafólk" óskast í aukavinnu hjá heildsölu við ýmis störf. Umsóknir sendist fréttablaðinu á smaar@visir.is merkt: „Skólafólk"

## Atvinna óskast

**Fólk með reynslu**
Hjón á besta aldri óska eftir atvinnutilboði. Helst á landsbyggðinni. Hann hefur mikla reynslu við atvinnurekstur og mannafla o.fl. Hún hefur reynslu við verslun. Viðkomandi sendi tölvupóst á gummi123@simnet.is og við höfum samband.

Áreiðanlegur meiraprófsbílstjóri óskar eftir vel launuðu starfi. Gæti útv. bíl. Sími/mail 8453844@visir.is

Starfsfólk frá Lettlandi- smidir, verkamenn, suðumenn etc. S. 845 7158.

## Viðskiptatækifæri

**Glæsibær**
**Verslunarpláss til leigu frá áramótum. Uppl. í s. 565 7510 & 696 7297.**

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Húfa tapaðist, mjög sérstök úr flóka, grunnlitur dökkgrár, en saumað er í hana munstur með lykkjuspori í 3 litum (hvítu, dumbrauðu og gráu) hringinn í kring, einnig dumbrauð rönd hringinn. Mjög sérstök tilfinningatengd gjöf unnin af sænskri listakonu. Sást á bekk fyrir framan aðalinngang Iðnó, fimmtudaginn 12. okt. Fundarlaun. Uppl. í s. 565 2449 og 695 3871.

## Tilkynningar

AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík. Sími 848 9931. www.aa.is

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Hamborgarabúlla Tómasar, Mjólkurhristingur mjólkurhristingur. Hamborgarabúlla Tómasar.

Austurlenskt hlaðborð í hádeginu, 890,- kr. Badabing, Flatahrauni Hafnarfirði.

Fljótlegt, gott og austurlenskt á Badabing í hádeginu. Bada bing Flatahrauni Hafnarfirði.

Steikartilboð. Vitaborgarinn, Ármúla.

Hamborgarabúlla Tómasar, Takk fyrir góðar móttökur. Hamborgarabúlla Tómasar.

Kjúklingur í ostrusósu, kjúklingur í ostrusósu Badabing Flatahrauni Hafnarfirði.

Austurlenskur takeaway Badabing Flatahrauni Hafnarfirði.

Djúpsteiktar rækjur, djúpsteiktar rækjur á Badabing Flatahrauni Hafnarfirði.

## Einkamál
















Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Karlmenn, karlmenn, karlmenn. Ný kvöldsaga hjá Rauða Torginu. Sími 905 2002 (símatorg, kr. 99,90 mín) og 535 9930 (Visa, Mastercard, ódýrara kr. 19,90 mín), upptökunr. 8793.

Ung kona vill heyra frá karlmönnum og vill svo bara fá að velja einn góðan fyrir sig! Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90 mín, augl.nr. 8753.

Kona, leitar þú ævintýra? Nýttu þér gjaldfrjálsa símaþjónustu Rauða Torgsins í sima 555 4321.

Skoðaðu nýja heimasíðu Rauða Torgsins: allt um símaþjónusturnar, „Myndasafnið þitt" fyrir myndirnar þínar, fjölbreyttir tekjumöguleikar fyrir laglegar konur, og fleira freistandi. Vertu velkomin/n. www.raudatorgid.is.

Ertu nátthrafn? Addí símadama á Rauða Torginu er alltaf við frá kl. 24:00 til 04:00 (og líka oft eftir kl. 17:00 og mikið um helgar og...) Sími 908 6000 (símatorg, kr. 299,90 mín) og 535 9999 (Visa, Mastercard, ódýrara kr. 199,90 mín).

Dekk til sölu. Nelgd vetrar. stærð.185/65 R 15 ek. 3500 km. Verð kr 12 þús. gangurinn. Jeppa dekk P235/70 R 16 ek 5 þ. km kr 20 þús. gangurinn. Uppl. í síma 820 4642.

# Sölufólk óskast

Helgina 3-5. nóvember mun Slysavarnafélagið Landsbjörg standa að söfnuninni.

**"Neyðarkall frá björgunarsveitum".**

Í tilefni af því leitum við eftir duglegu sölufólki um land allt.

**Góð sölulaun í boði**

Upplýsingar í síma 8933699 / gudmundur@landsbjorg.is

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Fjölbrautaskóli Vesturlands

**Framhaldsskólakennarar hjúkrunarfræðingar**

Vegna forfalla þarf Fjölbrautaskóli Vesturlands að ráða kennara til að kenna **hjúkrunarfræði og fleiri sérgreinar á sjúkraliðabraut.**

Til greina kemur ráðning í hlutastarf eða heilt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Ekki þarf að nota sérstök umsóknareyðublöð, öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veitir Atli Harðarson aðstoðarskólameistari, netfang: atli@fva.is símar: 433 2500 og 897 4190.

Skólameistari

# TIL SÖLU

**ROBBI...**

***20% afsláttur af Lego fatnaði fimmtudag - laugardags.***

***ROBBI... Hlíðarsmári 17, s. 555 6688.***

# FERÐIR

FAEREYJAFERDIR.IS

**Árshátíðarferðir-Hvataferðir Fundir & Ráðstefnur-Veiði**

www.faereyjaferdir.is

**Smiðir**
**Kraftafl ehf auglýsir**
**Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu**
**Upplýsingar í síma 840 1616**

# ÚTIVIST







Jómfrúar ólífuolía 750ml
og olíukarafla
JÓMFRÚAROLÍA
OG KARAFLA
699 KR.
(Olía 750 ml)
30% afsláttur
við kassann
Á borðið
UNGNAUTAHAKK
UNGNAUTAHAKK
kílóverð nú:
979 KR.
Merkt verð 1398KR.
Ungnautahakk 8-12% fita
10 stk.
úr tré
EKKERT BRUÐL
Einstök kaup!
WOODEN HANGERS
10 PACK
10 herðatré
499 KR.
10 mjög vönduð
og góð herðatré
Skafís
súkkulaðiís
Skafís
vanilluís
Skafís
vanilluís með Daim kúlum
Skafís
súkkulaðiís
33% meira
fyrir sama verð
2 lítrar
399 KR.
Bónus býður betur!
33% meira magn
SAMA VERÐ!
33% MEIRA MAGN
379 KR.
33%
meira magn
BÓNUS
24 SALERNISRÚLLUR
24
rúllur
Chips
Paprika
EURO SHOPPER
PAPRIKUSNAKK
STUTT GEYMSLUÞOL
49 KR.
200 GRÖMM
200g
200g paprikusnakk með stutt geymsluþol
BÓNUS


Bónus á Smáratorgi er lokað vegna breytinga
...fyrir góðan dag!
LAMBASÚPUKJÖT
kílóverð nú:
399 KR.
Merkt verð 499 KR.
Súpukjöt
I. flokkur
770g
98 KR.
HEIMILISBRAUÐ
HEIMILIS BRAUÐ
Nettóþyngd: 770g
2 kíló!
59 KR.
PREMIER/RAUÐAR/
GULLAUGA
APPELSÍNUSAFI
159 KR.
TRÓPÍ 1 LÍTRI
BÚHNYKKSRÆKJA
kílóverð nú:
599 KR.
Hausthátíðin
heldur áfram hjá kartöflukónginum!
Gullauga
Premier
Rauðar
Tropí
Rækja
1000g
Tilboðin gilda til sunnudags 22. október eða á meðan birgðir endast
ERAN/Landlist
BÓNUS

Ellen Kristjánsdóttir • Guðrún Ásmundsdóttir • Andri Snær Magnason
Dægurlagasveiflan úr Krossinum og Stapanum
Rúnar Júlíusson • Einar Júlíusson • María Baldursdóttir
Magnea Tómasdóttir • Davíð Ólafsson • Stefán Helgi Stefánsson ...


10:00


11:10


13:00


14:15


15:30


16:45


18:00


20:00

# MENNINGARDAGUR

## í kirkjum á Suðurnesjum

sunnudaginn 22. október 2006

gb hönnun

### Kálfatjarnarkirkja Kl. 10:00-10:40

- Menningardagur settur: Kristján Pálsson formaður Ferðamálasamtaka Suðurnesja.
- Saga Kálfatjarnarkirkju: Sr. Gunnar Kristjánsson prófastur flytur erindi.
- Kirkjukór Kálfatjarnarkirkju og Frank Herlufsen flytja tónlist.
- Séra Carlos Ferrer flytur blessun.

### Njarðvíkurkirkja Kl. 11:10-11:50

- Ellen Kristjánsdóttir syngur lög við ljóð eftir Sveinbjörn Egilsson og Hallgrím Pétursson. Undirleikari: Eyþór Gunnarsson
- Séra Baldur Rafn Sigurðsson flytur ávarp.

### Grindavíkurkirkja Kl. 13:00-13:40

- Aðalgeir Jóhannsson flytur erindið, „Þeir gerðu garðinn frægan í Grindavík".
- Kórar Grindavíkurkirkju og nemendur Tónlistarskóla Grindavíkur flytja tónlist Sigvalda Kaldlóns við ljóð Steins Steinarr. Einsöngur: Rósalind Gísladóttir.
- Séra Elínborg Gísladóttir fer með bæn.

### Útskálakirkja Kl. 14:15-14:55

- Andri Snær Magnason rithöfundur flytur erindi, „Stund milli stríða - Garður milli hers og álvers."
- Lokaorð: Séra Björn Sveinn Björnsson.
- Kirkjukór Útskálakirkju flytur tónlist.

### Kirkjuvogskirkja. Kl. 15:30-16:10

- Sagnaskemmtun í flutningi Leiðsögumanna Reykjaness. Sigurjón Vilhjálmsson, Ketill Jósefsson og Hildur Harðardóttir segja sögur af frægu og ófrægu fólki sem bjó í Höfnunum á 18. og 19. öld.
- Séra Baldur Rafn Sigurðsson flytur ávarp.

### Ytri-Njarðvíkurkirkja Kl. 16:45-17:25

- Dægurlagasveiflan úr Krossinum og Stapanum 1960-1975. Rúnar Júlíusson, Einar Júlíusson og María Baldursdóttir syngja vinsælustu íslensku lögin frá þeim tíma. Rokksveit Rúnars Júlíussonar leikur undir.
- Séra Baldur Rafn Sigurðsson flytur ávarp.

### Hvalsneskirkja Kl. 18:00-18:40

- Ávarp: Reynir Sveinsson formaður sóknarnefndar
- Verndarengill Hallgríms. Leikverk eftir Guðrúnu Ásmundsdóttur um æskuár Hallgríms Péturssonar. Flytjendur: Guðrún Ásmundsdóttir, Jón Júlíusson og Ásta S. Ólafsdóttir.
- Einsöngur: Magnea Tómasdóttir söngkona.
- Lokaorð: Séra Björn Sveinn Björnsson.

### Keflavíkurkirkja, safnaðarheimili Kl. 20:00-21:00

- Ávarp: Séra Skúli Ólafsson
- Óperusöngvararnir Davíð Ólafsson og Stefán Helgi Stefánsson flytja létta tónlist. Undirleikari: Ester Ólafsdóttir.
- Kaffiveitingar í boði Keflavíkurkirkju.
- Menningardegi slitið: Kristján Pálsson formaður Ferðamálasamtaka Suðurnesja.

REYKJANESBÆR

SpKef Sparisjóðurinn í Keflavík

FSS FERÐAMÁLASAMTÖK SUÐURNESJA

KIRKJURNAR Á SUÐURNESJUM

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.467 **-0,08%** **Fjöldi viðskipta:** 563 **Velta:** 13.748 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Mosaic** | +4,22% | **Landsbankinn** | -1,46% |
| **Avion** | +3,66% | **Exista** | -1,33% |
| **Alfesca** | +2,76% | **Flaga** | -0,87% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 68,00 +1,49% ... Alfesca 4,84 +2,76% ... Atlantic Petroleum 610,00 +2,52% ... Atorka 6,48 +0,00% ... Avion 34,00 +3,66% ... Bakkavör 58,60 +0,00% ... Dagsbrún 5,00 -0,20% ... FL Group 23,50 -0,84% ... Glitnir 22,70 +0,89% ... Kaupþing 867,00 -0,69% ... Landsbankinn 27,10 -1,46% ... Marel 81,00 +0,62% ... Mosaic Fashions 17,30 +4,22% ... Straumur-Burðarás 17,20 +0,00% ... Össur 126,00 +0,80%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Barningur vegna brjóstmáls**
Danskar konur eiga sumar hverjar erfitt með að hneppa efstu tölum blússa og jakka sem að öðru leyti smellpassa, samkvæmt umfjöllun Nyhedsavisen í gær. Framleiðendur fatnaðar hafa brugðist við kvörtunum og bætt nokkrum sentímetrum við brjóstmálið í hönnun á nýjum fatnaði. Greint er frá því að dönsku fataframleiðendurnir Jackpot og InWear hafi síðustu ár fengið athugasemdir frá um 200 verslunum í Danmörku um þennan vandræðagang. Þannig er medium stærðin frá Jackpot núna um tveimur sentimetrum víðari yfir brjóstið en áður. Breytingin er hins vegar rakin til þess að konur láta í auknum mæli bæta í brjóstin á sér sílíkonfyllingu og jafnvel til breyttra lifnaðarhátta sem valdið hafi breytingum á vaxtarlagi.



**Sparnaðarstríð í boði Landsbankans**
Verðstríð sem kemur til með að þyngja buddu breskra neytenda er á næstu grösum. Þessu heldur vefsíðan „The Thrifty Scot“ fram en hún gefur sig út fyrir að veita almúganum einföld og góð ráð til að spara peninga. Verðstríðið mun í þetta sinn ekki koma til vegna harðrar samkeppni stórverslana, eins og vant er, heldur er það fjármálalegs eðlis. Baráttan fari nú fram á markaðnum fyrir aðgengilega sparnaðarreikninga og hafi verið hrundið af stað með nýjum sparnaðarreikningi Landsbankans í Bretlandi, Icesave, sem veitir 5,2 prósenta ávöxtun á sparifféð. Það mun vera töluvert yfir því sem aðrir bankar bjóða á sambærilegum reikningum. Vefsíðan varar lesendur sína þó við því að hlaupa upp til handa og fóta og skipta um banka. Telji þeir sig ekki geta haldið í það minnsta 250 pundum inni á reikningnum sé betra að skipta ekki, því við það falli vextirnir niður í 0,5 prósent.

## Coca-Cola hitti í mark á HM

Bandaríski gosdrykkjaframleiðandinn Coca-Cola skilaði 1,46 milljarða dala hagnaði á þriðja fjórðungi ársins. Þetta svarar til tæplega 100 milljarða króna hagnaðs á tímabilinu og 14 prósenta aukningar milli ára.

Helsta ástæðan er meiri sala á nýjum mörkuðum Coca-Cola í Brasilíu og í Rússlandi og ekki síst í Þýskalandi en þar á HM í knattspyrnu stóran hlut að máli. Á sama tíma dróst salan saman um 1 prósent í Bandaríkjunum.

Hagnaðurinn nam 62 sentum á hlut, sem er nokkuð yfir væntingum greiningaraðila, en þeir bjuggust við 59 senta hagnaði á hlut. - jab

# Saxbygg kaupir í Steni í Noregi

### Fjárfestingin býður upp á mikla markaðssókn.

Saxbygg hefur eignast kjölfestuhlut í eignarhaldsfélagi utan um Steni sem framleiðir húsaklæðningar fyrir byggingariðnaðinn í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Félagið er með sterka stöðu á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum, einkum á heimamarkaði í Noregi þar sem fjörutíu prósent sölunnar verða til.

Björn Ingi Sveinsson, framkvæmdastjóri Saxbyggs, telur að félagið komi inn á mjög heppilegum tíma nú þegar sér fyrir endann á endurskipulagningu Steni sem staðið hefur yfir í um tvö ár. „Steni býður upp á talsverða stækkunarmöguleika en framleiðslugetan er ekki nýtt nema að sextíu prósentum. Það er hægt að fara í töluverða markaðssókn með félagið og afurðir þess án þess að taka inn miklar fjárfestingar.“

Ásamt Saxbygg koma belgískir, finnskir og norskir fjárfestar að kaupunum sem eru skuldsett og fjármögnuð af Glitni.

Saxbygg er tveggja ára gamalt fjárfestingafélag sem er fyrst og fremst í fjárfestingum í fasteignum og byggingartengdum hlutum erlendis. Félagið er í jafnri eigu Saxhóls, Nóatúnsfjölskyldunnar og Byggingarfélags Gylfa og Gunnars. - eþa

# Innkallanir valda samdrætti hjá Sony



**SONY VAIO** Sony hefur lækkað afkomuspá sína.

Japanski hátækniframleiðandinn Sony hefur lækkað afkomuspá sína á yfirstandandi rekstrarári um rúman helming og lagt til hliðar 51 milljarð jena, jafnvirði 29,5 milljarða íslenskra króna, til að bregðast við áhrifum af miklum innköllunum á rafhlöðum undir merkjum fyrirtækisins.

Að sögn breska ríkisútvarpsins býst Sony nú við að hagnaður fyrirtækisins fyrir skatta á rekstrarárinu, sem lýkur 31. mars á næsta ári, verði um 70 milljarðar jena, jafnvirði rúmra 40 milljarða íslenskra króna. Þetta er 53 prósenta minni hagnaður en fyrri afkomuspá hljóðaði upp á.

Helsta ástæðan fyrir samdrættinum er innköllum á um 8 milljón rafhlöðum sem fyrirtækið framleiddi fyrir fyrirtæki á borð við Dell, Apple, Toshiba og Lenovo. Þá hefur fyrirtækið sömuleiðis innkallað um 90.000 rafhlöður í eigin fartölvum. Galli í rafhlöðunum veldur því að þær ofhitna og hefur í nokkrum tilvikum kviknað í fartölvum.

Hin ástæðan er um 20 prósenta verðlækkun á nýjustu leikjatölvu fyrirtækisins, PlayStation 3, í Japan og tafir á markaðssetningu tölvunnar á stórum mörkuðum.

Að sögn forsvarsmanna fyrirtækisins er búist við betri afkomu á næsta rekstrarári, sem lýkur 31. mars árið 2008. - jab

# Kauphöll Íslands og OMX einu skrefi nær samruna

**Formleg undirritun samkomulags um kaup OMX á Kauphöll Íslands fór fram í gær. Umsvif OMX aukast og jókst hagnaður félagsins um þrettán prósent milli ársfjórðunga.**



**FRÁ KAUPHÖLL OMX Í KAUPMANNAHÖFN** Skráð félög í Kauphöll Íslands munu hefja þátttöku á norrænum lista OMX hinn 1. janúar 2007.

Eignarhaldsfélagið Verðbréfaþing ehf., eigandi Kauphallar Íslands, og OMX skrifuðu í gær undir samning um að Kauphöllin gangi til liðs við OMX Nordic Exchange. Skrifað var undir viljayfirlýsingu þess efnis fyrir um mánuði síðan. Nú hefur verið gengið frá öllum aðalatriðum samningsins og munu viðskiptin endanlega ganga í gegn í lok nóvember. Stefnt er að því að hinn 1. janúar 2007 verði svo skráð félög í Kauphöll Íslands hluti af Norræna listanum.

Hluthafar í EV munu fá 2.067.560 hluti í OMX í skiptum fyrir hlut sinn. Er það 1,7 prósent af heildarfjölda útistandandi bréfa í OMX. Það jafngildir um 2.500 milljónum íslenskra króna. Þar að auki mun OMX greiða í peningum fyrir handbært fé og verðbréf í eigu EV. Helga Björk Eiríksdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Kauphallar Íslands, segir að ekki hafi endanlega verið tekin ákvörðun um hve há sú upphæð verður en hún verði á bilinu 500 og 600 milljónir króna.

OMX hefur unnið að því að samþætta rekstur kauphallanna á Norðurlöndunum að undanförnu og jukust umsvif félagsins, sem meðal annars rekur kauphallirnar í Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Eistlandi, Litháen og Lettlandi, töluvert á þriðja ársfjórðungi. Auk samningsins um kaupin á Kauphöll Íslands keypti félagið nýverið tíu prósenta hlut í kauphöllinni í Ósló. Eftir kaup OMX á Kauphöll Íslands verður sú kauphöll sú eina á Norðurlöndunum sem er ekki í meirihlutaeigu OMX. Hagnaður OMX félagsins jókst um þrettán prósent milli fjórðunga og nam á þriðja ársfjórðungi 18,46 milljónum króna. Það jafngildir um 1,58 milljörðum íslenskra króna.

holmfridur@frettabladid.is

# Hagnaður Nasdaq eykst á milli ára

Hagnaður bandaríska hlutabréfamarkaðarins Nasdaq jókst um tæp 70 prósent á þriðja fjórðungi ársins.

Hagnaðurinn nam 30,2 milljónum bandaríkjadala, um 2 milljörðum króna, á fjórðungnum en nam 16,4 milljónum dala, eða 1,1 milljarði íslenskra króna, í fyrra.

Rekstrarárið einkenndist af kaupum á öðrum mörkuðum jafnt í Bandaríkjunum sem í Bretlandi og aukinni markaðshlutdeild á hlutabréfamarkaði.

Nasdaq yfirtók rekstur rafræna markaðarins INET á árinu og upplýsingaveitunnar PrimeZone Media Network á árinu auk þess að kaupa ráðandi hlut í Kauphöll Lundúna (LSE) í Bretlandi. - jab

# Ógilding samruna staðfest

**Áfrýjunarnefnd sammála Samkeppniseftirlitinu. Lyfjaver og DAC, systurfélag Lyfja og heilsu, mega ekki sameinast vegna hættu á að fákeppnisástandi.**

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur staðfest ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá því í sumar um að ógilda samruna lyfsölu- og lyfjaskömmtunarfyrirtækjanna DAC og Lyfjavers. Samruninn var sagður myndu raska samkeppni og skaða hagsmuni almennings.

DAC er systurfélag lyfsölukeðjunnar Lyfja og heilsu. „Samruninn hefði leitt til þess að tvær lyfsölukeðjur, Lyf og heilsa annars vegar og Lyfja hins vegar, hefðu rúmlega áttatíu prósent allrar lyfjasmásölu í landinu,“ segir Samkeppniseftirlitið og taldi keðjurnar tvær deila sameiginlegri markaðsráðandi stöðu á smásölumarkaði lyfja.

Mat Samkeppniseftirlitsins var að sameiginleg markaðsráðandi staða keðjanna gerði þeim kleift að samhæfa hegðun sína á markaði án þess að þurfa að taka tillit til keppinauta eða neytenda. „Lyfjaver hefur verið öflugur keppinautur stóru lyfjakeðjanna og lagt áherslu á að bjóða lyf á lágu verði. Brotthvarf Lyfjavers af markaðnum hefði haft í för með sér umtalsverða röskun á samkeppni,“ segir Samkeppniseftirlitið og telur úrskurð áfrýjunarnefndar hafa talsvert fordæmisgildi og geti auðveldað vinnu gegn skaðlegri fákeppni á ýmsum mörkuðum hér.

Lyf og heilsa segist harma niðurstöðu áfrýjunarnefndar. „Okkar mat er að með niðurstöðunni hafi íslenskir neytendur misst af tækifæri til hagræðingar þeim til hagsbóta,“ segir Guðni B. Guðnason, framkvæmdastjóri Lyfja og heilsu og kveður fyrirtækið halda áfram að leita leiða til hagræðingar og bættrar þjónustu. - óká



**FORSVARSMENN FYRIRTÆKJANNA** Aðalsteinn Steinþórsson er stjórnarformaður Lyfjavers og Guðni B. Guðnason er framkvæmdastjóri Lyfja og heilsu.

arnarnes.is

# Bókamarkaður

# 50-90% afsláttur

Mikið úrval af bókum á frábæru verði




90% afsláttur

TILBOÐ 199kr

Verð áður 1.999,-



56% afsláttur

TILBOÐ 6.990kr

Verð áður 15.980,-



78% afsláttur

TILBOÐ 999kr

Verð áður 4.490,-




70% afsláttur

TILBOÐ 2.990kr

Verð áður 9.990,-




65% afsláttur

TILBOÐ 799kr

Verð áður 2.290,-




50% afsláttur

TILBOÐ 2.999kr

Verð áður 5.990,-




57% afsláttur

TILBOÐ 1.590kr

Verð áður 3.680,-




50% afsláttur

TILBOÐ 2.499kr

Verð áður 4.980,-




72% afsláttur

TILBOÐ 699kr

Verð áður 2.490,-




43% afsláttur

TILBOÐ 1.990kr

Verð áður 3.480,-

Gildir til 26. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Eftirgrennslan og símahleranir:

## Sakaruppgjöf?

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Upplýsingar tveggja virtra sagnfræðinga um eftirgrennslan stjórnvalda um athafnir erlendra ríkja og einstaklinga vegna atburða í andrúmslofti kalda stríðsins hafa eðli máls samkvæmt vakið upp mikla umræðu. Að sama skapi hafa fullyrðingar fyrrverandi utanríkisráðherra um hlerun á símtölum hans vakið athygli.

Þessir atburðir hafa leitt til tveggja ólíkra rannsókna. Annars vegar er um að ræða athugun sérfræðinga á opinberum gögnum. Sú athugun var samhljóða ákveðin af Alþingi. Líta verður svo á að þar sé réttilega að málum staðið. Afar mikilvægt er að öll gögn þar að lútandi verði opinber.

Vel má vera að sérfræðingarannsókn þessi leiði eitthvað það í ljós sem eðlilegt væri að rannsaka með öðrum hætti. Rétt hlýtur að vera að taka afstöðu til þess ef tilefni gefst til. Að svo stöddu sýnist það mál vera í eðlilegum farvegi.

Sama má segja um lögreglurannsókn sem ríkissaksóknari mælti fyrir um vegna umræðu um hlerun á síma fyrrverandi utanríkisráðherra. Mikilvægt er að slík rannsókn fari fram að hætti opinberra mála. Þar með er tryggt að ýtrustu rannsóknarheimildir séu til staðar og vitnaskylda. Engin önnur leið er til að taka á máli af þessu tagi.

Fram hafa verið settar hugmyndir um að veita með lögum fyrirfram almenna sakaruppgjöf vegna þessara mála allra. Röksemdin mun vera sú að slíkur háttur myndi auðvelda upplýsingaöflun.

Ekki verður séð á þessu stigi að rök standi til að veita sakaruppgjöf af þessu tagi. Ef þeir sem rannsóknir annast myndu á einhverju stigi máls setja fram óskir þar að lútandi yrði einfaldlega að meta þær.

Opinberir starfsmenn eru almennt bundnir þagnarskyldu um allt það sem leynt á að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum eða eðli máls. En varla verður litið svo á að þessi kvöð nái til ólögmætra athafna sem þeir komast að í starfi sínu. Þó að sérlög geti náð til slíkra tilvika verður trauðla séð að það eigi við um hina almennu þagnarskyldu.

Einn þáttur þessara mála hefur reyndar þegar verið upplýstur að mestu. Það er eftirgrennslan utanríkisráðuneytisins á árunum 1989 til 1990 með athöfnum róttækra námsmanna í Austur-Þýskalandi á sínum tíma. Sagnfræðingur greindi frá heimildum þar um í framhaldi af kröfu formanns þingflokks Samfylkingarinnar í grein í þessu blaði.

Sú upplýsing byggðist á skriflegri lýsingu opinbers starfsmanns. Enn sem komið er hafa stjórnvöld ekki talið ástæðu til að draga þann fyrrverandi opinbera starfsmann til ábyrgðar vegna brota á þagnarskyldu.

Ástæðan er hugsanlega sú að stjórnvöld telji að ekki hafi verið nægjanleg lagastoð fyrir fyrirmælum um trúnað þegar sú eftirgrennslan fór fram eða jafnvel að athöfnin öll hafi verið fyrir utan verksvið utanríkisráðuneytisins. Einu gildir hver ástæðan er. Fordæmi er þegar komið fyrir því að hin almenna þagnarskylda stendur ekki í vegi fyrir því að opinberir starfsmenn greini frá athöfnum af þessu tagi.

Formaður þingflokks Samfylkingarinnar hefur talið nauðsynlegt að upplýst verði á hvaða lagaheimildum eftirgrennslan utanríkisráðuneytisins var byggð. Það er fullkomlega gild spurning í þessari umræðu allri. Og enn á eftir að skýra hvers vegna utanríkisráðuneytið gerði ekki grein fyrir niðurstöðunum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

4. SÆTI

Ágúst Ólafur Ágústsson

varaformaður Samfylkingarinnar

Opnum kosningaskrifstofu

**Ágústs Ólafs** í Síðumúla 13, í dag föstudaginn 20. október milli klukkan 17.30 – 19.30.

**Margrét Frímannsdóttir** og **Jón Baldvin Hannibalsson** flytja ávörp.

**Margrét Sigurðardóttir** og **Björn Thoroddsen** leika nokkur lög.

Boðið verður upp á léttar veitingar.

Allir velkomnir,
**stuðningsfólk**



Traustur efnahagur — aukin velferð | www.agustolafur.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hugo Boss og Hitler

„Það er líka eftirtektarvert að það var Hugo Boss sem gerði herbúninga Þriðja ríkisins," skrifar Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands, í nýútkomið Fítonblað. Umfjöllunarefni hans er hönnun valdsins. Guðmundur segir vald fyrst og fremst gert sýnilegt af hönnuðum og arkitektum. „Ímyndið ykkur valdsmenn án bygginga, án leikvanga og leikmynda, án farartækja, án verkfæra og vopna, án merkja, án búninga, án myntar og peningaseðla sem auðvitað eru upphaflega verk teiknara," segir hann. Kóngar, dómarar eða stríðsherrar á brókinni og sokkaleistunum bæru ekki með sér valdið sem þeir hefðu.



### Hinn íslenski her

Starfsfólk Fíton leikur sér að því í blaðinu að hanna merki og búninga á „Hinn íslenska her". „Okkar svið er hugmyndir og við höfum því á reiðum höndum svör við spurningunni: Hvernig á hinn íslenski her að líta út? Það mun þá ekki stranda á því þegar ákvörðun um stofnun íslensks hers verður tekin," segja Fítonmenn og -konur. Á næstu síðum má svo sjá merki, orður, búninga og annað sem tengist her; flugher, landher og sjóher. Sótt eru tákn forfeðra en einnig í smiðju stjórnmálaflokka.



### Karlar á kvennafundi

Kvenframbjóðendur Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi eru nú í fundarherferð um kjördæmið og boðuðu kjósendur til fundar við sig í Selinu á Selfossi í gærkvöldi. Á miðvikudagskvöldið var hins vegar haldinn fundur í Reykjanesbæ og mættu aðeins þrír gestir að því er fram kemur á fréttavefnum Sudurland.is. Það má þó segja að góðmennt hafi verið því þessir þrír gestir voru kosningastjóri Lúðvíks Bergvinssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, Jón Gunnarsson, þingmaður Samfylkingarinnar og faðir eins frambjóðandans sem stendur að fundarherferðinni.

bjorgvin@frettabladid.is

# Fagnaðarefni



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Hleranir

Það er fagnaðarefni, að menntamálaráðherra skuli hafa ógilt synjun þjóðskjalavarðar við því, að Kjartan Ólafsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sósíalistaflokksins, fengi sama aðgang að skjölum í Þjóðskjalasafni um símahleranir og Guðni Th. Jóhannesson hafði notið. Aðgangur að slíkum skjölum á að vera fræðimönnum frjáls að teknu tilliti til einkamála og öryggisatriða. Sagnfræðingafélagið ályktaði að eigin frumkvæði til stuðnings Kjartani. Félagið þagði hins vegar, þegar Þjóðarbókhlaðan meinaði mér aðgangs að bréfasafni Halldórs Kiljans Laxness 2003, um leið og hún opnaði það (að ósk fjölskyldu Laxness) fyrir þeim Helgu Kress og Halldóri Guðmundssyni. Hafði bréfasafnið þó verið gefið Þjóðarbókhlöðunni kvaðalaust 1996 og legið öllum opið fram til 2003.

Það er líka fagnaðarefni, að ríkissaksóknari skuli hafa mælt fyrir um rannsókn á ótrúlegum ásökunum Jóns Baldvins Hannibalssonar, fyrrverandi utanríkisráðherra, og Árna Páls Árnasonar, fyrrverandi starfsmanns utanríkisráðuneytisins, um það, að innlendir aðilar hefðu hlerað síma þeirra á tímabilinu 1993-1995. Óþolandi hefði verið, að þeir Jón Baldvin og Árni Páll hefðu ekki greint frá heimildum sínum, svo að sannreyna mætti mál þeirra. Þá hefðu þeir skilið ásakanir sínar eftir í lausu lofti, svo að enginn hefði getað varið sig fyrir þeim.

Uns annað sannast, hljótum við þó að trúa því, sem þáverandi póst- og símamálastjóri og lögreglustjórinn í Reykjavík (en hann er fyrrverandi varaþingmaður Framsóknarflokksins) segja báðir, að engar hleranir yfirvalda hafi átt sér stað án undangengins dómsúrskurðar og eftir kalda stríðið aðeins í venjulegum brotamálum. Það var furðulegt að heyra Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur beita mælskubrögðum, strax og hún frétti af rannsókninni. Hún sagði, að lögreglan ætti ekki að rannsaka lögregluna. En ríkissaksóknari hafði einmitt sýslumanninn á Akranesi til að sjá um rannsóknina, ekki lögregluna í Reykjavík.

Hvers vegna gefa heimildarmenn þeirra Jóns Baldvins og Árna Páls sig ekki fram? Ég fæ ekki séð, að þeir eigi neitt á hættu. Fróðlegt væri til dæmis að vita, hvaða tækjum kunningi Jóns Baldvins, sem ætti að hafa prófað síma hans, var búinn og hvernig hann komst að því, að sími ráðherrans væri hleraður, þegar haft er í huga, að tæknimenn frá Atlantshafsbandalaginu skoðuðu reglulega síma Jóns Baldvins og nokkurra annarra ráðamanna. Það er líka með ólíkindum, að þeir Jón Baldvin og Árni Páll skuli ekki hafa skýrt frá grun sínum fyrr en að liðnum röskum áratug. Þeir brugðust eftirmönnum sínum og almenningi öllum.

Í umræðum síðustu vikna um öryggismál hefur öllu verið blandað saman. Guðni Th. Jóhannesson leiðrétti seint og illa það, sem eftir honum hafði verið haft í sjónvarpsfréttum, að öryggisdeild lögreglunnar íslensku í kalda stríðinu hefði verið „leyniþjónusta Sjálfstæðisflokksins". Hann fullyrti án þess að hafa fyrir því haldbærar heimildir, að Ólafur Jóhannesson hefði ekki vitað um þessa öryggisdeild. Það vakti af einhverjum ástæðum miklu meiri athygli en þegar Steingrímur Hermannsson fullyrti síðan, að Ólafi hefði verið fullkunnugt um hana. Sjálfur kvaðst Steingrímur ekki hafa vitað neitt um málið. Það er rangt, eins og sjá má af ýmsum gögnum. Þeir Ólafur og Steingrímur vissu báðir vel um þessa deild.

Nú hefur dr. Þór Whitehead prófessor birt hér í blaðinu frásögn Róberts Trausta Árnasonar, fyrrverandi sendiherra, um það, þegar þeir Steingrímur og Jón Baldvin báðu hann 1989 að kanna á laun hugsanleg tengsl þáverandi samráðherra þeirra, Svavars Gestssonar, við austurþýsku leyniþjónustuna, Stasi. Svavar lá væntanlega undir grun, af því að hann hafði hlotið þjálfun í flokksskóla í Austur-Þýskalandi samkvæmt sérstakri samþykkt miðstjórnar kommúnistaflokksins þar. Róbert Trausti fékk þær upplýsingar í Þýskalandi, að engin skjöl fyndust um tengsl Svavars við Stasi. En tilefnið til skrifa Þórs var, að Össur Skarphéðinsson hafði spurt opinberlega, hvort „skrímsladeild Sjálfstæðisflokksins" hefði látið njósna um Svavar. Nú hefur Össur fengið eftirminnilegt svar.

Kjarni málsins er þessi: Lengi starfaði allstór hópur hér í nánum tengslum við óvinveitt einræðisríki, þáði þaðan fjárhagsstoð og hlaut þjálfun í vopnaburði og byltingarfræðum. Þessi hópur vildi koma á kommúnisma og skirrðist ekki við að beita ofbeldi, til dæmis í götubardaganum 30. mars 1949. Lögreglan fylgdist með þessu fólki í samvinnu við sambærilegar stofnanir í Bandaríkjunum og öðrum bandalagsríkjum okkar, eins og Þór Whitehead hefur upplýst. Yfirvöld eiga að leggja öll skjöl á borðið um þetta mál og afla frekari gagna úr bandarískum og rússneskum stofnunum. Ekkert er að fela.

# Sátt um lausnir á vanda LSH

**UMRÆÐAN**

Heilbrigðismál



ÁSTA MÖLLER

Það getur reynst erfitt að vera stór og taka til sín mikið af almannafé. Stærsta fyrirtæki landsins, Landspítalinn, með yfir 5.000 starfsmenn, hefur fundið fyrir því. Um það bil 9 prósentum af útgjöldum ríkisins er veitt til reksturs spítalans.

Miklar breytingar hafa átt sér stað í rekstri spítalans frá sameiningu sjúkrahúsanna. Margar hafa þær skilað góðum árangri. Aukin áhersla er á þjónustu við sjúklinga á dag- og göngudeildum og er það í samræmi við þróun erlendis. Biðlistar vegna aðgerða hafa almennt minnkað.

Ströng hagræðingarkrafa er á spítalann og hefur verið gripið til ýmissa ráðstafana. Áhyggjur er um að gengið hafi verið of nærri gæðum þjónustunnar. Mikið álag er á starfsmenn og skortur á starfsfólki magnar vandann. Starfsfólk á hins vegar hrós skilið fyrir þá þjónustu sem það veitir við erfiðar aðstæður.

Nú þarf hins vegar að staldra við. Fram hefur komið að rekstrarkostnaður LSH hefur á föstu verðlagi staðið í stað frá sameiningu sjúkrahúsanna. Á sama tíma hefur starfsemi spítalans aukist m.a. vegna fjölgunar aldraðra. Skýringar stjórnenda um 1 milljarðs króna hallarekstur í ár eru góðar og gildar og varða ýmsa þætti sem spítalinn ræður ekki við, t.d. óhagstæða gengisþróun, áhrif þenslu á vinnumarkaði og aukin launatengd gjöld. Það verður ekki lengra gengið í fjárhagslegu tilliti gagnvart spítalanum, nema stjórnvöld séu reiðubúin að taka á sig ábyrgð að endurskilgreina verkefni sjúkrahússins.

Ég tel fulla ástæðu til að ganga af alvöru til þess verks. Færa þarf verkefni frá spítalanum til annarra stofnana eða aðila sem eru til þess betur bærir. Hér á ég t.d. við um öldrunarþjónustu, heimahjúkrun, félagslega þjónustu svo og sjúkramóttöku vegna minniháttar sjúkdóma og slysa, sem á að veita á heilsugæslustöðvum. Þessu er nú sinnt af spítalanum m.a. vegna skorts á öðrum úrræðum eða ókunnugleika fólks um hvert það á að leita þjónustu. Þá þarf að auka samvinnu milli þeirra sem sinna sjúklingum til að skapa meiri samfellu í þjónustu við þá.

Bæta þarf sjúkrahúsinu hallarekstur þessa árs, en nota tækifærið og gera þessar breytingar öllum til hagsbóta.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Hjörleifur fjaðralaus ósannindamaður

**UMRÆÐAN**
Fjarðará


TRYGGVI HARÐARSON

Okkur öllum sem er annt um náttúru Íslands ofbýður það þegar einstaklingar sem kenna sig við náttúruvernd nota rakalaus ósannindi í meintri baráttu sinni fyrir náttúruvernd. Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi þingmaður og ráðherra ,heldur því fram fullum fetum í grein í Fréttablaðinu, „Ný skrautfjöður í stefnu Samfylkingarinnar“, að ég hafi verið búsettur í Hafnarfirði þann tíma sem ég gegndi störfum sem bæjarstjóri á Seyðisfirði. Maður hlýtur að efast um dómgreind manns sem heldur fram jafn auðhrekjanlegum ósannindum enda þarf ekki annað en að fletta upp íbúaskrá Seyðisfjarðar síðustu fjögur árin til að sjá að hér fer ráðherrann fyrrverandi með helbera lygi. Hann ætti að skammast sín og biðjast opinberlega afsökunar.

Varðandi virkjun Fjarðarár geta menn að sjálfsögu haft sínar skoðanir á þeirri framkvæmd og hvernig að henni var staðið. Framkvæmdin var mjög vel auglýst og kynnt á öllum stigum málsins. Ekki einn einasti íbúi á Seyðisfirði sá ástæðu til að gera athugasemdir við fyrirhugaða virkjun meðan umsagnarfrestur um skipulagið stóð yfir. Og ekki Hjörleifur heldur. Hins vegar kærði hann úrskurð Skipulagsstofnunar þegar fyrir lá að hún samþykkti framkvæmdina. Eins og fyrri daginn kaus hann kærumeðferðina frekar en að taka þátt í efnislegum umræðum um fyrirhugaða framkvæmd meðan hún var til umfjöllunar og kynningar.

Það er einnig alrangt hjá Hjörleifi að um eitthvert leynimakk hafi verið að ræða varðandi samningagerðina við Íslenska Orkuvirkjun. Í bæjarstjóratíð minni á Seyðisfirði lágu öll gögn opin fyrir sem lutu að samningum við fyrirtækið. Að vísu var bæjarstjórn kærð til Úrskurðarnefndar upplýsingamála fyrir að liggja á gögnum sem liggja ættu fyrir. En nefndin hafnaði þeirri ákæru algjörlega og vísaði henni til föðurhúsanna.

Það sem virðist öðru fremur pirra Hjörleif er að ekki þótti ástæða til að fara með framkvæmdina í formlegt umhverfismat vegna smæðar hennar. Hins vegar á hann að vita mæta vel að áður en ákvörðun var tekin voru gerðar margvíslegar athuganir á lífríki og náttúrufari svæðisins. Umsögn allra fagaðila var á eina lund. Ekki væri verið að fórna neinum markverðum náttúruverðmætum.

Fjarðaráin mun renna áfram eins og hún hefur gert um ómunatíð. Að vísu mun rennsli hennar óhjákvæmilega verða jafnara. Verstu flóð í henni munu væntanlega heyra sögunni til, en þeim hafa fylgt flóð í kjallara húsa við Fjarðarána og Lónið, fólki til armæðu og tjóns. Eins munu Seyðfirðingar losna við þurrð árinnar á frosta- og þurrkatímum sem hefur verið til vandræða og stundum valdið vatnsleysi í bænum.

Stundum mætti halda að öfgafyllstu „náttúruverndarsinnar“ væru á móti rafmagni. Það er sama hvort menn eru að virkja lítið og sætt með hverfandi röskun umhverfisins eða hvort stórvirkjanir eru á ferð. Ávallt skulu þeir vera á móti. Auðvitað geta verið skiptar skoðanir um einstakar virkjanir. En staðreyndin er sú að enginn íbúi á Seyðisfirði hreyfði mótmælum við virkjuninni á forsendum náttúruverndar. Ekki eru þó allir Seyðfirðingar náttúrusóðar eins og ætla mætti af málflutningi ráðherrans fyrrverandi.

*Það er aulalegt að reyna að gera undirritaðan tortryggilegan vegna þess að hann sé að sunnan.*

Eitt er þó rétt í grein Hjörleifs. Í þessu máli voru þau Valgerður Sverrisdóttir, þáverandi iðnaðaráðherra, og hann, fyrrverandi iðnaðarráðherra, sammála um að æskilegt væri að framkvæmdin færi í formlegt umhverfismat. Ekki vegna þess að fyrir því lægju efnislegar forsendur eins og fram kemur í úrskurði Skipulagsstofnunar. Ætli það hafi ekki ráðið nokkru um afstöðu iðnaðarráðuneytisins að framkvæmdin var ekki á vegum Landsvirkjunar og hvorki að frumkvæði né á forræði ráðuneytisins.

Allir sem til þekkja vita að nýting vatnsorkunnar í Fjarðará er takmörkuð við þau umhverfisjónarmið sem voru lögð til grundvallar. Áin hefði forgang til vatnsins og pípur allar lagðar í jörðu. Að baki lágu áratugalangar mælingar á vatnsrennsli árinnar og fjöldi ljósmynda sem sýndu útlit fossanna við mismikið rennsli.

Það er aulalegt að reyna að gera undirritaðan tortryggilegan vegna þess að hann sé að sunnan. En að halda því fram að ég hafi búið mína bæjarstjóratíð í Hafnarfirði er rakalaus lygi sem ber vott um virðingarleysi fyrir sannleikanum og er til þess eins fallið að kasta rýrð á alla sem kenna sig við náttúruvernd.

*Höfundur er fyrrverandi bæjarstjóri á Seyðisfirði*

# Þeir eiga að biðja Svavar Gestsson afsökunar

**UMRÆÐAN**
Tengsl við leyniþjónustur

Þór Whitehead skrifar grein í Fréttablaðið í gær (miðvikudaginn 18. október) sem varð til þess að mig setti hljóðan. Fram kemur að samráðherrar Svavars Gestssonar í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, 1988-1991, óskuðu eftir því að kannað yrði hvort Svavar hefði gengið erinda austur-þýsku leyniþjónustunnar! Ráðherrarnir voru samkvæmt frásögn Þórs, forsætisráðherrann Steingrímur Hermannsson, þáverandi formaður Framsóknarflokksins og Jón Baldvin Hannibalsson, utanríkisráherra og þáverandi formaður Alþýðuflokksins.

Þór Whitehead byggir frásögn sína á skriflegum heimildum Róberts Trausta Árnasonar sem á þessum tíma var vara-fastafulltrúi Íslands hjá NATÓ en hann var beðinn um að gangast fyrir um þessa eftirgrennslan. Það hafi hann að eigin sögn gert þótt hann hafi verið „tregur til verksins“ því hann hafi ekki fengið að vita hvernig ráðherrarnir „myndu nota hugsanlegar upplýsingar“. Hann hafi engu að síður sinnt þessari beiðni og leitað til vestur-þýsku leyniþjónustunnar og hinnar bandarísku. „Einkum vildi Jón Baldvin vita, hvort að Svavar Gestsson hefði verið í hópi erindreka STASI,“ segir í frásögn Róberts Trausta. Þar kemur einnig fram að ráðherrarnir hafi tekið sérstaklega fram að ekkert mætti fréttast um þetta til forstöðumanns íslenska útlendingaeftirlitsins sem annaðist öryggisþjónustu á vegum lögreglu og dómsmálaráðuneytis um þetta leyti.


ÖGMUNDUR JÓNASSON

Ekki ætla ég að rekja grein Þórs Whiteheads og frásögn Róberts Trausta í þaula að öðru leyti en því að frá því er skemmst að segja að Róbert Trausti fékk kuldalegar viðtökur hjá fyrrnefndum leyniþjónustumönnum sem hefðu engin skjöl viljað láta af hendi en „það eitt staðfesti að STASI hefði enga íslenska trúnaðarmenn á sínum snærum og hefði aldrei haft. Þetta vissi íslenska öryggisþjónustan mætavel“. Fram kemur að nokkru síðar hefði Róbert Trausti fengið ítarlegri svör frá vestur-þýsku leyniþjónustunni þar sem skýrt var frá því að rannsóknir hefðu leitt í ljós að að austur-þýsku leyniþjónustunni Stasi hafi „ekkert [orðið] ágengt í því að ráða sér íslenska erindreka til starfa á Íslandi hvorki á meðal íslenskra námsmanna né annarra“. Þór Whitehead kveðst hafa leitað eftir mati á þessum staðhæfingum hjá „heimildarmanni úr íslensku öryggisþjónustunni“ sem hafi sagt að þetta væri „á þá leið“, sem „öryggisþjónustan sjálf“ hefði talið líklegasta! Bíðum við, „öryggisþjónustan sjálf“!! Hér er vísað til íslenskrar öryggisþjónustu, sem virðist hafa verið rekin með leynd í landinu. Það bíður betri tíma að fjalla um hana.



JÓN BALDVIN HANNIBALSSON STEINGRÍMUR HERMANNSSON

*Hitt getur ekki beðið að þeir Jón Baldvin Hannibalsson og Steingrímur Hermannsson biðji Svavar Gestsson formlega og opinberlega afsökunar á framferði sínu gagnvart honum.*

Hitt getur ekki beðið að þeir Jón Baldvin Hannibalsson og Steingrímur Hermannsson biðji Svavar Gestsson formlega og opinberlega afsökunar á framferði sínu gagnvart honum. Þetta ber þeim að gera sem fyrrverandi fulltrúar þjóðarinnar í ríkisstjórn landsins. Þá hljóta þeir að þurfa að biðja þjóðina afsökunar á því að hafa leitað á náðir erlendrar leyniþjónustu í stað þess að snúa sér til innlendra lögregluyfirvalda, hafi þeir haft grunsemdir um alvarlegan glæp á borð við landráð!

Hitt hljóta þeir svo að eiga við sjálfa sig hvernig þeir geti réttlætt það að hafa setið í nánu samstarfi með mönnum sem þeir fóru á bak við með þessum hætti. Hafi það verið rétt að einvörðungu hafi verið um einhvers konar formlegheit að ræða hljóta þeir að þurfa að svara því hvers vegna þeir sögðu ekki félaga sínum í ríkisstjórn frá því?

*Höfundur er þingmaður VG*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Síminn

**Sigurður Ásmundsson fjallar um ADSL áskrift Símans.**

Vegna fréttar um hvernig Síminn mismunaði landsmönnum eftir búsetu, á ADSL áskriftum, vil ég benda á eftirfarandi. Ég bjó úti á landi þar sem sérkjör voru á ADSL þjónustu Símans, á þann veg að gagnaflutningsgetan var takmörkuð og því ekki hægt að bjóða þær tilboðsleiðir sem íbúum suðvesturhornsins bjóðast. Ég er búinn að vera áskrifandi að ADSL neti Símans í tæp tvö ár með fyrrgreindum takmörkunum. Fyrir stuttu síðan flutti ég á höfuðborgarsvæðið og lét flytja með mér símann og alla þá þjónustu sem ég var áskrifandi að. Hins vegar hélt Síminn mér áfram á tveggja ára gamalli, úreltri okuráskriftarleið, sem ekki einu sinni er í boði fyrir það svæði sem ég nú bý á. Þegar ég svo uppgötvaði þetta fyrir nokkrum dögum síðan, fór niður í afgreiðslu Símans í Ármúla til að fá áskriftinni breytt, þá var það ekkert mál nema hvað nýja áskriftarleiðin tók ekki gildi fyrr en um næstu mánaðarmót. Síminn ætlar semsagt að misnota mig í einn mánuð í viðbót. Takk fyrir.

**Höfundur er búsettur í Kópavogi.**


Höldum óhreinindum á mottunni
Úti- og innimottur fyrir íslenskar aðstæður



NOTRAX® gólfmottukerfið
...fjarlægir óhreinindi og vætu af skóm
...hindrar að gólfið innandyra verði hált
...heldur anddyrinu hreinu og snyrtilegu

Á tilboði í október 2006
Úti- og innimottur af ýmsum gerðum og stærðum

Sigþóra Gunnarsdóttir
Sölumaður í verslun RV

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

VIGGO MORTENSEN ER 48 ÁRA Í DAG

*Sá sem reynir sífellt að geðjast öllum gerir ekki neitt út frá eigin brjósti, eitthvað sem hann getur kallað sitt.*

*Mortensen er þekktastur fyrir að ljá Aragorn í Hringadróttinssögu líf á hvíta tjaldinu.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 20. OKTÓBER 1986

## *Mossad rænir Vanunu*



Fyrir tæpum tuttugu árum hvarf Mordechai Vanunu sporlaust stuttu eftir að viðtal við hann birtist í The Sunday Times. Þar ljóstraði hann upp um kjarnorkuvopnabirgðir Ísraela auk þess sem myndir birtust úr kjarnorkuverinu Dimona í Negev-eyðimörkinni. Vanunu sem var frá Marokkó hafði unnið í tíu ár í Dimona-rannsóknarstöðinni en var rekinn vegna aðildar sinnar að ýmsum friðarhreyfingum. Síðar kom í ljós að Vanunu hafði verið rænt af útsendara ísraelsku leyniþjónustunnar Mossad.

Konan vingaðist við Vanunu í London og plataði hann með sér í ferðalag til Rómar þar sem honum var rænt og hann fluttur á skipi til Ísraels. Blaðamenn fengu upplýsingar um þetta þegar Vanunu skrifaði það í lófa sína sem hann þrýsti að glugga á bifreið sem flutti hann milli fangelsa.

Vanunu var ákærður fyrir landráð og njósnir árið 1987 og dæmdur í átján ára fangelsi þar af ellefu í einangrun. Hann hlaut frelsi árið 2004 en hefur ekki enn fengið leyfi til að fara úr landi.

### MERKISATBURÐIR

- **1728** Eldur kemur upp í Kaupmannahöfn og stendur í þrjá daga. Stór hluti bókasafns Árna Magnússonar brennur en flest skinnhandrit bjargast.
- **1905** Landsdómur er stofnaður til að dæma í málum gegn ráðherrum en hefur aldrei verið kvaddur saman.
- **1968** Jacqueline Kennedy giftist auðjöfurnum Aristoteles Onassis.
- **1973** Óperuhúsið í Sydney í Ástralíu er opnað.
- **1977** Þrír meðlimir hljómsveitarinnar Lynyrd Skynyrd deyja í flugslysi.
- **1989** Borgarleikhúsið í Reykjavík er vígt en það hafði verið þrettán ár í byggingu.

---

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð við andlát föður okkar og tengdaföður,*

**Bjarna Valdimarssonar**

fyrrum bónda, Leirubakka, Landssveit.

| | |
|---|---|
| **Jón Bjarnason** | |
| **Ævar Sigurjónsson** | |
| | **Kristín Bjarnadóttir** |
| **Carsten B. Möller** | **Þórunn Bjarnadóttir** |

---



*Ástkær eiginmaður, faðir og sonur,*

**Birgir Kristinsson**

Fagrahjalla 6, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju Hafnarfirði föstudaginn 20. okt. kl. 13.00.

**Katrín R. Gunnarsdóttir**
**Þorbjörg Birgisdóttir**
**Kristín B. Birgisdóttir**
**Jóhanna Júlíusdóttir**

---



*Ástkær eiginmaður minn og vinur, faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir, mágur og tengdasonur,*

**Anton Sölvi Jónsson,**

húsasmíðameistari, Heiðarbrún 11, Keflavík,

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju laugardaginn 21. október klukkan 13.30.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

| | |
|---|---|
| **Jórunn Jónasdóttir** | |
| **Jóna Björg Antonsdóttir** | **Ellert Þ. Ólafsson** |
| **Guðrún Anna Antonsdóttir** | |
| **Bogi Jón Antonsson** | |
| **Anton Ellertsson** | **Þorbjörg Bergþórsdóttir** |
| **Kristrún Jónsdóttir** | **Magnús B. Magnússon** |
| **Árni Jónasson** | **Birna Margeirsdóttir** |
| **Guðmundur Jónasson** | **Ína Dóra Jónsdóttir** |
| **Björg Árnadóttir** | |
| **og aðrir aðstandendur** | |

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Guðlaugsson**

fyrrv. framkvæmdastjóri Sælgætisgerðarinnar Opal,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni laugardaginn 14. október. Útför hans verður gerð frá Laugarneskirkju mánudaginn 23. október kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlega bent á Minningarsjóð Sóltúns, sími 590 6000.

| | |
|---|---|
| **Magnús Heiðar Jónsson** | **Inge Christiansen** |
| **Guðlaugur Gauti Jónsson** | |
| **Birgir Rafn Jónsson** | **Ingibjörg Norberg** |
| **Sturla Már Jónsson** | **Steinunn Pálsdóttir** |
| **barnabörn og barnabarnabörn** | |

---



**STEFÁN MIKAELSSON** Segir að starf flugumferðarstjóra sé ekki fyrir hvern sem er enda mikið álag og ekki lítið í húfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**STEFÁN MIKAELSSON:** FAGNAR ALÞJÓÐADEGI FLUGUMFERÐARSTJÓRA

# Ekki fyrir taugaveiklaða

„Nei, við erum ekki búin að baka enda lítið um skipulögð hátíðarhöld því við erum fyrst og fremst að minna á þennan dag,“ segir Stefán Mikaelsson hjá Flugumferðarstjórn Íslands. Alþjóðadagur flugumferðarstjóra er í dag og Stefán er staðgengill Lofts Jóhannssonar, formanns Félags íslenskra flugumferðarstjóra, sem er í Búlgaríu.

Alþjóðasamtök flugumferðarstjóra voru á stofnuð á þessum degi fyrir 45 árum, af félögum í tólf aðildarríkjum, þar á meðal Félagi íslenskra flugumferðarstjóra. Nú eru um 50 þúsund félagsmenn í Alþjóðasamtökunum, þar af um 120 hér á landi. „Flugumferðarstjórar eru í góðu samstarfi á milli landa,“ segir Stefán. „Það eru reglulegir fundir og alþjóðaþing einu sinni á ári. Þess fyrir utan förum við alltaf á Norðurlandaþing og hittum félaga okkar þar, þannig að það er töluverður samgangur á milli landa. Það eru líka allir að fást við sömu vandamálin.“

Flugumferðarstjórar vinna bak við tjöldin, ef svo má að orði komast, en þeirra helsti starfi er að koma í veg fyrir að flugvélar rekist á. Færri komast að en vilja í starfið enda inngönguskilyrðin ströng. „Umsækjendur þurfa að taka ýmis próf, meðal annars leysa úr flugumferðarhnútum í tilbúnu umhverfi. Þeir sem standa sig best í því ferli veljast til náms. Eftir það tekur við eitt ár í grunnámi og annað í starfsnámi áður en viðkomandi útskrifast með fyrstu réttindi í flugumferðarstjórn.“

Stefán játar að starf flugumferðarstjóra sé ekki fyrir hvern sem er, enda mikið í húfi. „Álagið getur verið mikið og það má segja að þetta sé ekki fyrir taugaveiklaða. En þótt starfið geti verið erfitt er það líka fjölbreytt og krefjandi.“ bergsteinn@frettabladid.is

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, langalangamma,*

**Cecilía Kristjánsdóttir**

Dvalarheimilinu Fellaskjól, Grundarfirði,

sem lést sunnudaginn 15. október í St. Franciskuspítalanum Stykkishólmi verður jarðsungin laugardaginn 21. október kl. 14 í Grundarfjarðarkirkju.

| | |
|---|---|
| **Kristín Jeremíasdóttir** | **Sigurður Kristjánsson** |
| **Svandís Jeremíasdóttir** | **Ágúst Sigurðsson** |
| **Áslaugur Jeremíasson** | **Unnur Magnúsdóttir** |
| **Kjartan Jeremíasson** | |
| **Laufey Jeremíasdóttir** | **Stefán Björgvinsson** |
| **Þórdís Jeremíasdóttir** | **Gunnlaugur Þorláksson** |
| **Hulda Jeremíasdóttir** | **Ásgeir Valdimarsson** |
| **Ásta Jeremíasdóttir** | **Þorlákur Þorleifsson** |
| **Sæunn Jeremíasdóttir** | **Magnús Höskuldsson** |
| **Dagný Jeremíasdóttir** | **Sigurður Þorkelsson** |
| **barnabörn og langömmubörn.** | |

### AFMÆLI



**Kristín Halldórsdóttir** fyrrverandi alþingismaður 67 ára.



**Steinþór Skúlason** forstjóri Sláturfélags Suðurlands er 48 ára.

**Ástríður Thorarensen** hjúkrunarfræðingur er 55 ára.



**Hreinn Óskarsson** skógarvörður á Suðurlandi er 35 ára.





**Súsanna Svavarsdóttir** blaðamaður er 53 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



Eitt flottasta úrval landsins
SÉR-TILBOÐ!
Í OKTÓBER
ROBBIE
K-C06
B-19
KENT
GAVIN 2
Verð frá 10.900
DEAN
CINDY
TINA
CAESAR
HANDLAUGAR Á BORÐ Mikið úrval
K-C03
K-C18
LES
CARL 2
B-31
B-27
Með lyftitappa
Há blöndunartæki fyrir handlaugar
Verð frá 7.900
Verð frá 3.250
Lág blöndunartæki fyrir handlaugar
Verð frá 5.900
SMÁHLUTIR Á BAÐHERBERGI Fjölbreytt úrval
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
www.i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# Ingvar gerir Erlend að sínum

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**

Vinsældir glæpasagna Arnalds Indriðasonar um rannsóknarlögreglumanninn Erlend Sveinsson hafa verið með slíkum eindæmum að það hlaut að koma að því, fyrr eða síðar, að einhver þeirra yrði kvikmynduð.

Íslendingar hafa lesið bækur Arnalds af slíkri áfergju að Erlendur hefur nánast öðlast sjálfstætt líf í vitund þjóðarsálarinnar og það er því hvorki heiglum hent að koma honum né sögum Arnalds á filmu. Væntingarnar eru miklar og það má bóka það að mikill meirihluti áhorfenda gangi í salinn með sínar eigin fastmótuðu hugmyndir um söguna og aðalpersónuna.

### Ingvar bregst ekki

Erlendur er hryggjarstykkið í bókum Arnalds og sömu sögu er að segja um Mýrina eftir Baltasar sem vitaskuld stendur og fellur með Erlendi. Þeir eru því báðir undir mikilli pressu, Ingvar E. Sigurðsson, sem leikur Erlend, og Baltasar sem réðst í það vandasama verkefni að flytja mátulega flókinn reyfara yfir á hvíta tjaldið og gera um leið tugþúsundum ákafra lesenda til geðs.

Það er skemmst frá því að segja að báðir standast þeir prófið með miklum sóma og ég er ekki frá því að Erlendur bíómyndarinnar sé skemmtilegri persóna en Erlendur bókanna enda verður það að segjast eins og er að á pappírnum er Erlendur frekar flatur og óspennandi. Ingvari tekst að gæða hann lífi og er einfaldlega svo sterkur leikari að hann gerir Erlend að sínum og maður kaupir hann nánast samstundis með húð og hári. Öllum grunnþáttum persónunnar er þó haldið vandlega til haga og þó Erlendur í meðförum Ingvars sé sjálfsagt í flestum tilfellum ólíkur þeim Erlendi sem hefur tekið á sig mynd í hugum lesenda er það ótvíræður kostur í þessu tilfelli.

Aðrir leikrarar standa sig með stakri prýði. Björn Hlynur Haraldsson fær það hlutverk að koma með smá kómík inn í drungalega tilveru Erlendar í hlutverki aðstoðarmannsins Sigurðar Óla og tekst vel upp og Ólafía Hrönn er fín sem þriðja hjólið, Elínborg, þó hún fái ekki úr miklu að moða og komi mun minna við sögu en persóna hennar gerir í bókinni. Þá brýst Ágústa Eva Erlendsdóttir undan ægivaldi fígúrunnar Silvíu Nætur og kemur sterk inn í hlutverki Evu Lindar, dóttur Erlendar.

### Harður heimur Erlendar

Öll tæknivinna, útlit og áferð Mýrarinnar er til fyrirmyndar og í raun framúrskarandi á íslenskan mælikvarða. Veröld Erlendar er drungaleg og stemningin sem svífur yfir vötnum er þrúgandi og þar munar ekki síst um tónlistina, skemmtilega útfærðar sviðsmyndir, kvikmyndatöku og grófa áferð filmunnar. Þar fyrir utan eru þau skuggalegu skúmaskot Reykjavíkur og Grindavíkur sem Baltasar velur sem tökustaði sannfærandi bakgrunnur morða, eiturlyfjaneyslu og nauðgana auk þess sem hryssingsleg íslensk veðrátta magnar upp drungann og vonleysi þeirra persóna sem fastar eru í hringiðu gamalla og nýrra sakamála.

Allt frá því Baltasar tryggði sér kvikmyndaréttinn á Mýrinni hefur þess verið beðið með eftirvæntingu að sagan skili sér í bíó. Niðurstaðan svíkur ekki og Mýrin er prýðilegur reyfari og Baltasar sýnir hér og sannar að hann var rétti maðurinn til þess að takast á við þetta vandasama verkefni og myndin er öllum sem að henni koma til mikils sóma.

### Vandasamt verkefni leyst með ágætum

Baltasar hafði vissulega úr góðu efni að moða þar sem Mýrin, eftir Arnald, er sallafínn krimmi. Skáldsagan og kvikmyndin eru þó ekki gallalausar frekar en önnur mannanna verk og það læðist á köflum að manni sá grunur að með meiri yfirlegu yfir handritinu hefði Baltasar getað gert Mýrina enn þéttari og betri. Þetta er þó í sjálfu sér aukaatriði og það ber að hafa í huga að þótt Mýri Arnalds virðist um margt gráupplögð til kvikmyndunar þá er margt ólíkt í byggingu hefðbundins reyfara og kvikmyndar og skáldsagnahöfundar hafa óneitanlega meira svigrúm til þess að leggja grunninn að morðgátunni en handritshöfundar kvikmynda. Það liggur því í hlutarins eðli að Baltasar hefur þurft að halda, sleppa, stytta, einfalda og þjappa sögunni saman. Þetta kostar það að smávægilegar gloppur myndast í framvindunni en eftir stendur engu að síður sterk og áhrifarík glæpamynd sem er inngróin í íslenskan veruleika en úrvinnslan er með slíkum ágætum að hún er vel gjaldgeng á erlendum mörkuðum.

**Þórarinn Þórarinsson**



**MÝRIN**

LEIKSTJÓRI: BALTASAR KORMÁKUR

AÐALHLUTVERK: INGVAR E. SIGURÐSSON, BJÖRN HLYNUR HARALDSSON, ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR, ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR.

**Niðurstaða:** Mýrin er ákaflega vel unnin og nánast hnökralaus aðlögun skáldsögu Arnalds Indriðasonar að kvikmyndaforminu. Útlit myndarinnar er óaðfinnanlegt og leikarar standa sig með miklum sóma með Ingvar E. Sigurðsson firnasterkan í fararbroddi. Þessi mynd svíkur hvorki aðdáendur Arnalds né þá sem kunna að meta góðar glæpamyndir.

## DAGSKRÁ SEQUENCES

**16.00** Kynning á íslenskum myndlistarmönnum úr DVD-safni Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar, Hafnarstræti 16.

**17.00** Sigrún Hrólfsdóttir opnar sýningu í 101 gallery, Hverfisgötu 18a.

**18.00** Ingibjörg Magnadóttir & Kristín Eiríksdóttir fremja gjörning í SAFNI við Laugaveg.

Myndlistarmaðurinn Iloheem fremur gjörning í gallerí BANANANANAS við Barónsstíg.

**19.00** Halldór Ásgeirsson fremur gjörning í Galleríi Dverg við Grundarstíg.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

17 18 19 **20** 21 22 23

### Föstudagur

### OPNANIR

18.00 Einkasýning **Sigtryggs Bjarna Baldvinssonar** verður opnuð í **Listasafni Reykjanesbæjar**. Sýningin ber heitið **Sog**. Viðfangsefni listamannsins er straumvatn og sýnir hann þarna ný málverk unnin með olíu á striga og rýmisverk. Sýningin er opin alla daga frá kl. 13.00-17.30 og stendur til 3. desember.

### SÝNINGAR

11.00 í **Gerðarsafni** standa yfir þrjár sýningar í tilefni af **Kanadískum menningardögum** í **Kópavogi**. Þar er sýning á listaverkum **Carls Beam** sem var **Ojibway** indjáni en hann vann sem málari og grafíklistamaður en í verkum hans mætast vestræn menning og hefðir indjána. Auk þess má þar sjá ljósmyndir **Myron Zabol** af portrettmynum **Írókesa** indjána og þrívíð verk **Inúíta** í **Kanada** sem skorin eru úr beini, rostungstönnum og öðrum steinum. Safnið er opið frá 11-17 en sýningin stendur til 10. desember.

16.00 Gjörningur verður framinn í **Gallerí Tukt**, **Pósthússtræti 3-5**. Gjörningurinn er hluti af listasýningunni **Uggur Stoggar** sem er fyrsta samsýning **Ástríðar Tómasdóttur** og **Þorgerðar Þórhallsdóttur**. Sýningin stendur yfir til 28. okt.

### LEIKLIST

20.30 Einleikurinn **Gísli Súrsson** sýndur í **Leikhúsinu Völundi** í Hveragerði. Leikari er **Elfar Logi Hannesson**

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU W. A. MOZART

ATH! SÍÐUSTU SÝNINGAR

**BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart** 25 ára og yngri: 50% afsl.

7.sýn. fös.20. okt. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS - 8. sýn. sun. 22. okt. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS

9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS - 10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - ALLRA SÍÐASTA SÝNING

Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl.19.15

**SKUGGALEIKUR - NÝ ÍSLENSK ÓPERA - FRUMSÝNING 18. NÓVEMBER** - miðasala hafin

Tónskáld: Karólína Eiríksdóttir, textahöfundur; Sjón

Samstarfsverkefni Íslensku óperunnar og Strengjaleikhússins

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

„UNDRABÖRN ERU ANDSTYGGILEG.“
AMADEUS

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 22/10 kl. 14 UPPS.
Lau 28/10 kl. 14
Sun 29/10 kl. 14
Sun 5/11 kl. 14

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Í kvöld kl. 20 Sun 29/10 kl. 20
Fös 3/11 kl. 20 Fim 9/11 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Sun 22/10 kl. 20 Fös 27/10 kl. 20
Lau 28/10 kl. 20 Sun 5/11 kl. 20

**BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fim 26/10 kl. 20 Fim 2/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20 Fim 16/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

**MANNTAFL**
Sun 29/10 kl. 20 Fös 3/11 kl. 20
Fös 10/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

**ÁSKRIFTARKORT**
5 sýningar á 9.900
SÍÐASTA SÖLUVIKA!
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

**MEIN KAMPF**
Lau 21/10 kl. 20 Fös 27/10 kl. 20
Lau 28/10 kl. 20 Lau 4/11 kl. 20

**TÓNLISTARSKÓLI AKRANESS**
Þjóðlagasveit tónlistarskólans á Akranesi
Mið 25/10 kl. 20:30
Miðaverð 1.500

**AMADEUS**
Í dag kl. 13 forsýning 1.000 kr.
Lau 21/10 kl. 20 frums. UPPS. Bleik kort.
Fim 26/10 kl. 20 2.sýning Gul kort.
Lau 4/11 kl. 20 3.sýning Rauð kort.
Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 6.sýning

**VIÐ ERUM KOMIN-Íd**
Októbersýning Íd, 2 ný verk:
Við erum komin e. Ólöfu Ingólfsdóttur og Hver um sig e. Vaðal.
Í kvöld kl. 20
Sun 22/10 kl. 20
Aðeins þessar sýningar

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00**

**ELDHÚS EFTIR MÁLI** eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur.
Fös. 20/10 **örfá sæti laus**, aukasýning lau. 21/10. **Allra síðasta sýning!**

**STÓRFENGLEG** eftir Peter Quilter
Frumsýning 27/10 **uppselt**, lau. 28/10 **uppselt**, sun. 29/10 **örfá sæti laus**, lau. 4/11 **örfá sæti laus**, sun. 5/11 **örfá sæti laus**, lau. 11/11 **örfá sæti laus**, sun. 12/11 **örfá sæti laus.**

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 21/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 29/10 **örfá sæti laus**, sun. 5/11 **kl. 14:00 uppselt**, lau. 11/11 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 12/11 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau. 18/11 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 19/11 kl. 14:00 **uppselt.**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim. 2/11 **örfá sæti laus**, fös. 3/11 **uppselt**, fim. 9/11 **örfá sæti laus**, fös. 10/11 **örfá sæti laus.**

**KASSINN KL. 20:00**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fös. 20/10 **örfá sæti laus**, lau. 21/10 **örfá sæti laus**, sun. 22/10 **kl. 17:00 uppselt.**

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00**

**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse.
Lau. 28/10. **Allra síðasta sýning!**

**FOSSE HÁTÍÐ:**

**SUZANNAH** eftir Jon Fosse/tónlist Atli Ingólfsson
**Gestaleikur frá Cinnober leikhúsinu í Gautaborg.**
Í kvöld fim. 19/10 **örfá sæti laus**, fös. 20/10.

**NAFNIÐ OG SONURINN** – leiklestur á tveimur verkum eftir Jon Fosse
Lau. 28/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis.

**MÁLÞING UM HÖFUNDARVERK JONS FOSSE**
Sun. 29/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.



**LEIKHÚSLOFTIÐ KL. 11:00 og 12:15**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Lau. 21/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 uppselt**, sun. 22/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl.12:15 uppselt**, lau. 28/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 uppselt**, sun. 29/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 örfá sæti laus**, lau. 4/11 **kl. 11:00** og **kl. 12:15 örfá sæti laus**, sun. 5/11 kl. **11:00** og **kl. 12:15.**

*Farandleiksýning í framhaldsskólum landsins í október*

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker
**Í** dag fim. 19/10 kl. 16:00 í **Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði**, **Húsavík** fös. 20/10 kl. 16:00 og 20:00.

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ og KVENFÉLAGIÐ GARPUR kynna:

SÍÐUSTU SÝNINGAR

GUNNLAÐAR SAGA

eftir Svövu Jakobsdóttur
í leikgerð Sigurbjargar Þrastardóttur

| | | |
|---|---|---|
| Laugardaginn | 21. október | kl. 20:00 |
| Sunnudaginn | 22. október | kl. 20:00 |
| Laugardaginn | 28. október | kl. 20:00 |
| Sunnudaginn | 29. október | kl. 20:00 |

**Sunnudaginn 22. október**
**Málþing um Gunnlaðar sögu**
**kl.16–18.30, opið öllum**

Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Sýning hefst kl: 20:00
Miðasala í síma 555-2222 | www.hhh.is | www.midi.is

KRINGLU KRÁIN

Geirmundur Valtýsson í kvöld

Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum




**MIÐAPANTANIR:**
**GSM: 694 8900 / midasala@einleikhusid.is**

**Fös. 20. okt. kl.20**- Nokkur sæti laus
**Lau. 21. okt. kl.20**- Laus sæti
**Fös. 27. okt. kl.20**
**Lau. 28. okt. kl.20**
**“SÝNINGIN ER GALDUR” M.E. RÁS 2**

*ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins*
*Nánari upplýsingar á: einleikhusid.is.*

*Sýnt í Reiðhöll Gusts, Álalind 3, Kópavogi*

# Mary Lou snýr aftur í Salinn

Kanadíska söngkonan Mary Lou Fallis heldur tónleika í Salnum í Kópavogi í tilefni af Kanadískum menningardögum sem nú standa yfir þar í bæ. Margir minnast eflaust tónleika Fallis í fyrra sem heimsótti Salinn þegar Kópavogur fagnaði fimmtíu ára afmæli og vakti rífandi lukku. Nú snýr Fallis aftur ásamt meðleikara sínum Peter Tiefenbach.

Að sögn söngkonunnar hyggjast þau að þessu sinni spanna allan skalann frá klassískri tónlist til kanadískrar samtímatónlistar, og gera „háþróað grín að mjög svo alvarlegri músík“. Þegar hún er beðin um að nefna dæmi stendur heldur ekki á svari: „Tónlist eftir Mozart, Purcell, Bach, Strauss, Greer, Schubert og um það bil öll möguleg tónskáld önnur. Einsöngur, skopstælingar, gamanleikur, ópera – eitthvað fyrir alla,“ segir Fallis.

Mary Lou Fallis er þekktust fyrir óperuskopleiki og einleiki sem hún hefur sjálf samið og flutt og hafa þeir skipað henni á bekk með listamönnum á borð við Victor Borge og Önnu Russell. Á meðal verka hennar er Primadonna, sem er meðal annars byggt á lífi hennar sjálfrar sem söngkonu, Emma, Queen of Song, sem fjallar um kanadísku dívuna Emmu Albani, The Mrs. Bach Show þar sem gestgjafinn er sjálf Anna Magdalena, eiginkona J.S. Bachs, og Ms. Mozart, saga Nannel, systur Mozarts.

Meðleikari Mary Lou, Peter Tiefenbach, er þekktur þáttastjórnandi hjá kanadísku útvarpsog sjónvarpsstöðinni CBC. Nú fagnar hann velgengni sem píanóleikari, tónskáld, rithöfundur og fjölmiðlamaður. Að auki kennir hann raddþjálfun og hljómsveitarstjórn við The Royal Concervatory of Music og er kynnir með Sinfóníuhljómsveitinni í Toronto.

Tónleikarnir hefjast kl. 20 í kvöld. - khh



**SJALDHEYRÐ BLANDA AF HÚMOR OG HÁGÆÐA TÓNLISTARFLUTNINGI** Mary Lou Fallis og Peter Tiefenbach flytja skemmtidagskrá í Salnum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Flækjur og rætur

Myndlistarmaðurinn Sigrún Inga Hrólfsdóttir opnar einkasýningu í 101 Gallery við Hverfisgötu 18a kl. 17 í dag. Þetta er stærsta einkasýning Sigrúnar til þessa en hún útskrifaðist frá grafíkdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1996. Hún stundaði framhaldsnám við Pratt Institute í New York og var búsett þar á árunum 1996-2001. Sigrún er einn af stofnendum Gjörningaklúbbsins og hefur starfað með honum undanfarin tíu ár og getið sér gott orð heima og erlendis.

Á sýningunni eru stórar myndir, unnar á svart yfirborð, skúlptúrar, teikningar og myndbandsverk. Verkin á þessari sýningu eru öll unnin á þessu ári, utan tvær teikningar frá árinu 2003. Verkin fjalla meðal annars um eirðarleysi og innri óþreyju, fegurð, þakklæti, efnafræði og rætur en þar gefur að líta „tvær íslenskar eyðieyjar, draumkenndar sýnir, flækjur og hnúta, gull og dýr í dýragarði“.

Galleríið er opið fimmtudaga til laugardaga frá 14-17. - khh



**SIGRÚN INGA HRÓLFSDÓTTIR** Draumkenndar sýnir í 101 Gallery.

# Dagur náms- og starfsráðgjafar

Félag náms- og starfsráðgjafa heldur upp á dag náms- og starfsráðgjafar í fyrsta skipti á Íslandi í dag. Tilgangur hans er að vekja athygli landsmanna á þjónustu þeirra. Fyrir hádegi munu náms- og starfsráðgjafar sem starfa víða í þjóðfélaginu kynna starf sitt sem nær bæði til skólakerfisins og atvinnulífsins.

Eftir hádegi verður haldið málþing í Norræna húsinu í Reykjavík en yfirskrift þess er „Náms- og starfsráðgjöf fyrir alla“. Aðalfyrirlesari verður dr. Mark Savickas. Dr. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir dósent í náms- og starfsráðgjöf, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir og Selma Jóhannesdóttir verkstjóri taka einnig til máls.

Samstarfsaðilar eru menntamálaráðuneytið, Háskóli Íslands, Kennarasamband Íslands, Vinnumálastofnun, Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafar og tímaritið Heimili og skóli.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.fns.is



**ÁHUGI STRÁKA Á DANSI FER VAXANDI** Dansarinn og danshöfundurinn Peter Jackson leiðbeindi áhugasömum piltum í danslistinni í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Strákarnir dansa

Listdansskóli Íslands og Íslenski dansflokkurinn standa saman að námskeiði í nútímadansi fyrir stráka. Markmið námskeiðsins er að efla áhuga stráka á dansi og gefa þeim möguleika á að spreyta sig. Dansflokkurinn hélt stutt kynningarnámskeið á dansi fyrir stráka í síðustu bekkjum grunnskóla á síðasta skólaári og var mikill vilji til að skapa framhald á því fyrir áhugasama.

Hins vegar skortir tækifæri og fyrirmyndir fyrir unga menn með dansáhuga og er námskeiðið því liður í að hvetja þá til að kynnast nútímadansi.

Á námskeiðinu eru kennd grunnatriði í nútímadansi en þátttakendur munu síðan semja sitt eigið dansverk og flytja á menningarhátíðinni Unglist.

Áhugasamir eru hvattir til að mæta á opna æfingu hjá strákunum á morgun í Borgarleikhúsinu kl. 15 þar sem einnig verður hægt að ræða við kennara og skipuleggjendur.

# Endasprettur Rankins

Næstsíðasta glæpasagan um Rebus lögreglufulltrúa, The Naming of the Dead, eftir skoska rithöfundinn Ian Rankin kom út í Bretlandi í gær.



**IAN RANKIN**

Rankin og Rebus hafa notið mikilla vinsælda á Íslandi og aðdáendur hans hér þurfa því ekki að bíða lengi eftir bókinni þar sem hún kemur í íslenskar bókaverslanir í dag. Rankin sótti Ísland heim í sumar og greindi frá því í viðtölum að The Naming of the Dead yrði næstsíðasta Rebus-bókin þar sem persónan er að nálgast sextugt og rannsóknarlögreglumenn í Skotlandi láta af störfum þegar þeir verða sextíu ára.

The Naming of the Dead gerist í Edinborg árið 2005 og atburðarásin fléttast inn í leiðtogafund átta stærstu iðnríkja heims sem var haldinn í borginni. Lögreglan er með mikinn viðbúnað vegna fundarins og reynir meðal annars að hafa hemil á mótmælendum. Rebus er hins vegar haldið úti í kuldanum þar til meint sjálfsmorð þingmanns gefur vísbendingu um að raðmorðingi gangi laus í borginni og þá fær Rebus að njóta sín almennilega. - þþ


Gísli Súrsson

GÍSLI SÚRSSON Í MÖGULEIKHÚSINU
Lau. 21. okt kl. 20. - Sun. 22. okt kl. 20 - Fim. 26. okt kl. 20 UPPSELT
Aðeins þessar þrjár sýningar!
GÍSLI SÚRSSON Í HVERAGERÐI
Fös. 20. okt. kl. 20:30
GÍSLI SÚRSSON Á AKRANESI
Mið. 25. okt. kl. 20
Kómedíuleikhúsið
Miðapantanir í síma: 5622669 & komedia@komedia.is

GERÐUBERG
www.gerduberg.is



Gunnar Gunnarsson
Dagskrá í tilefni 100 ára rithöfundarafmælis
Leiklestur föstudaginn 20. október kl. 20.30
ATH: í Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8
Nótt og draumur - Leiklestur og ljóðasöngur úr Fjallkirkjunni í leikgerð Jóns Hjartarsonar.
Aðgangur ókeypis!

Málþing laugardaginn 21. október kl. 14.00
Jón Yngvi Jóhannsson: „Orkt af áhrifum“
Gunnar Hersveinn: „Vantraust – sælir eru einfaldir“
Halldór Guðmundsson: „Um Svartfugl og ástina“
Pétur Gunnarsson rithöfundur stýrir pallborðsumræðum.
Aðgangur ókeypis.

Ljóðatónleikar laugardaginn 21. október kl. 16.00
Sungin verða lög við kvæði Gunnars á íslensku, dönsku og þýsku m.a. frumflutt lag eftir Atla Heimi Sveinsson.
Flytjendur: Hulda Björk Garðarsdóttir og Ágúst Ólafsson
Píanóleikur og útsetningar: Daníel Þorsteinsson
Miðasala við innganginn - Aðgangseyrir: kr. 1.200.
Gerðuberg, Gunnarsstofnun Skriðuklaustri og Rithöfundasamband Íslands.

Sýningarnar Reykjavík - Úr launsátri, Flóðhestar og framakonur og Kompósísjónir eru opnar virka daga frá kl. 11 -17 og um helgar frá kl. 13 - 16
Gerðuberg • sími 575 7700








LAY LOW



BECK

## Í SPILARANUM

**Tap Tap** - Lanzafame
**Lay Low** - Please Don't Hate Me
**Patrick Watson** - Close to Paradise
**Hafdís Huld** - Dirty Paper Cup
**Beck** - The Information

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# *Spilar með sex hljómsveitum á Airwaves*



Hljómborðsleikarinn Þorbjörn Sigurðsson hefur í nógu að snúast á yfirstandandi Airwaves-hátíð. Hann kemur alls fram með sex hljómsveitum sem telja má líklegt að sé met á hátíðinni.

„Ég byrjaði á því að spila með The Telepathetics á miðvikudagskvöldið en svo var bara frí í gær. Í kvöld byrja ég með Jeff Who? á Gauknum og hleyp svo upp í Þjóðleikhúskjallara til að spila með Kalla sem var í Tenderfoot. Svo endar þetta á Dr. Spock á Nasa. Annað kvöld spila ég með Pétri Ben og á sunnudaginn með Stranger," segir Þorbjörn, eða Tobbi eins og hann er oftast kallaður.

Algengt er að íslenskir tónlistarmenn spili með fleiri en einni hljómsveit á Airwaves en ekki er vitað til þess að nokkur hafi spilað með eins mörgum og Tobbi nú. Guðni Finnsson bassaleikari mun hafa leikið með fjórum eða fimm hljómsveitum þegar mest var samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Einhverjar hliðranir voru gerðar á dagskrá Airwaves svo Tobbi næði að spila með öllum hljómsveitunum, en það var ekki að hans frumkvæði. „Ég var búinn að sjá fyrir mér að vera með skeiðklukkuna og reyna að ná þessu þannig." -hdm




**> Plata vikunnar**

**Scissor Sisters: Ta-Dah**

„Önnur breiðskífa Scissor Sisters er nokkuð skotheld poppplata. Við eigum bókað eftir að standa okkur að því að raula lög af þessari plötu í tíma og ótíma á komandi mánuðum." - bös



## TÓNNINN GEFINN
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# *Niður með vaskinn*

Að ríkisstjórn Íslands ætli eingöngu að lækka virðisaukaskatt á bækur en ekki tónlist hlýtur að sýna og sanna í eitt skipti fyrir öll fordóma stjórnvalda í garð tónlistar. Virðisaukaskattur lækkar á bókum þann 1. mars næstkomandi, úr 14 prósentum í 7 prósent. Virðisaukaskattur á tónlist mun hins vegar standa í stað í sínum 24,5 prósentum! Já, þið sjáið og lesið rétt; virðisaukaskattur á tónlist er 24,5 prósent sem þýðir að sá sem kaupir bók á 3.500 krónur út í búð borgar eingöngu 229 krónur í virðisaukaskatt á meðan sá sem kaupir einn disk á 2.000 krónur greiðir 394 krónur í virðisaukaskatt. Flestir hljóta að sjá misréttið sem tónlistargeiranum er sýndur. Vil ég í þessu samhengi mæla með tillögum Samfylkingarinnar frá 2003 þar sem er mælst til að virðisaukaskattur á tónlist lækki niður í 7 prósent. Í tillögum Samfylkingarinnar er reyndar einnig lagt til að virðisaukaskattur á bókum verði aflagður en hér er þó allavega verið að lækka virðisaukaskatt í svipuðum hlutföllum hjá báðum listgreinum, bókum og tónlist.

Auðvitað er dæmið samt ekki þannig að íslenskt tónlistarlíf muni umturnast og blómstra sem aldrei fyrr við það eitt að lækka virðisaukaskatt á tónlist. Slíkar skattalækkanir myndu hins vegar gera meira en lítið gott enda er verð á tónlist hér á landi gjörsamlega óþolandi fyrir hinn almenna neytenda, svo ekki sé talað um þá tónlistarmenn sem eru að reyna að selja sína list.



Stjórnvöld og samfélagið almennt þarf að átta sig á þeim mikla auð sem felst í menningarfleifð íslenskrar tónlistar. Afhverju er tónlist til dæmis ekki nógu menningarleg til þess að fá umfjöllun um jólin í þáttum á borð við Kastljós og Ísland í dag líkt og bækur. Er það af því að fróðir menn um bækur eru menningarlegir bókmenntafræðingar á meðan þeir sem þekkja tónlist vel eru nördalegir tónlistarlúðar? Tónlistarbransinn á Íslandi (og í raun hvar sem er) á einfaldlega betra skilið.






# Á vit nýrra ævintýra

**Robbie Williams hefur verið einn vinsælasti tónlistarmaður Breta undanfarin ár og ef mið er tekið af plötusölu síðustu ára sennilega vinsælasti erlendi popparinn á Íslandi í dag. Hans sjöunda hljóðversplata, Rudebox, kemur út á mánudaginn. *Trausti Júlíusson* hlustaði á gripinn.**



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Robbie í góðum gír ásamt stelpunum í Rudebox myndbandinu.

Það verður seint sagt um Robbie Williams að hann sitji auðum höndum. Hann er búinn að vera á sínu stærsta tónleikaferðalagi til þessa síðan í apríl og hans sjöunda stúdíóplata, Rudebox, kemur í verslanir á mánudaginn, réttu ári eftir þá síðustu, Intensive Care, sem hefur þegar selst í tæpum sjö milljónum eintaka. Robbie er ótrúlega vinsæll í Bretlandi. Hann hefur ekkert komist mjög langt á Bandaríkjamarkaði, en víða annars staðar í heiminum á hann miklum vinsældum að fagna. Hér á Íslandi er hann sennilega vinsælasti erlendi popparinn í dag. Það segir sitt að þegar stórtónleikar Rásar 2 á menningarnótt féllu niður vegna framkvæmda á hafnarsvæðinu var brugðið á það ráð að endurvarpa tónleikum með Robbie.

### Magnaður á sviði

Það þarf auðvitað ekkert að kynna Robbie í löngu máli. Hann fæddist 13. febrúar 1974 í Stoke. Hann var meðlimur í strákabandinu Take That á árunum 1990-1995 og eftir rúmt ár af sukki og rugli m.a. með Gallagher-bræðrum þá tók hann sig saman í andlitinu og hóf sólóferil. Fyrsta platan hans Life Thru A Lens kom út 1997 og síðan hefur leiðin bara legið upp á við. Robbie á að baki ótal smelli, en vinsældirnar verða líka skýrðar með því hvað hann er magnaður á sviði. Það eru ekki margir sem eiga eins auðvelt með að ná upp stemningu og fá tugþúsundir tónleikagesta til að gleyma sér í söng og tralli eins og Robbie.

### Ný lög og uppáhalds lögin

Það er óhætt að segja það strax að Rudebox er öðruvísi en þessi dæmigerða Robbie Williams plata. Það er engu líkara en að hann hafi fengið leið á því að raða niður endalausum poppsmellaplötum og langað til að gera eitthvað öðruvísi.

Rudebox er unnin með nokkrum mismunandi upptökustjórum, þ.á.m. Pet Shop Boys (sem Robbie hefur alltaf dýrkað), Mark Ronson (Lily Allen, Nikka Costa), William Orbit (Blur, Madonna), house-stjörnunni Joey Negro og Soul Mekanik, en þeir unnu m.a. lagið Rock DJ með Robbie. Tónlistin er sambland af popplögum og grúvi. Platan hefur bæði að geyma frumsamin lög og tökulög, en Robbie valdi nokkur af uppáhaldslögunum sínum á plötuna, m.a. Human League-lagið Louise, Lovelight eftir Lewis Taylor, Stephen Tintin Duffy lagið Kiss Me og King of the Bongo eftir franska tónlistarmanninn Manu Chao.

### Elektró og fönk áhrif

Aðdáendur Robbie Williams voru mishrifnir af fyrstu smáskífunni af nýju plötunni sem heitir Rudebox eins og platan sjálf. Lögin á nýju plötunni eru samt ekki öll þannig. Þarna eru líka poppsmellir eins og smáskífulag númer tvö, Lovelight, sem Mark Ronson stjórnaði upptökum á og platan er nokkuð fjölbreytt þó að elektró- og fönkáhrifin séu áberandi. Robbie hafði þetta að segja um plötuna í nýlegu viðtali: „Ég gat ekki gert aðra plötu eins og þær sem ég hafði gert áður og þessi plata hefur opnað þúsund dyr fyrir mér. Það sem ég er spenntastur fyrir núna er að gera meiri tónlist, Mér finnst öll lögin á nýju plötunni frábær... Ég hlakka til þess að koma þessari plötu út, en ég er ennþá spenntari að fara að búa til næstu."

Rudebox er fáanleg í sérstakri viðhafnarútgáfu en með henni fylgir DVD-diskur með heimildarmynd, tónleikaefni o.fl.

## FYRST OG SÍÐAST HÓLMFRÍÐUR ANNA BALDURSDÓTTIR

**COWBOY JUNKIES**
**- THE TRINITY SESSION**



Ég kaupi auðvitað sjaldan plötur því ég nýt þess að vera í sambúð með manni sem vinnur í útvarpinu en ég lét loksins verða af því um daginn að kaupa gamla og góða plötu, The Trinity Session með Cowboy Junkies. Mig hafði langað í hana í fimm ár svo það var kominn tími til. En síðasta sunnudag keypti ég nýjustu Killers-plötuna í afmælisgjöf handa 19 ára bróður mínum. Svo er ég rétt í þessu að byrja að hlusta á Born in the UK með Badly Drawn Boy, sem er snilldartónlistarmaður og er umslag nýju plötunnar ekki síðra.

Annað gott: Mér finnst vera koma þrusugóðar tónlistarkonur á markað sem vert er að fylgjast með og nefni ég helst Lay Low og Hafdísi Huld.

**THE STONE ROSES**
**- THE STONE ROSES**



Fyrsta platan sem ég keypti, fyrir utan sænsku barnaspólurnar um Pelle Svanslös og Teskedsgummuna, var fyrsta Stone Roses platan, en við menntaskólavinirnir dýrkuðum þá hljómsveit. I wanna be Adored var algjörlega spilað í tætlur og það lag minnir mig alltaf á tilfinningaþrungin unglingsár.



**HÓLMFRÍÐUR ANNA BALDURSDÓTTIR** Kynningarstjóri Unicef á Íslandi nýtur þess að eiga unnusta sem vinnur í útvarpi.

# Hjörtur á metið

Hljómsveitirnar Gavin Portland og Botnleðja eru ekki þær einu sem hafa tekið upp plötur á mettíma, því tónlistarmaðurinn Hjörtur Geirsson tók upp fyrstu plötu sína á aðeins tólf klukkutímum árið 2001.

Nýverið greindum við frá líklegu Íslandsmeti Gavins Portland, sem kláraði nýjustu plötu sína III. Views of Distant Towns á fjórtán tímum.

Hjörtur, sem hefur m.a. sent lög sín í lagakeppnir í Nashville með góðum árangri, virðist aftur á móti eiga metið. Sagðist hann í samtali við Fréttablaðið eiga fullt af lögum á lager sem bíði útgáfu en hann er með hljóðver heima hjá sér sem hann hefur nýtt sér til fullnustu.



**HJÖRTUR GEIRSSON** Tónlistarmaðurinn Hjörtur Geirsson kláraði sína fyrstu og einu plötu á aðeins tólf tímum.
FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

## Í BÚNINGSHERBERGINU TOM PETTY



Grillaður kjúklingur.
Grillaður fiskur, geymdur í eldhúsi þar til Petty biður um réttina.
Te og kaffi.
Fituskert mjólk.
Rjómi.
Sítrónur og beittur hnífur.
Hunang og sykur.
Ferskjuhlaup.
Eplasafi, Gatorade og gosdrykkir.
Kippa af Corona.
Kippa af Budweiser.
Kippa af léttbjór.
Upptakari.
Hvít og dökk handklæði.
Bakki með ávöxtum og grænmeti.
Sinnep, majónes.
Hvítt og gróft brauð.
Ósaltaðar hnetur og möndlur.
Rjómaostur.
Rjómi.





## > Lög vikunnar

**James Morrison** - Wonderful World
Næsti hjartaknúsarinn í bransanum.



**Skakkamanage** - Non Smoker
Töff lag hjá krútthjónunum.



**Tenacious D** - The Pick of Destiny
Þeir eru komnir aftur og lofa bara góðu.

**Wolf Parade** - Dear Sons And Daughters Of Hungry Ghosts
Smá upphitun fyrir tónleikana.

**Brazilian Girls** - Jique
Klikkuð stemning á Nasa á laugardagskvöld.

## NÝJAR PLÖTUR



**SKAKKAMANAGE**
**Lab of Love**
„Fyrirtaks indí-popp sem er í senn kæruleysislegt, fallegt og á tímum rokkað. Ætti að falla íslensku krúttkynslóðinni í geð.“ SHA

**DIRTY PRETTY THINGS**
**Waterloo to Anywhere**
„Plata frá „hinum gæjanum“ í The Libertines sem hljómar alveg eins og það sem komið var áður. Carl Barat kann enn að semja fín lög, en platan grípur mann engum heljartökum.“ BÖS

**PETER BJÖRN & JOHN**
**Writer's Block**
„Ein mest heillandi poppplata ársins og ef einhver verður ekki gripinn af laginu Young Folks vantar augljóslega einhverjar dillisellur í viðkomandi.“ SHA

**THE WHITEST BOY ALIVE**
**Dreams**
„Þessi lágstemmda og afslappaða plata frá nýju hljómsveitinni hans Erlends Øye hefur að geyma ferska blöndu af grúvi og rokktónlist.“ TJ

**DJ SHADOW**
**The Outsider**
„DJ Shadow toppar sjálfan sig með afbragðs plötu. Fjölbreytt sem lífið sjálft, hvetjandi og framúrskarandi.“ BÖS

**REGINA SPEKTOR**
**Begin to Hope**
„Með Begin to Hope hefur Reginu Spektor tekist að búa til plötu sem er poppuð og léttleikandi, en líka sérviskuleg og áhugaverð.“ TJ

**HÖGNI LISBERG**
**Morning Dew**
„Fín plata frá Færeyingnum Högna Lisberg. Virðist vera jafnvígur á rólegheitapopp og hressandi rokk og ról.“ FB

**THE ROOTS**
**Game Theory**
„Game Theory er kraftmikil og sannfærandi plata frá einni af forystusveitum hiphop heimsins.“ TJ

**BRAIN POLICE**
**Beyond the Wasteland**
„Fjórða plata Brain Police er töluverð vonbrigði. Ekkert nýtt er á ferðinni, engin slagari og sömu gítarlykkjur og áður.“ FB

Í Reykjavík er alltaf eitthvað sem er nýjasta nýtt!
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG




SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580
ÚTILÍF
















**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| MÝRIN | kl. 3.40, 5.50 og 10.10 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 3.40, 5.50 og 10.10 |
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 4 og 6 B.I. 7 ÁRA |
| MONSTER HOUSE ENSKT TAL | kl. 3.40 B.I. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 10 |
| GRETTIR 2 ÍSL TAL | kl. 3.45 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| MÝRIN | kl. 6 og 10.30 B.I. 12 ÁRA |
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 8 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 5.50 |
| CRANK | kl. 10.15 |
| ACT NORMAL | kl. 10.20 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| MÝRIN | kl. 6, 8, 10 og 12 B.I. 12 ÁRA |
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 6 og 8 |
| TEXAS CHAINSAW MASSACRE | kl. 10 og 12 B.I. 18 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíó merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað





**MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI** Whitney Houston og Bobby Brown meðan allt lék í lyndi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Vill forræði

Söngdívan Whitney Houston, sem sótti um skilnað við eiginmann sinn Bobby Brown fyrir mánuði, hefur lagt fram skilnaðarskjöl sín hjá dómstólum í Orange-sýslu.

Þar kemur fram að hún vilji fá fullt forræði yfir dóttur þeirra Bobbi Kristinu, sem er þrettán ára. Óskar hún þess jafnframt að Brown fái að heimsækja dóttur sína.

Houston og Brown giftu sig árið 1992 þegar söngkonan var á hátindi frægðar sinnar, m.a. fyrir lög á borð við I Will Always Love You. Hefur ferill hennar legið niður á við allar götur síðan. Brown sló á sínum tíma í gegn með hljómsveitinni New Edition.

Á meðan á stormasömu hjónabandi þeirra stóð var Brown handtekinn fyrir vímuefnanotkun auk þess sem Houston fór tvisvar í meðferð. Houston er um þessar mundir að vinna að nýrri sólóplötu.

# Lognið á undan storminum

**Airwaves-tónlistarhátíðin hófst á miðvikudagskvöld og var vel mætt á þá þrjá tónleikastaði sem í boði voru. Stemning var góð en augljóst var að þetta kvöld var aðeins forsmekkur að því sem koma skyldi.**


**SPRENGJUHÖLLIN** Var hreint út sagt frábær á tónleikum sínum á Grand rokki. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Þegar komið var inn á Gaukinn um níuleytið á miðvikudagskvöldið var augljóst að mikill spenningur var í loftinu. Mannfjöldinn á staðnum var slíkur að ómögulegt var að komast nema rétt að barnum en gestir létu það ekki mikið á sig fá og voru ákveðnir í að njóta fyrsta kvöldsins.

The Telepathetics hófu leik klukkan 21 og voru ágætlega stemmdir. Sveitin lék lög af fyrstu plötu sinni sem kom út fyrir nokkru, rokk í stíl við vinsælar breskar hljómsveitir á borð við Muse og Radiohead. Þrátt fyrir að hljómburður væri afleitur aftarlega í salnum virtist gestum líka Telepathetics bærilega, sér í lagi þau lög sem leikin hafa verið í útvarpi. Sjálfum fannst mér ekki mikið til tónleikanna koma.

Á Grand rokki var komið að Sprengjuhöllinni. Þar voru komnir ungir drengir sem kunna að skemmta áhorfendum. Tónlist Sprengjuhallarinnar er afskaplega fjölbreytt, popp, rokk og kántrí og ýmislegt fleira, og lögin eru jafnt á ensku og íslensku. Best er sveitin í íslensku lögunum enda eru textarnir hreint frábærir. Sprengjuhöllin lék á alls oddi og hafði salinn með sér frá upphafi. Flottir tónleikar.

Niðri á Gauk beið fólk eftir aðalnúmerinu, bandarísku rokksveitinni We are Scientists. Ekki þarf að hafa mörg orð um tónleika þeirra sem stóðu í hálftíma og voru afar daufir. Þegar frægasta lagið hafði verið leikið um miðbik tónleikanna lýsti söngvarinn ástandinu prýðilega: Þetta fer allt niður á við héðan. Og var nú ekki merkilegt fyrir.

Það var hins vegar ekki hægt að kvarta yfir næstu hljómsveit á svið. Dikta átti eina af bestu íslensku plötunum á síðasta ári og þarna sönnuðu Diktumenn að þeir eru líka frábærir á tónleikum. Allir eru drengirnir mjög færir hljóðfæraleikarar og Haukur söngvari nær á einhvern ótrúlegan hátt að syngja nákvæmlega eins vel á tónleikum og á plötunni. Án efa hápunktur þessa opnunarkvölds sem á heildina litið var ekkert stórkostlegt. Enda kannski ekki ætlunin því þrjú frábær kvöld voru eftir.

**Höskuldur Daði Magnússon**

## AIRWAVES Í KVÖLD

ICELAND AIRWAVES '06

### GRAND ROKK

20.00 Tarnus Jr
20.45 The End
21.30 Bob
22.15 Call to Mind
23.00 Coral
23.45 Dýrðin
00.30 Hooker Swing
01.15 Gavin Portland
02.00 Morðingjarnir

### GAUKURINN

20.00 Vax
20.45 Lisa Lindley-Jones
21.30 120 Days
22.15 Mammút
23.00 Jeff Who?
00.00 Wolf Parade
01.00 Jan Mayen
01.45 Hölt hóra

### ÞJÓÐLEIKHÚSKJALLARINN

22.00 Högni Lisberg
22.45 Picknick
23.30 Lára
00.15 Kalli
01.00 Shadow Parade
01.45 Trost

### NASA

20.00 Our Lives
20.45 I Adapt
21.30 Future Future
22.15 Sign
23.00 Gojira
00.00 Mínus
01.00 Brain Police
01.45 Dr. Spock

### LISTASAFN REYKJAVÍKUR

20.00 Baggalútur
20.45 Benni Hemm Hemm
21.30 Islands
22.15 Apparat Organ Quartet
23.00 Jakobínarína
00.00 The Go! Team

### IÐNÓ

20.00 Hestbak
20.45 Steintryggur
21.30 Biogen
22.15 Stilluppsteypa
23.00 Dälek
00.00 Ghostigital
00.45 Otto von Schirach

**Nánari upplýsingar á Icelandairwaves.com.**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7540




Glitnir er aðalstyrktaraðili Mýrarinnar

20% afsláttur

af miðaverði fyrir viðskiptavini í **Gullvild** og **Platínum** Glitnis ef greitt er með greiðslukorti frá Glitni.

FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI

GLITNIR







| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 5 - 7 - 9 - 10 | B.i. 12 | AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 6 - 10:10 | Leyfð |
| THE GUARDIAN | kl. 6 - 9 | B.i. 12 | ZIDANE | kl. 6 | |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 8 -10:30 | B.i. 12 | BÖRN | kl. 8 | B.i.12 |
| THE QUEEN | kl. 6 - 8 | B.i. 12 | | | |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE GUARDIAN | kl. 5 - 8 - 10:50 | B.i. 12 | BEERFEST | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12 |
| THE GUARDIAN VIP | kl. 5 - 8 - 10:50 | | STEP UP | kl. 6 | B.i. 7 |
| MATERIAL GIRLS | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð | THE THIEF LORD | kl. 4 | Leyfð |
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 12 | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 3:45 | Leyfð |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | B.i. 12 | | | |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE GUARDIAN | kl. 5:15 - 8 - 10:50 | B.i. 12 |
| MATERIAL GIRLS | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | Leyfð |
| BEERFEST | kl. 8 | B.i. 12 |
| HARSH TIMES | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| BÖRN | kl. 6 | B.i.12 |
| THE THIEF LORD | kl. 4 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 6 - 8 - 10 | B.i. 12 |
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 6 - 8 | B.i. 12 |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 10 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE GUARDIAN | kl.5:40 - 8 - 10:30 | B.i. 12 |
| MATERIAL GIRLS | kl.6 - 8 | Leyfð |
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 10 | B.i. 12 |

Munið afsláttinn

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is




**MEÐLIMIR PYTHON** Þeir Eric Idle, Terry Gilliam, Michael Palin og Terry Jones voru í stuði á frumsýningunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Spamalot í London

Meðlimir gamanleikhópsins Monty Python voru viðstaddir frumsýningu söngleiksins Spamalot í London. Er hann byggður á kvikmynd Python, Holy Grail, frá árinu 1975.

Söngleikurinn var frumsýndur á Broadway á síðasta ári. Naut hann mikilla vinsælda og vann meðal annars til þrennra Tony-verðlauna. Í kjölfar vinsældanna var ákveðið að flytja söngleikinn til Bretlands.

„Vonandi á þetta eftir að ganga vel," sagði Terry Jones, sem leikstýrði Holy Grail. „Veðlánið á húsinu mínu þarf á því að halda."

Allir meðlimir Python mættu á frumsýninguna fyrir utan John Cleese sem var upptekinn við kvikmyndatökur í Ástralíu.

# Melódískt orgelpopp

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**




**MATES OF STATE**

BRING IT BACK

**Niðurstaða:** Hjónakornin í Mates of State halda áfram að fóðra okkur á melódísku indí-poppi sem er borið uppi af hljómborðs- og trommuleik. Ágæt plata sem ætti að geta höfðað til nokkuð stórs hóps poppaðdáenda.

Mates of State er ein af þeim sveitum sem koma fram á Airwaves-hátíðinni í ár. Bring it Back er fjórða platan hennar, en sveitin var stofnuð af þeim Kori Gardner, söngkonu og hljómborðsleikara, og Jason Hammel, söngvara og trommuleikara, í Kansas árið 1997. Þau giftu sig árið 2001. Bring it Back er gefin út af gæðafyrirtækinu Moshi Moshi og er fyrsta platan þeirra sem er gefin út í Evrópu, en fyrri plöturnar hafa bara verið fáanlegar þar innfluttar í takmörkuðu upplagi.

Tónlist Mates of State er indípopp sem er borið uppi af hljómborðs- og trommuleik, en þeim tekst samt að fá fyllingu í hljóminn, m.a. með notkun aukahljóðfæra. Samsöngur þeirra Kori og Jasons er líka einkennandi. Tónlistin er melódísk og krúttleg, en með dimmum undirtóni. Það er hægt að greina áhrif frá ýmsum flytjendum og stefnum úr poppsögunni (t.d. Beach Boys og orgelsveitum eins og Stereolab), en samt hafa Mates of State alveg sinn stíl. Ég veit ekki hvort eitthvert þessara laga á eftir að ná því að verða klassík, en mörg þeirra eru vel samin og skemmtileg, t.d. Like U Crazy, Beautiful Dreamer og Punchlines. Bring it Back er nokkuð fjölbreytt plata. Það hefur verið töluvert hlaðið á sum laganna til þess að fá feitari hljóm og auka fjölbreytnina. Á heildina litið er Bring it Back athyglisverð plata sem ætti að geta höfðað til nokkuð stórs hóps poppaðdáenda.

**Trausti Júlíusson**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Yoko Ono**, ekkja Bítilsins **Johns Lennon**, hefur höfðað mál gegn plötuframleiðandanum EMI. Sakar hún fyrirtækið um að hafa svikist um að borga sér höfundarlaun vegna sölu á tónlist eftir John Lennon. Fer hún fram á um 700 milljónir króna í skaðabætur.



Yfirvöld í Kasakstan hafa boðið breska grínistanum **Sasha Baron Cohen** í heimsókn til landsins. Vonast þau til að hann fái aðra sýn á land og þjóð heldur en hann sýnir í sinni nýjustu kvikmynd, **Borat**. Þar leikur hann samnefndan blaðamann frá Kasakstan sem lendir í hinum ýmsu ævintýrum. „Mig langar að bjóða Cohen hingað. Hann getur komist að ýmsum hlutum. Konur keyra bíla hérna og vínið er gert úr þrúgum," sagði aðstoðarutanríkisráðherra landsins.


Myntlán



ARGUS / 06-0550

Gæti **lán í erlendri mynt** verið lausnin?

**SPRON Myntlán** eru veitt til kaupa, framkvæmda eða endurfjármögnunar á íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði. Unnt er að taka fullt **SPRON Myntlán** eða blandað lán þar sem helmingur lánsins er myntlán og hinn helmingurinn í íslenskum krónum.

Upplýsingar í næsta útibúi **SPRON** í síma **550 1200**, í þjónustuveri **SPRON** í síma **550 1400** eða á **spron.is**

spron

### > Matthías í Álasundi

Matthías Guðmundsson knattspyrnumaður er þessa dagana staddur í Álasundi í Noregi þar sem hann æfir með knattspyrnuliðinu þar í borg. Hann kom til Noregs frá Århus þar sem hann æfði með AGF. Að sögn Matthíasar gekk ekki eins vel þar og gerir nú í Noregi og býst hann ekki við tilboði þaðan á næstunni. En hann bar Álasundi mjög góða sögu og var spenntur fyrir félaginu. Með því leikur fyrir Haraldur Freyr Guðmundsson.



sport
sport@frettabladid.is

**BALDVIN ÞORSTEINSSON:** VERÐUR VÆNTANLEGA Í LEIKMANNAHÓPI VALS UM HELGINA

# *Ekki misst úr æfingu í eina og hálfa viku*



Baldvin Þorsteinsson, handboltamaður í Val, er nú loksins á batavegi eftir næstum árslöng veikindi. Hann hefur getað spilað með Val í síðustu tveimur leikjum liðsins og verður að öllum líkindum í leikmannahópi Vals sem mætir HK í DHL-deild karla á morgun. Það sem meira er, Baldvin hefur ekki misst úr æfingu í eina og hálfa viku en það er lengsta æfingalota Baldvins með félaginu síðan veikindin hófust í desember síðastliðnum.

„Mér líður miklu betur, ég er með minni svima og fleira í þeim dúr,“ sagði Baldvin. „Ég er ekki alveg laus við þetta ennþá en orkan er góð og ég get æft á fullu. Ég get ekki fagnað sigri enn en þetta gengur vel eins og er.“

Baldvin veiktist í desember og var greindur með einkirningasótt í janúar. Af þeim sökum varð hann að draga sig úr íslenska landsliðinu skömmu fyrir EM í Sviss. Síðan þá hefur hann ekki losnað við veirusýkinguna og hefur meðal annars farið til Þýskalands í ítarlegar rannsóknir. Hér heima hafa bæði sýkingafræðingur og ónæmisfræðingur gefið honum lyf sem hafa verkað vel undanfarnar vikur.

„Ég fékk lyf frá ónæmisfræðingi sem hefur að gera með þarmaflóru í maganum og vinnur á sýkingum. Eftir að ég byrjaði á þeim lyfjum hef ég fundið mikinn mun og miklar framfarir. Ég hef meira að segja getað æft á morgnana líka, verið orkumeiri og almennt betri.“

Sótt þessi getur verið það alvarleg að Baldvin hefði þurft að neyðast til að leggja skóna á hilluna en nú horfir til betri vegar. „Ég hef fundið mig vel í þessum leikjum og hlakka mikið til leiksins um helgina.“

Grófur Eyjamaður:

## Skallaði andstæðing

**HANDBOLTI Það gekk mikið á þegar ÍBV tók á móti Gróttu í SS-bikarnum í Vestmannaeyjum á miðvikudag. Leikurinn var jafn og spennandi frá upphafi til enda en heimamenn fögnuðu að lokum sigri, 29-25, eftir góðan endasprett. Það sem stendur upp úr leiknum eru ekki úrslit leiksins heldur ótrúleg framkoma Eyjamannsins Grétars Eyþórssonar sem skallaði markvörð Gróttumanna, Einar Ingimarsson, beint í andlitið.**

**Atvikið átti sér stað undir lok leiksins þegar Einar varði vítakast frá Grétari. Einar hljóp þá upp að Eyjamanninum, gerði grín að honum sem Grétar þoldi illa því hann svaraði með að skalla Einar af miklu afli í andlitið en Einar uppskar blóðnasir fyrir vikið.**

**Anton Gylfi Pálsson dómari var fljótur á vettvang og gaf Grétari „krossinn“ svokallaða og Grétar á því yfir höfði sér langt leikbann en það gerist mjög sjaldan að leikmanni sé sýndur „krossinn“.** - hbg

Kvennalið Keflavíkur:

## Nýr útlendingur til liðsins

**KÖRFUBOLTI** Kvennalið Keflavíkur í körfubolta hefur fengið til sín nýjan útlending, en það er bandaríska stúlkan Kesha Watson. Hún lék síðast með Oberhausen í Þýskalandi þar sem hún skoraði 15 stig að meðaltali í leik.

Kesha er 24 ára gömul og lék á árum áður með í WBCA-kvennadeildinni í Bandaríkjunum og var m.a. leikmaður ársins tímabilið 2003-2004, en hún þykir sterkur varnarmaður. - dsd

**Knattspyrnuþjálfari**

Tindastóll á Sauðárkróki óskar eftir þjálfara fyrir m.fl. karla. Einnig er möguleiki á þjálfun fleiri flokka. Spilandi þjálfari kemur til greina.

Tindastóll leikur í 3. deild á komandi tímabili en metnaður félagsins er mun meiri.

Á Sauðárkróki er glæsileg aðstaða, frábær keppnisvöllur og stór æfingasvæði.

Í liðinu eru áhugasamir ungir leikmenn og er þetta því gott tækifæri fyrir metnaðarfullan þjálfara til að gera góða hluti.

Áhugasamir hafi samband við Vöndu Sigurgeirsdóttur í síma 895 5555 eða **vanda@khi.is**

# KR kaupir Atla frá ÍBV

**Eftirsóttasti knattspyrnumaður landsins, Atli Jóhannsson, hefur verið seldur frá ÍBV til KR. Atli verður kynntur til leiks á blaðamannafundi í dag ásamt Óskari Erni Haukssyni. KR hefur þar með landað stærstu bitunum á markaðnum.**

**FÓTBOLTI** KR hefur boðað til blaðamannafundar klukkan 14 í dag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun KR kynna til leiks tvo nýja leikmenn og svo verður kynntur styrktarsamningur við íþróttavöruframleiðandann Nike. Leikmennirnir sem um ræðir eru samkvæmt heimildum Fréttablaðsins Eyjamaðurinn Atli Jóhannsson og Grindvíkingurinn Óskar Örn Hauksson. Þetta er mikill liðsauki fyrir KR enda voru þessir tveir leikmenn þeir eftirsóttustu á leikmannamarkaðnum hér á landi.

Óskar Örn er samningslaus og kemur til KR án greiðslu en KR greiðir ÍBV fyrir Atla enda er Atli nýbúinn að framlengja samning sinn við Eyjaliðið. Heimildir Fréttablaðsins herma enn fremur að báðir leikmenn hafi getað fengið betri samning hjá öðrum liðum en að ein aðalástæðan fyrir því að þeir hafi ákveðið að ganga í raðir KR sé Teitur Þórðarson þjálfari. Mikil ánægja er með störf Teits vestur í bæ og hann vel liðinn af leikmönnum liðsins.



**ÚR GRINDAVÍK Í KR** Óskar Örn Hauksson skrifar undir samning við KR í dag.



**Á LEIÐ Í VESTURBÆINN** Atli Jóhannsson sýndi sannan félagsanda með því að framlengja við ÍBV á dögunum og sjá þar með til þess að félagið fengi eitthvað fyrir sinn snúð. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

Þetta eru fyrstu tveir leikmennirnir sem KR fær frá því að tímabilinu lauk en ekki er loku fyrir það skotið að leikmannahópurinn styrkist enn frekar á næstunni.

Bakvörðurinn Ray Anthony Jónsson íhugar þessa dagana tilboð frá KR og hann sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann myndi annað hvort spila með KR eða Grindavík næsta sumar. Pétur Hafliði Marteinsson hefur einnig verið orðaður við Vesturbæjarliðið en hann hefur ekki enn ákveðið hvort hann komi heim eða framlengi samning sinn við Hammarby eins og honum stendur til boða.

Einnig er óvíst hvað verður um Ágúst Gylfason en hann fékk samningstilboð frá KR á dögunum sem hann svaraði með gagntilboði sem hefur enn ekki verið svarað. - hbg / - esá

Hafþór Ægir Vilhjálmsson kominn heim frá Svíþjóð:

# Vilji fyrir því að ÍA fái sem mest af peningum fyrir Hafþór Ægi

**FÓTBOLTI** Hafþór Ægir Vilhjálmsson, leikmaður ÍA í knattspyrnu, kom í gær heim frá Svíþjóð þar sem hann var til reynslu hjá 1. deildarliðinu Norrköping. Forráðamenn sænska liðsins vilja fá Hafþór í sínar raðir og eru viðræður þess efnis hafnar við ÍA.

Hafþór er samningsbundinn ÍA til 2008 en vegna viðaukasamnings sem hann skrifaði undir í síðasta mánuði verður hann laus allra mála hjá ÍA í lok mánaðarins. Vilhjálmur Birgisson, faðir Hafþórs, segir að það hafi þó engin áhrif á viðræður þeirra við ÍA og Norrköping. „Við leggjum mikla áherslu á að ef af þessu verður fái knattspyrnufélag ÍA eins mikið og hægt verður fyrir Hafþór,“ sagði Vilhjálmur.

Viðaukasamningurinn sagði að ef Guðjón Þórðarson yrði ráðinn þjálfari ÍA myndi Hafþór losna undan samningi sínum við félagið. Það varð raunin og staðfesti samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ gildi viðaukasamningsins í úrskurði sínum í gærkvöldi. En hvort sem Hafþór væri samningsbundinn ÍA eða ekki þyrfti Norrköping ávallt að greiða uppeldisbætur fyrir hann og þyrftu því félögin hvort eð er að setjast að samningaborðinu.



**HAFÞÓR ÆGIR** Væntanlega á leið til Svíþjóðar.

Guðlaugur Tómasson er umboðsmaður Hafþórs og býst við að félögin geri allt sem í sínu valdi stendur til að ná samkomulagi. „Hafþór er spenntur fyrir Norrköping og sá áhugi er gagnkvæmur. ÍA vill heldur ekki að Hafþór spili með öðrum íslenskum liðum og sæi hag sínum best borgið í því að hann færi utan,“ sagði Guðlaugur.

Aðilar funduðu í gærkvöldi og má gera ráð fyrir því að þetta ferli taki nokkra daga. Gísli Gíslason, formaður rekstrarstjórnar meistaraflokks ÍA, sagði að félagið myndi auðvitað fyrst og fremst kjósa að Hafþór yrði áfram hjá ÍA. „Okkur þykir vænt um Hafþór og tel ég að hagsmunir félagsins og hans fari saman. Þeirra er ég fyrst og fremst að gæta. Við höfum enn ekki fengið tilboð frá Norrköping en viðræður eru hafnar. Og það er ljóst að ef viljinn er góður er alltaf von um árangur,“ sagði Gísli. - esá

Ragnar samdi við IFK:

## Hannah í stað Ragnars?

**FÓTBOLTI Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær voru viðræður Ragnars Sigurðssonar og IFK Gautaborgar langt komnar og var gengið frá þriggja ára samningi í gær. Ragnar er tvítugur varnar- og miðjumaður sem hefur verið fastamaður í liði Fylkis undanfarin tvö ár. Fylkismenn þurfa því að fylla skarð Ragnars og herma heimildir Fréttablaðsins að þeir hafi mikinn áhuga á David Hannah, skoska varnarmanninum sem lék í Grindavík í sumar. Hann sagði í gær að hann ætti í viðræðum við 2-3 lið í Landsbankadeildinni.** - esá

Patrekur og Konráð:

## Taka ekki við Stjörnunni

**HANDBOLTI** Patrekur Jóhannsson og Konráð Olavsson, leikmenn Stjörnunnar í handknattleik, staðfestu við Fréttablaðið í gær að þeir hafa ekki hug á að taka við þjálfun liðsins til frambúðar. Þeir hafa stýrt æfingum frá því að Magnús Teitsson og Sigurður Bjarnason hættu störfum á sunnudaginn var. „Það var leitað til mín með þetta mál en þjálfun í fullu starfi kemur ekki til greina hjá mér nú,“ sagði Patrekur. - esá

Breiðablik:

## Serbarnir verða áfram

**FÓTBOLTI Breiðablik hefur samið að nýju við serbnesku leikmennina Nenad Zivanovic og Srdjan Gasic. Þeir félagar fóru af landi brott eftir síðasta leik Breiðabliks í sumar en nú hafa þeir báðir samið við félagið að nýju.**

**Zivanovic og Gasic munu koma til liðs við Breiðabliksliðið í æfingaferð liðsins í lok mars á næsta ári.** - dsd

### ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Iceland Express-deild karla:*

ÍR-UMFN 81-86

**Stig ÍR:** Ólafur Sigurðsson 21, Ómar Sævarsson 17, Fannar Helgason 13, Sveinbjörn Claessen 10, Eiríkur Önundarson 8, Steinar Arason 7.

**Stig Njarðvíkur:** Friðrik Stefánsson 24, Jeb Ivey 23, Brenton Birmingham 21, Guðmundur Jónsson 6, Egill Jónasson 5, Jóhann Ólafsson 5.

KEFLAVÍK-SKALLAGRÍMUR 87-84

**Stig Keflavíkur:** Jermain Williams 25, Magnús Gunnarsson 22, Gunnar Einarsson 18, Sigurður Þorsteinsson 8, Arnar Jónsson 5, Sverrir Sverris. 4.

**Stig Skallagríms:** Jovan Zdravevski 27, Darryl Flake 22, Pétur Sigurðsson 13, Dimitar Karadowski 11, Axel Kárason 4, Hafþór Gunnarsson 4, Pálmi Sævarsson 2, Sveinn Blöndal 1.

FJÖLNIR-GRINDAVÍK 75-83
HAUKAR-TINDASTÓLL 89-88

***Vegna bilunar í prentsmiðju reyndist ekki unnt að vera með umfjöllun um leiki kvöldsins í körfuboltanum.***

*Evrópukeppni kvenna:*

ARSENAL-BREIÐABLIK 4-1
Laufey Björnsdóttir skoraði fyrir Blika.

Notaðir bílar. Fislétt kaup - aðeins 10% útborgun.
Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.*
Aðeins í dag. Komdu strax.

# Fislétt kaup

## Þig vantar bíl. Núna
## Aðeins 48 bílar. Í dag
## Komdu strax

**Opið frá kl. 9-18**

**Tökum notaðan uppí notaðan**

NATURALIS

### Fislétt bílakaup - afborgun undir 15.000 kr. á mánuði




Daewoo Lanos 1,6 sjálfsk. skrd. 02/2003 ek: 39.000 km.
~~Verð 720.000 kr.~~ Tilboðsverð 590.000 kr. Útborgun 59.000 kr.
8.286 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PR-226.




Hyundai Accent 1,3 beinsk. skrd. 10/1998 ek: 150.000 km.
~~Verð 390.000 kr.~~ Tilboðsverð 250.000 kr. Útborgun 25.000 kr.
9.425 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. EH-942.




Nissan Micra 1,2 beinsk. skrd. 04/2003 ek: 49.000 km.
~~Verð 1.070.000 kr.~~ Tilboðsverð 799.000 kr. Útborgun 79.900 kr.
14.601 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. PG-641.




Ford Mondeo Ghia 2,0 beinsk. skrd. 10/1999 ek: 122.000 km.
~~Verð 790.000 kr.~~ Tilboðsverð 490.000 kr. Útborgun 49.000 kr.
14.980 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. PR-142.

### Fislétt bílakaup - afborgun 15.000 - 20.000 kr. á mánuði




Ford Fiesta Trend 1,6 beinsk. skrd. 07/2005 ek: 25.000 km.
~~Verð 1.390.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.280.000 kr. Útborgun 128.000 kr.
17.926 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. AD-964.




Citroën Picasso Exclusive 2,0 sjálfsk. skrd. 07/2003 ek: 65.000 km.
~~Verð 1.490.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.290.000 kr. Útborgun 129.000 kr.
18.114 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. AO-548.




Ford Focus Trend 1,6 beinsk. skrd. 04/2003 ek: 79.000 km.
~~Verð 1.220.000 kr.~~ Tilboðsverð 990.000 kr. Útborgun 99.000 kr.
18.225 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. UI-904.




Toyota Avensis 1,6 beinsk. skrd. 02/1998 ek: 179.000 km.
~~Verð 580.000 kr.~~ Tilboðsverð 450.000 kr. Útborgun 45.000 kr.
19.466 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. AN-074.

### Fislétt bílakaup - afborgun 20.000 - 25.000 kr. á mánuði




Nissan Micra Visia 1,2 sjálfsk. skrd. 08/2005 ek: 10.000 km.
~~Verð 1.640.000~~ kr. Tilboðsverð 1.490.000 kr. Útborgun 149.000 kr.
20.920 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. VY-135.




Chevrolet Lacetti 1,8 sjálfsk. skrd. 04/2005 ek: 17.000 km.
~~Verð 1.720.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.490.000 kr. Útborgun 149.000 kr.
20.920 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. TI-723.




Toyota Rav4 1,8 beinsk. skrd. 05/2002 ek: 68.000 km.
~~Verð 1.350.000~~ kr. Tilboðsverð 1.250.000 kr. Útborgun 125.000 kr.
21.252 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 66 mánuði. OU-104.




Land Rover Freelander XEI 1,8 beinsk. skrd. 04/2000 ek: 85.000 km.
~~Verð 1.130.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.020.000 kr. Útborgun 102.000 kr.
24.440 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. PJ-510.

### Fislétt bílakaup - afborgun yfir 25.000 kr. á mánuði




Ford Mondeo Ghia 2,0 sjálfsk. skrd. 01/2004 ek: 28.000 km.
~~Verð 2.180.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.890.000 kr. Útborgun 189.000 kr.
26.539 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. NG-087.




Isuzu Trooper 3,0 beinsk. skrd. 08/1999 ek: 153.000 km.
~~Verð 1.250.000~~ kr. Tilboðsverð 990.000 kr. Útborgun 99.000 kr.
30.264 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. DY-937.




Hyundai Starex 2,4 beinsk. skrd. 01/1999 ek: 135.000 km.
~~Verð 1.180.000~~ kr. Tilboðsverð 990.000 kr. Útborgun 99.000 kr.
30.264 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. JX-889.




Volvo S60 2,0 T sjálfsk. skrd. 02/2004 ek: 33.000 km.
~~Verð 3.090.000~~ kr. Tilboðsverð 2.850.000 kr. Útborgun 285.000 kr.
40.025 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. KY-960.

**Þig vantar bíl. Komdu núna. Kíktu á netið.**
**Fislétt kaup. Aðeins í dag.**

Aflaðu þér frekari upplýsinga
www.brimborg.is

Taktubíl

brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 25 ára og er fasteignaeigandi. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki Lýsingar hf.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is

## > Nancy Cartwright



Flestir þekkja þessa leikkonu ekki í sjón en hvert mannsbarn þekkir rödd hennar en frá 1989 hefur Nancy Cartwright talað fyrir engan annan en Bart Simpson í The Simpsons sem sýndir eru á Stöð 2 í kvöld. Nancy er fædd árið 1957 í smábænum Kettering, Ohio og á tvö uppkomin börn. Nancy er í Vísindakirkjunni sem Tom Cruise hefur dásamað mjög að undanförnu.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON FÉKK BLAUTA TUSKU FRAMAN Í SIG

# *Er lífið fótbolti?*

Ég á bágt með að trúa tröllasögunum um að RÚV hafi tryggt sér réttinn á útsendingum frá Evrópumótinu í knattspyrnu árið 2008 með yfirboði sem nemur allt að 100 milljónum og eru sóttar beint í vasa skattgreiðenda og skylduáskrifenda.

Eina raunverulega réttlætingin á sjónvarpsrekstri ríkisins er sá vörður sem batteríið á að standa um íslenska menningu. Samkvæmt frumvarpinu á RÚV að veita 150 milljónum á ári til framleiðslu innlends dagskrárefnis og sú upphæð ætti með réttu að hlaupa á milljörðum ef eitthvert samræmi væri í verðmætamati RÚV sem er tilbúið að greiða 100 milljónir fyrir hálfan mánuð af boltasparki.

Þar fyrir utan eru boltakaupin enn eitt dæmið um hversu kolbrjáluð samkeppnisstaðan er á íslenskum sjónvarpsmarkaði þar sem RÚV hefur geggjað forskot á frjálsu stöðvarnar, djöflast samt á þröngum auglýsingamarkaði og skekkir alla heilbrigða samkeppni með nánast ótakmörkuðum aðgangi að almannafé. Þetta er ekki ósvipað því að taka þátt í sundkeppni og andstæðingurinn er lagður af stað og kominn út í miðja laug áður en maður sjálfur er kominn í sundskýluna, svo maður noti líkingamál sem ætti að skiljast bæði í Efstaleiti og menntamálaráðuneytinu. Maður gæti svo sem alveg farið í gamlar skotgrafir og býsnast yfir því að það þyki sjálfsagt að puðra 100 milljónum af almannafé til að þjóna háværum og frekum minnihlutahópi. En það er bara svo margt, margt annað sem er móðgun við heilbrigða skynsemi í þessu máli og menn myndu sennilega ekki leyfa sér nema vera í fullvissu um að íslenskur almenningur láti bjóða sér hvað sem er. Undarlegast er vitaskuld að sjálfur Páll Magnússon, sem áður hélt ófáar og innblásnar ræður um brenglaða samkeppnisstöðu þegar hann var hinum megin við borðið, skuli vera svo djarfur að verja nú þessi bolabrögð með kjafti og klóm.



**PÁLL MAGNÚSSON** Útvarpsstjóri skipti um lið og málstað.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.35** Kastljós SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30** Freddie STÖÐ 2



▶ **21.50** Law & Order: Criminal Intent SKJÁREINN



▶ **22.15** South Park SIRKUS



▶ **22.00** The Edge STÖÐ2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Snillingarnir** (6:18)
**18.30 Ungar ofurhetjur (26:26)** (Teen Titans II)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
▶**19.35 Kastljós**
**20.10 Stúlknasveitin** (The Cheetah Girls) Bandarísk gaman- og söngvamynd um fjórar unglingsstúlkur sem ætla að leggja heiminn að fótum sér með tónlist sinni. Leikstjóri er Oz Scott og meðal leikenda eru Raven, Adrienne Bailon, Kiely Williams, Sabrina Bryan og Lynn Whitfield.
**21.45 Álfamyndir** (Photographing Fairies) Bresk bíómynd frá 1997. Ljósmyndari sem syrgir konu sína fær í hendur myndir sem sagðar eru af huldufólki. Við eftirgrennslan sína kemur hann í friðsælt þorp sem lumar á ýmsum leyndarmálum. Leikstjóri er Nick Willing og meðal leikenda eru Toby Stephens, Emily Woof, Ben Kingsley og Frances Barber.
**23.30 Mjólkurpósturinn** (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára. e)
**0.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Spy Kids 2: The Island of Lost Dreams**
**8.00 Another Pretty Face**
**10.00 Airheads**
**12.00 Full Court Miracle**
**14.00 Spy Kids 2: The Island of Lost Dreams**
**16.00 Another Pretty Face**
**18.00 Airheads**
**20.00 Full Court Miracle** Leyfð öllum aldurshópum.
**22.00 The Edge** (Á bláþræði) Bönnuð börnum.
**0.00 Nine Lives** (Stranglega bönnuð börnum)
**2.00 The Skulls 3** (Bönnuð börnum)
**4.00 The Edge** (Bönnuð börnum)

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið**
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Í fínu formi 2005**
**9.35 Oprah** (111:145)
**10.20 The Comeback** (3:13)
**10.50 Það var lagið**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours**
**13.05 Í fínu formi 2005**
**13.20 My Sweet Fat Valentina**
**14.05 My Sweet Fat Valentina**
**14.50 Extreme Makeover: Home Edition** (13:25)
**15.35 Tónlist**
**16.00 Skrímslaspilið**
**16.20 Scooby Doo**
**16.40 Engie Benjy**
**16.50 Véla Villi**
**17.05 Engie Benjy**
**17.15 Simpsons**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Neighbours**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**20.05 The Simpsons - NÝTT (18:22)**
▶**20.30 Freddie (5:22)** (War Of The Rose)
**20.55 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous** (Ungfrú leynilögregla 2: Vopnuð og æðisleg) Bráðfjörug gamanmynd með Söndru Bullock þar sem hún snýr aftur í hlutverki lögreglukonunnar fögru sem í fyrstu myndinni fór huldu höfði og tók þátt í fegurðarsamkeppni til að leysa glæpamál. Að þessu sinni rannsakar hún rán á ungfrú Bandaríkjunum og þarf enn og aftur að fara í dulargervi með kostulegum afleiðingum. Leyfð öllum aldurshópum.
**22.55 Balls of Steel (5:7)** (Fífldirfska) Ótrúlega frískir og fjörlegir skemmtiþættir þar sem allt gengur út á fífldirfskuna. Bönnuð börnum.
**23.35 People I Know** (Bönnuð börnum)
**1.15 Greenfingers**
**2.45 Cradle 2 the Grave** (Stranglega bönnuð börnum)
**4.25 Freddie** (5:22)
**4.50 The Simpsons** - NÝTT (18:22)
**5.10 Fréttir og Ísland í dag**
**6.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö** (e)
**8.00 Dr. Phil** (e)
**8.45 Sigtið** (e)
**15.00 The King of Queens** (e)
**15.30 Queer Eye for the Straight Guy** (e)
**16.20 Beverly Hills 90210**
**17.05 Dr. Phil**
**18.00 6 til sjö**
**19.00 Melrose Place**
**19.45 Gegndrepa - NÝTT! (e)** Ný, íslensk þáttaröð þar sem 20 einstaklingar berjast til síðasta manns vopnaðir vatnsbyssum og blöðrum. Sá sem stendur einn eftir vinnur hálfa milljón króna. Þessi skemmtilegi leikur byggir á vinsælum netleik.
**20.10 Trailer Park Boys**
**20.35 Parental Control** Stefnumótaþáttur með skemmtilegri fléttu. Niki er 18 ára og kærastinn hennar er atvinnulaus en langar að verða módel. Foreldrum hennar líkar ekki allskostar við Jamie svo þau koma henni á tvö stefnumót. Pabbinn velur Chris athafnaskáld að eigin sögn og mamman velur Sean sem var að klára skólann og er á góðri leið í lífinu.
**21.00 The Biggest Loser** Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna.
▶**21.50 Law & Order: Criminal Intent**
**22.40 Masters of Horror** Hárin munu rísa á föstudagskvöldum í vetur. Masters of Horror er ný þáttaröð þar sem sýndar verða 13 nýjar hrollvekjur frá þekktum leikstjórum. Stranglega bannað börnum.
**23.30 C.S.I: Miami** (e)
**0.20 Conviction** (e)
**1.10 C.S.I: New York** (e)
**2.00 Beverly Hills 90210** (e)
**2.45 Melrose Place** (e)
**3.30 Tvöfaldur Jay Leno** (e)
**5.00 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SIRKUS TV

**18.00 Entertainment Tonight** (e)
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Rock School 1 (e)** Hinn skrautlegi Gene Simmons úr hljómsveitinni Kiss tekst á við eitt erfiðasta verkefni sitt til þessa í sjónvarpsþáttunum Rock School.
**20.00 Wildfire** Leyfð öllum aldurshópum.
**20.45 8th and Ocean (e)**
**21.15 The Newlyweds (e)** Þriðja serían af hjónakornunum fyrrverandi og sambandi þeirra. Í þessum þáttum fylgjumst við með poppsöngkonunni Jessicu Simpson og þáverandi eiginmanni hennar Nick Lachey út í gegn.
**21.45 Blowin/ Up (e)** Grínistinn Jamie Kennedy og félagi hans Stu Stone eru ákveðnir í að reyna fyrir sér í tónlistarbransanum sem rapparar.
▶**22.15 South Park (e)** Þeir eru komnir aftur á skjáinn. 8. serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lífið í South Park.
**22.45 Chappelle/s Show (e)** Grínþættir sem hafa gert allt vitlaust í Bandaríkjunum. Grínistinn Dave Chappelle lætur allt flakka í þessum þáttum og er engum hlíft.
**23.15 Sirkus Rvk** (e)
**23.45 X-Files** (e)
**0.30 Hell´s Kitchen** (e)
**1.15 Entertainment Tonight** (e)
**1.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt”** (e)
**14.00 Middlesbrough - Everton** (e) Frá 14.10
**16.00 Liverpool - Blackburn** (e) Frá 14.10
**18.00 Upphitun**
**18.30 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt”** (e)
**19.30 Arsenal - Watford** (e) Frá 14.10
**21.30 Upphitun** (e)
**22.00 Aston Villa - Tottenham** (e) Frá 14.10
**0.00 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.55

### MISS CONGENIALITY 2: ARMED AND FABULOUS



Aðalbíómynd kvöldsins á Stöð 2 er Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous.
Hér er á ferð framhald gamanmyndarinnar vinsælu Miss Congeniality þar sem Sandra Bullock snýr aftur í hlutverki lögreglukonunnar fögru sem í fyrstu myndinni fór huldu höfði og tók þátt í fegurðarsamkeppni til að leysa glæpamál.
Að þessu sinni er hún fengin til þess að rannsaka rán á ungfrú Bandaríkjunum og þarf enn og aftur að fara í dulargervi fegurðardrottningar með kostulegum afleiðingum.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

### THE CALCIUM KID RÚV KL. 23.30

Það er enginn annar hjartaknúsarinn Orlando Bloom (Pirates Of The Caribbean) sem leikur mjólkurpóstinn Jimmy sem stundar hnefaleika í frístundum sínum. Fyrir undarlega tilviljun lendir hann í því að þurfa að berjast við heimsmeistara í heimabæ sínum. Myndin er bresk frá árinu 2004 og í öðrum hlutverkum er Michael Lerner og Michael Pena. Myndin hefur fengið afburðagóða dóma hvar sem að hún hefur verið sýnd og er enn ein rósin í hnappagat Orlandos. Leikstjóri myndarinnar er Alex Da Rakoff.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir 06.50 Bæn Séra Sigríður Kristín Helgadóttir flytur. 07.00 Fréttir 07.05 Morgunvaktin Fréttir og fróðleikur. 08.00 Fréttir 09.00 Fréttir 09.05 Óskastundin Óskalagaþáttur hlustenda 09.50 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Sagnaslóð 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.03 Hádegisútvarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar 13.00 Vítt og breitt 14.00 Fréttir 14.03 Útvarpssagan: Bréf til Brands 14.30 Miðdegistónar eftir Antonio Salieri, Adam Fischer stjórnar. 15.00 Fréttir 15.03 Flakk Umsjón: Lísa Pálsdóttir. (Aftur á morgun) 16.00 Fréttir 16.10 Veðurfregnir 16.13 Hlaupanótan Þáttur um tónlist. (www.ruv.is/hlaupanotan) 17.00 Fréttir 17.03 Víðsjá.
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.25 Spegillinn
Fréttatengt efni.
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Lög unga fólksins
19.30 Í dag er ég stjarna, að ári verð ég svarthol
20.10 Síðdegi skógarpúkanna
21.05 Út um víðan völl: Dresden
21.55 Orð kvöldsins
22.00 Fréttir
22.10 Veðurfregnir
22.15 Litla flugan
23.00 Kvöldgestir
00.00 Fréttir
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**18.30 US PGA í nærmynd** (US PGA 2006 - Inside the PGA Tour) Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt. Hér fáum við nærmynd af fremstu kylfingum heims og fáum góð ráð til að bæta leik okkar á golfvellinum.

**18.55 Gillette Sportpakkinn** (Gillette World Sport 2006) Íþróttir í lofti, láði og legi. Magnaður þáttur þar sem allar íþróttir eru teknar fyrir.

**19.25 Spænski boltinn - upphitun** (La Liga Report) Upphitun fyrir alla leikina í spænska boltanum sem fram fara um helgina. Hvaða lið mætast, hvernig hafa síðustu viðureignir þeirra farið, viðtöl við leikmenn, þjálfara og áhorfendur.

**19.50 HM í Súpercross GP** (Texas Stadium) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. Hér eru vélhjólakappar á öflugum tryllitækjum (250rsm) í aðalhlutverkum. Keppt er víðsvegar um Bandaríkin og tvisvar á keppnistímabilinu bregða vélhjólakapparnir sér til Evrópu.

**20.45 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur** (Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur 06/07) Allt það helsta úr Meistaradeildinni. Fréttir af leikmönnum, liðum auk þess sem farið er í gegnum mörkin, helstu tilþrifin í síðustu umferð.

**21.15 KF Nörd (8:15)** (KF Nörd) Þættirnir um íslensku nördana í Knattspyrnufélaginu Nörd hafa slegið í gegn. Strákarnir æfðu af krafti í allt sumar undir handleiðslu Loga Ólafssonar fyrrum landsliðsþjálfara karla og kvenna til þess að geta staðist Íslandsmeisturum FH snúning á Laugardalsvelli.

**22.00 Heimsmótaröðin í Póker** (Foxwoods World Poker Finals)

**23.30 Pro bull riding**

## DR 1

**12.00** Navnet er Bean **12.20** Teenagetesten **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawsons Creek **14.00** Boogie Listen **15.00** Braceface **15.20** Julie **15.50** F for Får 16.00 Hunni*show **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** aHA! **19.00** TV Avisen **19.30** Finding Forrester **21.40** Tanken om hævn **23.10** Boogie Listen 0.10 **Planet X**

## NRK 1

**12.15** Creature Comforts: hvordan har vi det? **12.25** VM turn Århus 2006 **15.05** Livet med Larkins **16.00** Jubalong **16.30** Johnny og Johanna **17.00** L¢rdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Melonas **18.20** Kjempesjansen **19.15** Med hjartet på rette staden **20.00** L¢vebakken **20.25** Nils og Ronny delvis uten grenser **21.10** Kveldsnytt **21.30** 28 Dager **23.10** VM turn Århus 2006

## SVT 1

**12.35** Fem minuter om tv **13.00** Uppdrag Granskning **14.00** Hem till byn **15.00** Doobidoo **16.00** Emil i Lönneberga **16.25** Disneydags **17.00** En ö i havet **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Välkommen på 50-årsfest 20.00 Brottskod: Försvunnen **20.45** Eldblommor **21.45** Rapport 21.50 Diner **23.40** Sändning från SVT24




## HRÓSIÐ ...



*...fær Tómas Óskar Guðjónsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, og samstarfsfólk hans fyrir að taka upp á arma sína villt dýr sem lent hafa í hremmingum.*

# Good Morning America beint frá Jökulsárlóni

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins dveljast útsendarar frá hinum feikivinsæla morgunþætti ABC-sjónvarpsstöðvarinnar, Good Morning America, hér á landi þessa dagana í því skyni að undirbúa beina útsendingu frá Jökulsárlóni sem fara mun fram í nóvember. Útsendingin frá Íslandi verður liður í vikulöngu ferðalagi þáttarins, en hann mun verða sendur út frá sex öðrum löndum í sömu viku. Á Íslandi ætla þáttastjórnendur að fjalla um gróðurhúsaáhrifin og hnattræna hitun.

Tökuliðið sem statt er hér um þessar mundir sér um rannsóknarvinnu fyrir þáttinn, en þeirra á meðal er Morgan Zalkin sem hefur yfirumsjón með framleiðslu sérstakra innslaga fyrir Good Morning America. Það verður hins vegar væntanlega Sam Champion, veðurfræðingur þáttarins, sem verður aðalandlitið í beinu útsendingunni í nóvember.

Heimildir Fréttablaðsins herma að tökuliðið frá Good Morning America hafi varið miðvikudeginum í viðræður við íslenska vísindamenn. Um kvöldið skelltu þau sér hins vegar í draugagöngu um miðbæinn, en þær virðast njóta mikilla vinsælda. Áhugi Jónasar Freydal Þorsteinssonar, umsjónarmanns göngunnar, á umhverfismálum virtist vekja athygli tökuliðsins, en í göngunum les hann meðal annars ákall frá álfum þess efnis að landið sé varðveitt. Tökuliðið ku þó hafa verið á höttunum eftir skemmtilegu efni til að krydda útsendinguna með, og alls óvíst hvort efni úr draugagöngunni yrði notað.

Good Morning America hefur áður verið með beina útsendingu frá Íslandi, en fyrir níu árum var þátturinn sendur út frá Austurvelli og Bláa lóninu. Um fimm milljónir manna horfa á þáttinn á degi hverjum og er því um umtalsverða landkynningu að ræða. Hvort hún verður góð eða slæm er þó enn óljóst.

-sun



**KYNNAR GOOD MORNING AMERICA** Þær Robin Roberts og Diane Sawyer eru nú aðalkynnar, en Charles Gibson og Tony Perkins hafa snúið sér að öðru. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT** **2** hvetja **6** hætta **8** arr **9** fugl **11** ónefndur **12** tvö **14** þíða **16** karlkyn **17** hár **18** for **20** bor **21** fimur.

**LÓÐRÉTT** **1** löngun **3** í röð **4** framleiðsla **5** beita **7** aðgætinn **10** gogg **13** spil **15** heila **16** kóf **19** slá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** örva, **6** vá, **8** sig, **9** örn, **11** nn, **12** tvenn, **14** afísa, **16** kk, **17** ull, **18** aur, **20** al, **21** frár.

**LÓÐRÉTT:** **1** hvöt, **3** rs, **4** vinnsla, **5** agn, **7** árvakur, **10** nef, **13** níu, **15** alla, **16** kaf, **19** rá.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

svör við spurningum á bls. 8

1. Chelsea vann, 1-0.
2. Coast guard.
3. Sólveig Pálsdóttir.

## Leiðrétting

Mistök voru gerð í frétt um ráðningu Brynju Gunnarsdóttur til Landsbankans í blaðinu í gær. Í myndatexta við fréttina var gefið í skyn að hún yrði Björgólfi Guðmundssyni sérstaklega innan handar en það er ekki rétt og er beðist velvirðingar á þeim mistökum.

HARRISON FORD: ENN OG AFTUR STADDUR Á ÍSLANDI

# Borðaði indverskan mat og drakk viskí á Dillon

Hollywood-stjarnan Harrison Ford er mætt til landsins og gerði leikarinn allt brjálað á Nasa á fyrsta kvöldi Iceland Airwaves-tónlistarhátíðarinnar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kvisaðist fljótlega út meðal gesta á staðnum að Ford væri á staðnum og voru kvenkyns aðdáendur leikarans ekki lengi að þefa hann uppi þar sem hann stóð í mestu makindum. „Hann var heitur og konurnar svifu í kringum hann,“ sagði einn sjónarvottur en Ford reyndi að láta þessa athygli kvenþjóðarinnar ekki angra sig. Ekki liggur fyrir af hverju Ford er á landinu en líklegast þykir að hann hafi ákveðið að staldra hér við þegar fyllt var á flugvél hans á leið vestur um haf.

Að sögn Eldars Ástþórssonar, framkvæmdastjóra Iceland Airwaves-hátíðarinnar, varð Ford sér úti um miða á Airwaves sjálfur og hefur væntanlega gert það á netinu en hann þurfti þó ekki að standa í röð og bíða á Austurvelli með öðrum gestum. „Ég náði nú ekkert að tala mikið við hann, kynnti mig bara fyrir honum og hann sagðist vera ánægður með það sem hann hafði séð,“ segir Eldar. „Honum leist mjög vel á hátíðina og ætlaði að sækja fleiri tónleika,“ segir Eldar sem var að sjálfsögðu hæstánægður með nærveru Fords enda mikil auglýsing fyrir hátíðina. „Það skemmir ekki fyrir að fá einhverjar stórstjörnur hingað,“ sagði framkvæmdastjórinn.

Ford spókaði sig um bæinn í gær og borðaði meðal annars á Austur-Indíafélaginu sem hann heldur mikið upp á en samkvæmt framkvæmdastjóra staðarins, Manoj Kumar, er þetta í fjórða skiptið sem Ford rekur inn nefið. „Hann var mjög kurteis og auðmjúkur,“ segir Kumar. „Aðrir gestir staðarins þekktu hann strax og þjónarnir voru upp með sér yfir komu hans,“ bætir Kumar við og taldi nokkuð víst að Ford væri mikið fyrir kryddaðan mat en framkvæmdastjórinn hefur séð flestar myndir leikarans og horfði síðast á Firewall með honum og Paul Bettany í aðalhlutverkum.

Ford hitaði síðan upp fyrir tónleikana á skemmtistaðnum Dillon og hlustaði þar á góða tónlist og dreypti á fínu viskíi en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins létu gestir staðarins hann alveg í friði og virtust lítið kippa sér upp við að sjálfur Han Solo væri á staðnum.

freyrgigja@frettabladid.is



**HARRISON FORD** Var hæstánægður með ferð sína á Nasa þar sem Iceland Airwaves var haldin en gaf lítið fyrir athygli kvenþjóðarinnar á Nasa. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**ELDAR ÁSTÞÓRSSON** Sáttur við komu Harrison Ford en leikarinn keypti sér bara miða eins og allir aðrir en fékk þó að fara fram fyrir röðina.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Stuðmaðurinn **Jakob Frímann Magnússon** er kominn á fullt í prófkjörsbaráttu Samfylkingar í Kraganum og ætlar að opna aðalskrifstofu sína í Hafnarfirði nú á laugardag – en þangað horfa frambjóðendur nú enda helsta vígi Samfylkingarinnar. Auk þess opnar Jakob svo útibú í Hamraborg í Kópavogi sem heitir Átján rauðar rósir. Bræðurnir Morthens, **Tolli** og **Bubbi**, eru einarðir stuðningsmenn Stuðmannsins – Tolli lær Jakobi vinnustofu sína undir kosningafund og Bubbi treður upp á fundum. Jakob seilist djúpt í rætur jafnaðarstefnunnar eftir stuðningi og hefur nælt í tvær kratarósir til að stýra baráttunni. Rit- og vefstjóri kosningabaráttunnar er Kolfinna Baldvinsdóttir [Jóns Baldvins] og kosningastjóri er Margrét Hildur Guðmundsdóttir [Árna Stefánssonar].



Hljómsveitin **Ég** vakti mikla athygli á síðasta ári og var meðal annars tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Hljómsveitinni var hins vegar ekki boðið að spila á Airwaves-hátíðinni og því hafa félagarnir ákveðið að efna til tónleika á Barnum í kvöld klukkan ellefu en sá óvenjulegi háttur verður hafður á að hljómsveitin ætlar að borga gestum í beinhörðum íslenskum peningum fyrir að koma. Ekki var hægt að fá uppgefið hver sú fjárhæð yrði en söngvari sveitarinnar, Róbert Hjálmtýsson, lofaði að þetta yrðu engir Matador-peningar.

-jbg/fgg




# Laminn á Laugaveginum

Hinn geðþekki fréttamaður hjá NFS og Stöð 2, Kristinn Hrafnsson, lenti í heldur óskemmtilegri lífsreynslu um helgina. Maður réðst að honum þar sem hann var í mestu makindum að spóka sig á Laugaveginum að næturlagi og sló til hans með þeim afleiðingum að Kristinn slasaðist í andliti.

„Engin gjörgæsla samt,“ sagði Kristinn sem vildi lítið tjá sig um málið. Kristinn kvaðst ekki vita af hverju maðurinn hefði ráðist svona að sér, þetta hefði ekki tengst vinnu hans sem fréttamaður og hann kunni engin deili á manninum, um tilhæfulausa árás hefði verið að ræða.

Kristinn hefur kært árásina til lögreglunnar í Reykjavík en var ekki bjartsýnn á að maðurinn myndi nokkurn tímann finnast. „Eins og dæmin sanna,“ bætir hann við. Ofbeldið í miðborginni hefur verið töluvert til umræðu í þjóðfélaginu og virðist enginn óhultur fyrir misindismönnum sem láta hnefana oftar en ekki tala með fyrrgreindum afleiðingum. Sjónvarpsáhorfendur mega þó eiga von á Kristni á skjáinn innan tíðar.

-fgg



**VERÐLAUNABLAÐAMAÐUR** Kristinn hefur lengi starfað í blaða- og fréttamennsku. Hann fékk blaðamannaverðlaunin í fyrra.



**KRISTINN HRAFNSSON** Gerir sér ekki miklar vonir um að maðurinn sem réðst á hann á Laugavegi um síðustu helgi finnist.

Solarmegin



BYGGÐ Á METSÖLUBÓK ARNALDAR INDRIÐASONAR
MÝRIN ER EIN BESTA MYND, EF EKKI SÚ ALBESTA SEM GERÐ HEFUR VERIÐ Á ÍSLANDI. EF ÞETTA ER EKKI MYNDIN SEM SKILAR ÍSLENSKRI MYND ÓSKAR ÞÁ VEIT ÉG EKKI HVAÐ ÞARF TIL.
DAVÍÐ ÖRN JÓNSSON KVIKMYNDIR.COM
„Varðveit líf mitt fyrir ógnum óvinarins"
MÝRIN
KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK
BIÐIN ER Á ENDA!
FRUMSÝND UM LAND ALLT Í DAG
ICELANDIC Film Centre
olís
FRÉTTABLAÐIÐ
GLITNIR
SMÁRABÍÓ
REGNBOGINN
Borgarbíó
Háskólabíó
SELFOSS BÍÓ
KEFLAVÍK SAMBÍÓIN
20% AFSLÁTTUR FYRIR VIÐSKIPTAVINI Í GULLVILD OG PLATÍNUM GLITNIS, EF GREITT ER MEÐ GREIÐSLUKORTI FRÁ GLITNI

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**
**ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTUR**

## *Fjarskyldi frændinn í Helsinki*

Ég átti erindi til Helsinki um síðustu helgi. Fyrir mér var Finnland land múmínálfa, Marimekko og Finlandia þannig að ég vissi ekki alveg við hverju var að búast. Í Helsinki er einhver sjarmerandi rússneskur fílingur í gangi. Íbúarnir eru þöglir – og virka nánast þungir – og áfengisneyslan rímar á köflum við það sem við hér heima köllum næturlíf. Á karókíbörum sameinast allar kynslóðir og bíða í röðum eftir því að fá að syngja þekkta erlenda slagara, sem undantekningarlaust eru með finnskum textum. Karókí virðist dauðans alvara í Finnlandi og menn nálgast karókí af auðmýkt svo að minnir á hugmyndafræði Japana, en japanskir viðskiptajöfrar álíta það beinlínis ruddalegt að slengja samningi á borðið hafi menn ekki fyrst sungið saman á karókíbar.

**SÖNGURINN** í Helsinki birtist aðkomumanninum sem tjáningarleið fyrir þjóð sem talar lítið. Á börum sitja karlmenn saman að sumbli en kvöldið líður án þess að nokkur segi orð. Þá fara menn heim og kyssa konurnar sínar.

**FYRIR** femínista er það sömuleiðis ákveðin upplifun að fara í kvennasundlaugar í Helsinki þar sem konur synda naktar. Eftir ferð í berrössuðu lauginni er ég á því að það sé hollt fyrir konur að synda berar og skynja að megrunarraus tískublaða hefur í raun lítil áhrif á vöxt venjulegra kvenna. Allar erum við eins af guði gerðar. Rúsínan í pylsuendanum er svo auðvitað sú staðreynd að bjór er afgreiddur í lauginni.

**FINNUM** virðist þykja sopinn nokkuð góður en engu að síður er ákveðin reisn yfir fólki í glasi – þó að undantekningar séu vissulega á því – og meira að segja rónarnir eru hoknir af menntun og tala ekki minna en sex tungumál. Daginn eftir drykkju fara vinir svo naktir saman í gufubað, gera upp sakir og svitna timburmennina úr sér. Þannig var víst stjórnmálasamband Finnlands og Sovétríkjanna í 30 ár – á tíunda bjór í saununni var ákveðið að ráðast ekki inn í Finnland. Kannski að heimurinn væri friðsamlegri ef Bush og Blair færu berrassaðir í gufu með fjandmönnum sínum?

**JAFNVEL** þó að tengsl okkar Íslendinga við Finna séu minni en við aðrar frændþjóðir er það bjargföst trú mín að í Helsinki sé fundinn fjarskyldi frændinn sem manni líkar alltaf best við í fjölskylduboðunum. Og það er full ástæða til að mæla með þessari sjarmerandi borg.







